

20-21

28-29

32

Miklu meira
en samkoma
gallharðra hestaáhugamanna

Lykilatriði að
bændur og
ráðunautar
séu samstíga

Þrjónavélarnar
hjá Víkurþrjóni
keyrðar 12 tíma á dag

Bændablaðið

7. tölublað 2014 ● Fimmtudagur 3. apríl ● Blað nr. 416 ● 20. árg. ● Upplag 31.000



Jón Þorsteinsson hjá Sláturfélagi Suðurlands var á laugardaginn krýndur kjötmeistari Íslands árið 2014 í fagkeppni Meistarafélags kjötiðnaðarmanna sem fram fór í síðustu viku. Jón fékk fjölda verðlauna fyrir vörur sínar. Þar stóð þar upp úr vara sem þótti einstök og hann kallar Salami Camemberti. Þetta þótti líka vera besta nýja varan, athyglisverðasta nýjungin og besta varan sem framleidd er úr hrossa- eða folaldakjöti. Salami Camemberti er skemmtilega frágengin í öskju sem sjá má fremst á bakkanum á myndinni. – Sjá umfjöllun um keppnina á bls 23–24. Mynd / HKr.

Allt of mörg sláturhús í landinu

– sagði Ágúst Andrésson, formaður Landssamtaka sláturleyfishafa, á Fagþingi kúabænda

Stórgripasláturhús eru allt of mörg á landinu, en nautgripum er sláturhús í nýu sláturhúsum í dag. Nægjanlegt væri að þau væru tvö til þrjú en auk þessu gætu minni sláturhús verið starfandi. Hægt væri að anna miklu meiri sláturhús og úrvinnslu án nokkurra breytinga á þeirri aðstöðu sem fyrir er í ýmsum sláturhúsum.

Þetta kom fram í máli Ágústs Andréssonar, formanns Landssamtaka sláturleyfishafa og forstöðumanns Kjötafurðastöðvar KS, á Fagþingi nautgripaæktarinnar sem haldið var í tengslum við aðalfund Landssamtaka kúabænda 27. mars síðastliðinn. Sláturhús á stórgripum er mjög óhagkvæm hér á landi sökum þess hversu mörg sláturhús eru. Fyrirmyndin að fækkun þeirra er til, enda voru hér á landi 27 sauðfjárláturhús fyrir aldarfjórðungi. Í dag eru þau átta talsins og hafa öll náð upp tiltölulega góðri tækni og úrvinnslu á hliðarafurðum. Það hefur skapað grundvöll til þess að hægt sé að



Ágúst Andrésson.

Mynd / HKr.

hækka verð til sauðfjárbænda. Þetta þarf að gerast í nautakjötinu líka, sagði Ágúst.

Þurfum að fullnýta afurðir

Í máli Ágústs kom fram að Íslendingar ættu mikið inni í nýtingu á svokölluðum hliðarafurðum.



Fjöldmenn var á Fagþingi kúabænda sem haldið var á Hótel Sögu í síðustu viku.

Mynd / HKr.

Meðal slíkra afurða eru lappir, hausar, eyru, halar, sinar, brjósk og innmatar. Vegna þess hversu lítil hluti sláturhúsi fer fram í hverju sláturhúsi er einfaldlega of dýrt að fjárfesta í öllum þeim búnaði sem til þarf svo hægt sé að fullnýta allar hliðarafurðir. Í krafti stærðar væri hægt að nýta þessar afurðir að fullu.

Alls gaf sláturhús nautgripa af sér 4.020 tonn af kjöti á síðasta ári, í nýu sláturhúsum. Á sama tíma var innflutningur 266 tonn af beinlausu kjöti en innflutningur er nú án tollkvóta. Talsverður skortur hefur verið á innlendu nautakjöti undanfarin ár en eftirspurn hefur aukist verulega.

Ætti að horfa út fyrir landsteinana

Þó að talsvert sé í land að hægt sé að uppfylla þarfir heimamarkaðarins hér á landi telur að Ágúst að tækifæri séu í að horfa út fyrir landsteinana varðandi nautakjötsframleiðslu. Aukin eftirspurn er eftir nautakjöti á heimsmarkaði og ekki síst eftir hliðarafurðum. Á sama tíma hefur framboð farið minnkandi og því er augljóslega pláss fyrir íslenskt nautakjöt á heimsmarkaði. Mikilvægt er að klára fríverslunarsamninga við lönd eins og Rússland og Bandaríkin og nýta tækifæri sem slíkir samningar hafa í för með sér, til dæmis við Kína.

Ágúst lagði á það áherslu að Íslendingar yrðu að auka framleiðslu sína verulega og hagræða. Það yrði að gera með kynbótum, með bættri fóðrun og fullnýtingu afurða. Ef það tækist væri hægt að anna eftirspurn á innanlandsmarkaði, hefja sókn út fyrir landsteinana og greiða bændum herra verð.

/fr



Ingimundur Sigurpálsson. Mynd / fr

Íslandspóstur vill draga úr dreifingu

Íslandspóstur vill fá að hækka gjaldskrá á bréfaþósti og fækka útburðardögum í sveitum úr fimm í tvo til þrjá. Ef það verður ekki gert mun fyrirtækið áfram verða rekið með tapi, en halli á rekstri þess á síðasta ári nam 119 milljónum króna. Þetta kemur fram í viðtali við Ingimund Sigurpálsson, forstjóra Íslandspósts, hér í blaðinu.

Ingimundur segir jafnframt að gera megi ráð fyrir því að póstaðgreiðslum á landsbyggðinni haldi áfram að fækka, en boðað hefur verið að tveimur pósthúsum á Vestfjörðum verði lokað á þessu ári.

/fr

– Sjá viðtal á bls. 26–27.

Fréttir



Sigurður Loftsson.

Stjórn LK endurkjörin

Stjórn Landssambands kúabænda var öll endurkjörin á aðalfundi sambandsins sem haldinn var 28.-29. mars síðastliðinn.

Formaður er því eftir sem áður Sigurður Loftsson í Steinsholti og aðrir stjórnarmenn Guðný Helga Björnsdóttir á Bessastöðum, Jóhann Nikulásson í Stóru-Hildisey II, Trausti Þórisson á Hofsá og Jóhann Gíslí Jóhannsson á Breiðavaði. /fr

RML með fræðslufundi

Ráðgjafarþjónusta landbúnaðarins (RML) hélt fræðslufund á Kirkjubæjarklaustri í síðustu viku þar sem ráðunauturinn Jóna Þórunn Ragnarsdóttir hélt erindi ásamt Jarle Reiersen frá MS. Framundan eru enn fleiri fræðslufundir þar sem umfjöllunarefnið er fóðrun, efnainnihald í mjólk og beit.

Fundardagskráin er hér að neðan en nánari upplýsingar er hægt að sjá á heimasíðu Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins, rml.is. Þess ber að geta að MS býður upp á kaffiveitingar á fundunum.

Þriðjudaginn 8. apríl kl. 13.30

í húsakynnum MS í Búðardal.

Fimmtudaginn 10. apríl kl.

13.30

í húsakynnum LbhÍ á Hvanneyri

Mánudaginn 14. apríl á

Gauksmýri í Húnaþingi.

Þriðjudaginn 15. apríl á

Löngumýri í Skagafirði.

Samkeppni um höfuðföt

Ullarvinnslan í Þingborg í Flóahreppi efnir nú til samkeppni um flottasta höfuðfat ársins 2014 ætlað fullorðnum. Efnisval og aðferð er frjáls.

Dómnefnd mun í störfum sínum taka tillit til hönnunar, handbragðs, hugmyndaauðgi og menningarlegrar nálgunar. Veitt verða verðlaun fyrir fallegustu höfuðfötin á „Fjör í Flóa“ laugardaginn 31. maí.

„Þingborg vill með þessu bæði kanna og vekja athygli á hinni merkilegu flóru höfuðfata, sem blómstrar ekki síður í köldum löndum tengd trúarbrögðum viðkomandi hóps eða atvinnugrein,“ segir Iðunn Ýr Ásgeirsdóttir, verkefnisstjóri hjá Flóahreppi, sem aðstoðar Þingborgarhópinu við samkeppnina. Hún gefur allar nánari upplýsingar í gegnum netfangið idunn@floahreppur.is

/MHH



Sigurður Ingi Jóhannsson, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra, afhenti Esther Guðjónsdóttur og Jóhanni B. Kormákssyni bænum á Sólheimum viðurkenningu fyrir ræktun á Kola á Fagbingi nautgriparæktarinnar fyrir skömmu. Mynd / HKR.

Fagbing nautgriparæktarinnar:

Koli frá Sólheimum besta naut fætt árið 2006

Koli 06003 frá Sólheimum í Hrunamannahreppi er besta naut árgangsins sem fæddur er árið 2006. Hlutu ræktendur hans, þau Jóhann B. Kormáksson og Esther Guðjónsdóttir bændur á Sólheimum viðurkenningu fyrir ræktun Kola á Fagbingi nautgriparæktarinnar sem haldið var 27. mars síðastliðinn.

Koli var fæddur á Sólheimum 23. febrúar 2006. Faðir Kola er



Koli frá Sólheimum.

Fontur 98027 frá Böðmóðsstöðum í Laugardal en hann var á sínum

tíma valinn besta naut 1998 árgangsins. Móðir Kola er Elsa 226 frá Sólheimum og móðurfaðir er Kaðall 94017 frá Miklagarði í Saurbæ en hann var einnig valinn besta naut síns árgangs, árgangsins 1994. Í ættartölu Kola má finna mörg af bestu nautum landsins, svo sem Þráð frá Stóra-Ármóti, Þistil frá Gunnarsstöðum og Rauð frá Brúnastöðum.

Í umsögn um dætur Kola er sagt

að afurðasemi þeirra sé góð, einkum hvað varðar efnahlutföll. Þær eru stórar og sterkbyggðar, malir vel lagaðar, fremur flatar og fótstaða góð. Þær eru jógurhraustar með vel borin jógur, afar sterkt jógurband og mjög góða jógurfestu, vel lagaða spena og vel staðsetta en fremur stutta og granna. Mjaltir eru í meðallagi og kýrnar skapgóðar, að því er sagt er í Nautaskránni. Koli stendur í 117 í heildarkynbótamati. /fr

Eðlilegt að endurskoða kvótakerfið



„Nú er svo komið að skortur er á mjólk og því er eðlilegt að velta því upp hvort kvótakerfið hafi runnið sitt skeið,“ sagði Sigurður Ingi Jóhannsson, ráðherra landbúnaðarmála, á aðalfundi Landssambands kúabænda. Mynd / HKR.

Þeim fjölgar sífellt sem benda á að kvóti í mjólkurframleiðslu hamli aukinni framleiðslu en nú um stundir er þörf á aukningu. Eðlilegt er að beina sjónum kvóta í mjólk þegar núverandi búvörusamningur rennur út í lok árs 2016. Mjólkurframleiðslan er eini geiri íslensks landbúnaðar sem enn býr við raunverulega

framleiðslustýringu en kvótakerfið var sett á til að hamla offramleiðslu á sínum tíma. Nú er svo komið að skortur er á mjólk og því er eðlilegt að velta því upp hvort kvótakerfið hafi runnið sitt skeið.

Þetta var eitt megininntakið í ræður Sigurðar Inga Jóhannssonar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, sem hann

hélt á aðalfundi Landssambands kúabænda í síðustu viku. Hann lagði þó á það áherslu að hann væri ekki að boða afnám kvótakerfisins með einu pennastriki. Kæmi til breytinga yrðu þær gerðar með aðlögun yfir langan tíma enda hefðu margir bændur fjárfest umtalsvert í kvóta og miðað rekstur sinn við að fyrir það kæmu beingreiðslur frá ríkinu.

Óþarft að ríkið sjái um kvótamarkað?

Sigurður Ingi velti í máli sínu upp þeirri spurningu hvort að núverandi fyrirkomulag með viðskipti greiðslumarks, uppboðsmarkaðir sem teknir voru upp árið 2010, væri hið endilega ákjósanlegasta leiðin sem hægt væri að fara. Hann spurði hvað það væri sem kallaði á að hið opinbera kæmi að viðskiptum með greiðslumark í stað þess að almennur rammi yrði settur um þau

og einkaaðilar hefðu milligöngu um viðskiptin. Hvatti hann bændur til að taka málið til umræðu á sínum vettvangi.

Sigurður Ingi sagði að í sínum huga væri einboðið að leiðin fram á við í mjólkurframleiðslunni byggði á útflutningi. Hann upplýsti að verið væri að setja saman starfshóp sem ætti að undirbúa stefnumótun í mjólkurframleiðslu til framtíðar og sömuleiðis væri búið að skipa samstarfshóp um tollamál á sviði landbúnaðar. Sá hópur á að greina helstu nógildandi samninga um viðskipti með landbúnaðarvörur, greina þau sóknarfæri sem kunna vera til staðar innan þeirra samninga, kanna möguleika á gerð fleiri tvíhliða viðskiptasamninga og gera úttekt á þróun tollverndar á helstu landbúnaðarvörum frá árinu 1995. Stefnt er að því að sá hópur skili niðurstöðu fyrir 1. október næstkomandi. /fr

Lítill eftirspurn eftir greiðslumarki

Verð á greiðslumarki í mjólk er nú 260 krónur líterinn. Þetta kom í ljós við opnun tilboða um kaup og sölu á greiðslumarki í dag, 1. apríl 2014. Verðið nú er 60 krónum lægra en það var á síðasta kvótamarkaði, 1. nóvember síðastliðinn. Einungis tvö gild tilboð um kaup á greiðslumarki bárust.

28 gild tilboð um sölu bárust til

Matvælastofnunar en aðeins tvö gild tilboð um kaup. Greiðslumark sem viðskipti ná til nú nær til 35.000 lítra en óskað var eftir 71.784 lítrum. Greiðslumark sem boðið var til kaups var 1.891.961 lítri. Framboð nú var 182,9 prósent miðað við síðasta markað en eftirspurnin einungis 6,7 prósent af því sem óskað var eftir í síðasta mánuði. /fr

Opnunarhátíð Kraftvéla á Akureyri

12. apríl frá kl. 10:00 - 16:00

Kraftvélar hafa opnað útibú að **Draupnisdötu 6** á Akureyri þar sem við útvegum m.a. varahluti í flestar tegundir vinnuvéla, lyftara og landbúnaðartækja.

Fjöldi nýrra tækja verða á staðnum. Komdu, skoðaðu og reynsluaktu okkar frábæru vélum.



Boðið verður upp á grillaðar pylsur, gos og kaffi.

 **KRAFTVÉLAR**

Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500
Draupnisdötu 6 • 603 Akureyri • Sími 535 3526
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is

 **olis**

 **vörður**

H2 hömun ehf.

Pontus lambamjólk



Góð næring fyrir ungiði er grunnurinn að heilbrigði og vexti. Pontus lambamjólkinn frá Bústólpa hefur fengið frábærar viðtökur. Hér er um þrautreynda úrvalsvöru að ræða sem ætluð er til fóðrunar á lömbum í tilvikum þar sem ær ná ekki að mjólka lömbunum nóg. **Lambamjólk inniheldur öll þau næringarefni sem lömbum eru nauðsynleg og stuðlar þannig að heilbrigði og örum vexti.**

Fæst í 5kg og 25kg pokum.

Söluaðilar:



BÚREKSTRARDEILD
Sími 430 5500 • Fax 430 5501

**Kaupfélag
Steingrímsfjarðar**
Sími 455 3106 • Fax 455 3109



Sími 455 4610 • Fax 455 4611

**Kaupfélag
Vestur Húnavetninga**
455 2320 • Fax 451 2874



FÓÐURBLANDAN
— gæði í hverri gífi —

Egilsstöðum • Sími 570 9860
Hvolsvelli • Sími 570 9850
Selfossi • Sími 570 9840



FÓÐUR OG ÁBURÐUR

Fréttir

Ársfundur Lífeyrissjóðs bænda:

Hrein raunávöxtun árið 2013 var 5,6%

Ársfundur Lífeyrissjóðs bænda (LSB) var haldinn 21. mars. Þar kom fram að hrein eign til greiðslu lífeyris nam 27,3 milljörðum króna í árslok 2013, hækkaði um 1,8 milljarða króna milli ára eða 7,0%.

Hrein eign til greiðslu lífeyris hefur vaxið frá bankahrunsárinu 2008, ekki aðeins miðað við verðlag hvers árs heldur hefur orðið nokkur aukning umfram hækkun verðlags. Ávöxtun á árinu 2013 var 9,6%, sem samsvarar 5,7% raunávöxtun. Hrein raunávöxtun nam 5,6% á árinu 2013, á móti 5,5% árið 2012.

Ávöxtun síðustu fjögurra ára er 4,5% að meðaltali, sem er talsvert umfram það viðmið sem stuðst er við í tryggingafræðilegri athugun lífeyrissjóðanna.

Afkoma ársins 2013 var með ágætum þegar horft er til takmarkaðra fjárfestingarmöguleika með tilkomu gjaldeyrishaftanna.

Eignasafn sjóðsins er traust og væntingar eru um stöðuga og góða ávöxtun á næstu árum. Aukin áhersla á greiningu á fjárhagslegri stöðu við fjárfestingar, greiðslugetu og gæðamat á skuldara fremur en að horfa eingöngu til ávöxtunar, mun



styrkja sjóðinn enn frekar og afkomu hans þegar til framtíðar er litið.

Lífeyrisréttindi sjóðsins eru verðtryggð og breytast til samræmis við breytingu á vísitölu neysluverðs.

Heildariðgjaldatekjur námu 575 m.kr., sem er 13,0% hækkun frá fyrra ári. Iðgjöld sjóðfélaga námu 195 m.kr., mótfamlög 379 m.kr. og réttindaflutningar og endurgreiðslur nettó var 1,1 m.kr. Greiðandi virkir sjóðfélagar voru 2.592 á árinu 2013 samanborið við 2.657 á árinu 2012.

Iðgjöld sjóðfélaga eru 4% af launum. Hjá bændum miðast iðgjöld við reiknað endurgjald í landbúnaði eða greidd laun þar sem búreksrarformi er þannig hátt, sbr. 1. og 2. mgr. 4. gr. laga nr. 12/1999.

Starfsmenn LSB í árslok 2013 voru þrír auk framkvæmdastjórans, Ólafs K. Ólafs, og er Skúli Bjarnason þar stjórnarformaður.



Hilmir Snær.

Landssamband hestamannafélaga:

Hestadagar 2014

Hilmir Snær og hljómsveitirnar Brother Grass og Hundur í óskilum munu leiða saman hesta sína í Hörpu síðdegis í kvöld, fimmtudaginn 3. apríl. Boðið verður upp á nýstárlegt, tónrænt uppistand í Norðurljósasal Hörpu. Íslenski hesturinn verður skoðaður frá öllum hliðum og rifjuð upp rysjótt sambúð hans við ótamin náttúruöfl og brokkgenga þjóð.

Hilmir Snær segir sögur af hestum og brestur í söng og hljómsveitin Brother Grass leikur þekkt og óþekkt íslensk hestalög með nokkrum öðrum hætti en fólk á að venjast. Þá mun hljómsveitin Hundur í óskilum leika lausum hala um sviðið og aðstoða bæði Hilmi Snæ og Brother Grass við flutninginn. Eru hestamenn og aðrir hvattir til að koma og upplifa íslenska hestinn á þessum einstaka viðburði í gegnum sögur, ljóð og söng. Miðasala á midi.is.

Heimboð í hesthúsi á föstudag

Föstudaginn 4. apríl ætla hestamannafélögin Fákur, Hörður, Sóti, Sprettur og Sörli að bjóða gestum og gangandi í félögin sín. Valin hesthúsi verða opin fyrir áhugasama og hestateymingar verða í boði í reiðhöllum félaganna ásamt léttum veitingum.

Öll hestamannafélögin verða með sömu dagskrá á sama tíma. Klukkan 17-19 verða opin ákveðin hesthúsi sem merkt verða með blöðrum. Verður teymt undir börnum í reiðhöllum félaganna. Klukkan 18.00 munu börn og unglingar sýna atriði og kaffi, svari og kjótsúpa verður í boði hjá hverju félagi.

Skrúðreið 5. apríl

Kl. 13.00 – Skrúðreið um 150 hesta verður farin frá BSÍ klukkan 13.00 á laugardag. Riðið verður upp á Skólavörðuholt, niður Skólavörðustíg, yfir Lækjargötu, Austurstræti, Pósthússtræti, Kirkjustræti og Tjarnargötu og að Ráðhúsi. Þá verður farið áfram Tjarnargötu, í gegnum Hljómskálagarð, yfir Njarðargötu og aftur að BSÍ.

Kl. 20.00 – Ístólt þeirra allra sterkustu verður svo í Skautahöllinni í Laugardal klukkan 20.00 þar sem boðið verður upp á töltandi gæðinga á ís.

Sunnudagur 6. apríl

Æskan & hesturinn verður í reiðhöllinni í Víðidal á sunnudag klukkan 13.00 og 16.00.

Sauðfé og bændur í borginni

Sauðfjárnændur fjölmenna til Reykjavíkur föstudaginn 4. apríl til þess að halda aðalfund og ársráðgjöf Landssamtaka sauðfjárnænda. Að því tilefni bjóða þeir gestum og gangandi til mannfagnaðar á KEX Hostel á Skúlagötu 28 milli klukkan 16.00 og 18.00. Þar munu þau þau rúningsmenn kynna verklagni sína og keppa um Gullklippurnar. Verðlaunin eru veitt þeim sem rýir með hvað mestum glæsibrag

Meðal gesta verður sauðfé frá Hraðastöðum í Mosfellsdal en því verður ekið í þar til gerðum



sauðfjárnændu til og frá rúningsstað og mun dýralæknir sjá um að velferð þess sé í hávegum höfð. Við sama tilefni verður eigendum fremstu hrúta landsins veittar viðurkenningar

Breytingar boðaðar hjá Landbúnaðarháskóla Íslands:

Fimmtán verður sagt upp

Segja þarf upp að minnsta kosti fimmtán starfsmönnum Landbúnaðarháskóla Íslands verði ekki af sameiningu hans við Háskóla Íslands. Þetta kom fram í máli Ágústs Sigurðssonar rektors skólans á starfsmannafundi á mánudaginn.

„Þetta er alveg rétt. Við fengum bréf þess efnis frá okkar ráðuneyti um að við ættum að draga saman seglin. Við erum búin að gera áætlanir þar um, vorum í því alla síðustu viku. Þetta snertir alla okkar starfsemi þó við séum ekki búin að fara nákvæmlega yfir hvar þetta hittir fyrir. Við erum búin að senda þessa áætlun inn til ráðuneytisins en eigum eftir að fá staðfestingu á því hvort hún verði samþykkt eða ekki,“ segir Ágúst.

Lengi hefur verið talað um að skólinn þyrfti að fá leyfi til að selja eignir til að bæta fjárhagsstöðuna. Að sögn Ágústs er ekki um slíkt að ræða í fjárhagsáætluninni sem send hefur verið menntamálaráðherra nú.

„Þær óskir liggja fyrir og hafa legið fyrir síðustu tíu árin. Hluti af þeim hugmyndum sem lágu fyrir varðandi sameiningu skólans við Háskóla Íslands gengu út á að losa þessar eignir til að hægt yrði að fjárfesta í skólastarfinu. Það verður hins vegar ekki gert nú.“

Sameining myndi þýða mikil tækifæri

Ágúst segist eindregið þeirrar skoðunar að það myndi styrkja Landbúnaðarháskólann í rekstrarlegu og faglegu tilliti að sameina hann Háskóla Íslands.

„Algjörlega, ég er vita sannfærður um það. Sérstaklega á það við um faglegu hliðina og ég tala nú ekki um ef ríkisvaldið er tilbúið til, líkt og er staðreynd, að koma með aukna fjármuni inn í starfsemi skólans. Það myndi þýða heilmikil tækifæri fyrir okkur.“

Alþekkt í löndunum í kringum okkur

Ágúst bendir á að það sé ekki óþekkt að skólar sameinist þó langt sé á milli þeirra.

„Það má benda á Íþróttafraeðasetur Háskólans á Laugarvatni. Það ber öllum saman um að þar hafi starfsemin eflst. Alls staðar í löndunum í kringum okkur hefur þetta verið að gerast. Landbúnaðarskólar hafa orðið hluti af stærri heild. Fyrir nokkrum árum var til Konunglegi danski dýralækna og landbúnaðarháskólinn. Nú er hann hluti af Kaupmannahafnarháskóla og fleiri dæmi mætti taka. Þetta er bara að gerast víða og með því er verið að efla og styrkja skólana en ekki láta hlutina koðna niður. Danir eru nú kannski einir mestu landbúnaðarmenn okkar heimshluta. Þeir gera þetta svona og við sjáum ekki annað en þetta gangi mjög vel



Ágúst Sigurðsson rektor

og hafi eflt nám og rannsóknir. Hvi ætti það ekki að verða svo hér á landi líka?“

Skilur afstöðu menntamálaráðherra

Gagnrýnt hefur verið að ríkisvaldið hafi verið tilbúið til að auka við fjármuni til rekstrar skólans ef af sameiningu yrði en nú. Þegar búið sé að slá slíka sameiningu út af borðinu sé skólanum gert að draga verulega saman í rekstri til að greiða uppsafnaðan halla á rekstrinum. Ágúst segir að það komi sér ekki á óvart.

„Hjarta mitt slær með þessari starfsemi og séu menn tilbúnir til að koma með starfsemi inn í hana þá set ég engin skilyrði fyrir því sem rektor. Hins vegar skil ég alveg hvað ríkisvaldið er að gera hér, okkar ráðuneyti. Þar á bæ segja menn: Við erum tilbúin að fjárfesta í þeirri leið að Landbúnaðarháskóli Íslands og hans fræðasvið verði hluti af stærri heild. Við erum hins vegar ekki tilbúin í að fjárfesta í óbreyttu ástandi. Það finnst mér bara mjög skiljanleg afstaða.“

Fækkað um 40 manns á níu árum

Ágúst segir að niðurskurðurinn muni gera skólanum mun erfiðara um vik við að sinna hlutverki sínu.

„Það er bara þannig. Ég hef mjög mikla trú á þessari starfsemi, hún er afar mikilvæg og starfsfólk skólans hefur staðið sig afar vel alla tíð. Skólinn býr að því að eiga mikinn fjársjóð í sínu starfsfólki. Þetta verður hins vegar enn erfiðara eftir því sem okkur fækkar sem störfum við skólann. Mannauðurinn skiptir öllu máli. Þegar Landbúnaðarháskólinn varð til [árið 2005] tóku um 130 manns til starfa við hann, sem komu frá stofnunum sem áður voru forverar hans. Nú starfa innan við 90 manns við skólann. Á sama tíma höfum við aukið við starfsemi skólans mjög mikið. Ég vil líka segja það að ef við hefðum þá fjármuni í dag sem voru við hendina í upphafi, og þóttu ekki nægir þá, hefðum við skilað

fyrir besta lambaföðurinn og mesta kynbótahrútin.

Rúíð verður í portinu á KEX og mun rúningsfólk hefjast handa kl. 16.00. Sætaferðir verða frá Hótel Sögu fyrir sauðfjárnændur kl. 15.45. Viðburðurinn er samvinnuverkefni KEX Hostel, Landssamtaka sauðfjárnænda og Bændablaðsins.

Aðalfundur Landssamtaka sauðfjárnænda fer fram á Hótel Sögu dagana 3.-4. apríl en ársráðið félagsins verður að kvöldi föstudags. Þriðja árið í röð er uppselt á hátíðina þar sem 350 sauðfjárnændur gera sér glaðan dag í Súlnasal.

rekstrarafgangi upp undir hundrað milljónir á síðasta ári. Okkur hefur tekist að hagræða gríðarlega á sama tíma og við höfum aukið við starfsemi skólans. Það eru takmörk fyrir því hins vegar hversu langt er hægt að ganga. Við erum undir það seld að þurfa að standast ákveðnar alþjóðlegar gæðakröfur, við höfum farið í gegnum eina slíka úttekt og komum faglega mjög sterk út úr henni, en eftir því sem fólki fækkar, þess erfiðara verður það.“

Starfsfólki ekki haldið í myrkrinu

Eftir fundinn í gær sendi kennari í skólanum harðort bréf á alla starfsmenn þar sem lýst er mikill óánægju með málátilbúnað rektors og menntamálaráðherra. Í bréfinu segir að ljóst sé að rektor og yfirstjórn skólans hafi unnið að því ótullega undanfarið ár með menntamálaráðuneyti að Landbúnaðarháskólinn skyldi sameinaður HÍ án þess að starfsfólk skólans hafi verið upplýst um það. Ágúst segir að hann hafi ekki séð umrætt bréf en hann hafni þessum ávirðingum.

„Það er eðlilegt að ekki séu allir sammála um málið enda myndu felast miklar breytingar í sameiningu. Hins vegar neita ég því að þetta hafi farið leyni á nokkurn hátt. Allan þann tíma sem ég hef verið rektor hef ég reynt að koma hreinskilnislega fram við starfsfólk og segja þeim frá hvað er í gangi. Manni tekst samt líkleg aldrei að gera nóg af því að upplýsa. Það er hins vegar bara ekki rétt að starfsfólki hafi á einhvern hátt verið haldið í myrkrinu.

Við höfum auðvitað verið að bíða eftir því að stjórnvöld taki ákvörðun um framtíð skólans. Nú þegar sú ákvörðun virðist liggja fyrir þá er auðvitað margt eftir í því að marka stefnu til framtíðar í starfsemi skólans. Þar þurfa auðvitað starfsmenn, nemendur og fleiri að koma að málinu. Við höfum verið í lausu lofti til þessa.“

Hyggst ekki stökkva frá vandanum

Ágúst segist ekki upplifa að upp sé kominn trúnaðarbrestur milli sín og starfsmanna skólans. Hann segist hafa hugsað sinn gang hvað sína stöðu varðar en ætli sér ekki að hverfa frá starfi á ölgutímum.

„Jú, ég hef að sjálfsögðu hugsað um það. Það hefur hins vegar aldrei hvarflað að mér að stökkva frá vandanum. Það þarf að koma þessum málum í höfn, þannig að ljóst sé hvaða ákvörðun hafi verið tekin. Síðan líður minn tími bara, ég er ráðinn til fimmm ára í senn, og minn skipunartími rennur út núna í sumar. Þá mun ég bara taka ákvörðun um hvert framhaldið kann að verða.“

Land Cruiser 150

Tákn um frelsi



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY



Land Cruiser 150 er einn besti ferðabíllinn sem kostur er á og hann hentar fullkomlega við íslenskar aðstæður. Ný hönnun og aukinn búnaður gerir góðan bíl enn betri. Þar á meðal er stöðugleikastýring, spólvörn, lykillaust aðgengi, Ipod tengi og Bluetooth.



1 ár 80% **8,1** litrar **CO₂** 213g

Toyota Land Cruiser 150 VX
3000 Dísel, sjálfsk, aukasæti o.fl.
Á götuna 04.10 Ekinn 142.000 km
Verð: 8.120.000.- Raðnr: 999507



3 ár 80% **8,1** litrar **CO₂** 213g

Toyota Land Cruiser 150 GX
3000 Dísel, sjálfsk,
Á götuna 05.12 Ekinn 38.000 km
Verð: 8.890.000.- Raðnr: 999551



4 ár 80% **6,6** litrar **CO₂** 173g

Toyota Rav4 GX
2200 Dísil, sjálfsk,
Á götuna 05.13 Ekinn 25.000 km
Verð: 6.200.000.- Raðnr: 999505



3 ár 80% **8,1** litrar **CO₂** 213g

Toyota Land Cruiser 150 VX
3000 Dísel, sjálfsk, aukasæti
Á götuna 03.13 Ekinn 9.000 km
Verð: 11.590.000.- Raðnr: 999536



3 ár 80% **7,6** litrar **CO₂** 178g

Toyota Rav4 X
2000 Bensín, sjálfsk,
Á götuna 05.12 Ekinn 52.000 km
Verð: 4.620.000.- Raðnr: 999557



4 ár 80% **8,1** litrar **CO₂** 213g

Toyota Land Cruiser 150 GX
3000 Dísel, sjálfsk, aukasæti
Á götuna 11.11 Ekinn 53.000 km
Verð: 8.380.000.- Raðnr: 998983



4 ár 80% **7,3** litrar **CO₂** 169g

Toyota Rav4 GX Plus
2000 Bensín, sjálfsk,
Á götuna 05.13 Ekinn 31.600 km
Verð: 5.800.000.- Raðnr: 999538



4 ár 80% **8,1** litrar **CO₂** 213g

Toyota Land Cruiser 150 GX
3000 Dísel, sjálfsk,
Á götuna 07.13 Ekinn 3.000 km
Verð: 9.990.000.- Raðnr: 999549

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyotakaupuni.is
Erum á Facebook - Toyota Kaupuni

1 ár
Lágmarks-
ábyrgðartími

%
Lánshlutfall

5,2
litrar
Eldsneytiseyðsla í
blönduðum akstri

CO₂
120g
Útblástur
CO₂ gr.

P
Frítt að leggja
í Rvk.

ergo



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Betri notaðir bílar Kaupúni

Upplýsingar um eldsneytiseyðslu og útblástur eru miðaðar við blandaðan akstur við bestu mögulegu aðstæður. Birt með fyrirvara um innsláttarvillur.

Bændablaðið

Málgagn bænda og landsbyggðar

Bændablaðið kemur út hálfsmánaðarlega. Því er dreift til allra bænda landsins og fjölmargra annarra er tengjast landbúnaði. Bændablaðinu er dreift ókeypis til þeirra er stunda búskap en þéttbýlisbúar geta gerst áskrifendur að blaðinu. Árgangurinn kostar kr. 7.200 en sjötugir og eldri og lífeyrisþegar greiða kr. 3.600. Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík. Sími: 563 0300– Fax: 562 3058 – Kt: 631294-2279
Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – Sími: 563 0339 – Rekstur og markaðsmál: Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is
Blaðamenn: Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Freyr Rögnvaldsson fr@bondi.is – Sigurður M. Harðarson smh@bondi.is
Auglýsingastjóri: Erla H. Gunnarsdóttir ehg@bondi.is – Sími: 563 0303 – Myndvinnsla og frágangur: Prentsníð.
Netfang blaðsins (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is Netfang auglýsinga er augl@bondi.is Vefsíða blaðsins er www.bbl.is
Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsiðu – Landsprent og Íslandspóstur annast dreifingu blaðsins. ISSN 1025-5621

LEIÐARINN

Háskóli lífs og lands

Landbúnaðarháskóli Íslands hefur um árabil verið í fararbroddi í vísindarannsóknum á sviði landbúnaðar. Úttektir á skólanum hafa leitt í ljós að hann hefur gríðarlegan faglegan styrk og býr yfir miklum mannauði. Margir starfandi bændur á landinu hafa gengið menntaveginum við skólann og bera til hans mikið traust og jafnframt hlýjar minningar.

Yfirstjórn LbhÍ hefur á undangengnum árum ekki verið ófundsverð af því að stýra rekstri stofnunarinnar. Framlög hafa að núvirði lækkað um helming meðan nemendafjöldi hefur aukist mikið. Skort hefur pólitískan kjark til að framkvæma tillögur stjórnenda til að laga rekstur skólans, til dæmis með því að heimila sölu eigna skólans og nýta andvirðið til að bæta reksturinn. Segja má að fyrri sameiningu Landbúnaðarháskólans, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Garðyrkjuskólans hafi aldrei verið fyllilega lokið og það hefur háð rekstri LbhÍ alla tíð. Það er því ekki að undra að stjórnendur séu orðnir langþreyttir á biðinni eftir að stjórnvöld viðurkenni að framlög til skólans séu ekki í takti við starfsemi hans. Ástæða er til að þakka yfirstjórn skólans fyrir að hafa þróað öflugt háskólanám á sviði landbúnaðar þrátt fyrir þrönga stöðu.

Það er sorglegt að verða vitni að því hvernig umræða um LbhÍ hefur þróast í fjölmiðlum að undanförunum. Menntamálaráðherra og yfirstjórn skólans hafa sakað forystumenn Bændasamtakanna um skammsýni og afturhald vegna hugmynda um sameiningu hans við Háskóla Íslands.

Á Búnaðarþingi 2013 var ályktað um að verja sjálfstæði landbúnaðarskólanna og að tryggja þyrfti rekstrargrundvöll þeirra. Undir þetta var tekið á nýliðnu búnaðarþingi og þar var jafnframt lagst gegn hugmyndum um samruna LbhÍ og HÍ.

Staða starfsmenntanámsins

Frá árinu 1889 hefur verið starfræktur bændaskóli á Hvanneyri og frá 1947 hefur þar verið rekin framhaldsdeild á háskólastigi. Starfsmenntanámið, þ.e. bændadeildin á Hvanneyri og garðyrkjunámið á Reykjum, er mjög mikilvægt til að mennta bændur til að takast á við þau sóknarfæri sem nú eru í íslenskum

landbúnaði og hefur oft verið kallað hjartað í Landbúnaðarháskólanum. Þar sem um er að ræða starfsmenntanám á framhaldsskólastigi fellur það ekkert sérstaklega vel að hugmyndum um sameiningu skólanna. Í Noregi var kennsla í garðyrkju til dæmis færð yfir í framhaldsskólana og hefur það nám að mestu gufað upp í dag. Margir bændur hafa gagnrýnt stöðu starfsmenntanámsins og telja að þar hafi hallað undan fæti. Mögulega á það sér skýringar í erfiðum rekstri stofnunarinnar undanfarin ár og meiri áherslu á háskólastarfið. Enn fremur hefur það verið gagnrýnt að lítið sé um hagnýtar rannsóknir á sviði landbúnaðar hjá LbhÍ á meðan mikil áhersla hefur verið lögð á skrif ritrýndra greina í erlend fag tímarit, þar sem markhópurinn er ekki endilega starfandi bændur á Íslandi. Slíkt vísindastarf á sviði grunnrannsókna er að sjálfsgöðu þakkarvert og er líklegt til að auka faglegan styrk skólans í samanburði við aðra skóla. Þetta allt vekur hins vegar upp spurningar um stöðu starfsmenntanámsins og hagnýtra rannsókna við mögulega sameiningu.

Sameining virðist ennþá á teikniborðinu

Í ljósi umræðu seinustu daga er margt sem bendir til að möguleg sameining LbhÍ og HÍ sé enn á teikniborðinu. Þrátt fyrir fréttaplutning af ákvörðun ráðherra um að hætt hafi verið við sameiningu og „fjölmiðladrama“ í tengslum við það bendir margt til þess að svo sé ekki. Af orðum ráðherra og rektors LbhÍ undanfarna daga má skilja að þeir séu síður en svo hættrir við sameiningu. Samhliða því að sannfæra sem flesta um ágæti þess að sameina þessar stofnanir hafa þeir jafnframt beint spjótum sínum að Bændasamtökunum, þingmönnum Norðvesturkjördæmis og sveitarstjórnarfólki í Borgarbyggð og talið allan þeirra málflutning byggðan á skammsýni og afturhaldi.

Hver er afstaða ráðherra til háskóla á landsbyggðinni?

Það er því eðlilegt að velta upp ýmsum spurningum varðandi hugmyndir menntamálaráðherra um þessa sameiningu. Hvers vegna getur ráðherrann boðið

verulega fjármuni og tilflutning verkefna upp á Hvanneyri ef af sameiningu verður, en ekki að öðrum kosti? Sjálfstæðum skóla býðst engin uppbygging, heldur niðurskurður á starfsemi, uppsagnir starfsfólks og innheimta til að vinna á skuldum skólans við ríkissjóð. Hver er eiginlega afstaða og hugarfar ráðherrans til háskóla á landsbyggðinni?

Hvernig eru skuldirnar metnar?

Ýmislegt í þessari umræðu kallar á enn frekari skýringar og öðru virðist snúið á haus. Meintur halli eða skuldasöfnun skólans undanfarin ár hefur verið metinn með ýmsum hætti. Í umræðu hefur hann verið talinn ríflega 700 milljónir. Inni í þeirri tölu er 300 milljóna króna söluandvirði hlutabréfa í ORF líftækni, fyrirtækis sem á sínum tíma var m.a. stofnað af LbhÍ og er því um að ræða verðmæti sem voru sköpuð af skólanum ásamt öðru göðu fólki. Er sanngjart að meta slíkt söluandvirði sem skuld og tengja það slæmum rekstri með vafasömum eftiráskýringum? Er það rétt að skólinn eigi handbært fé til að greiða allt að helmingi þess hala sem eftir væri?

Lítill áhugi á samtali við bændur

Lítill vilji hefur verið til að hafa samráð við landbúnaðinn varðandi þessar sameiningarhugmyndir. Hugmyndir BÍ og heimamanna í Borgarbyggð hafa allar verið slegnar út af borðinu, hvort sem um er að ræða möguleika á sameiningu háskóla á landsbyggðinni eða hugmyndir um sjálfseignarstofnun um LbhÍ. Gott samstarf hefur verið milli Háskóla Íslands og Landbúnaðarháskólans sem er mjög mikilvægt að þróa áfram. Bændasamtökin bera traust til Háskóla Íslands og eru þakklát fyrir gott samstarf hans við LbhÍ.

Fyrst og síðast vilja Bændasamtökin tryggja áframhaldandi öflugt nám á sviði landbúnaðar á Íslandi til þess að íslenskir bændur geti nýtt sem best þau sóknarfæri sem landbúnaðinum standa opin með aukinni matvælaframleiðslu, orkuframleiðslu, fjölbreyttari framleiðslu, aukinni þjónustu og fleiri tækifærum. Það er meginatriðið. /SSS

LOKAORÐIN

Bjartsýni og sókn

Fagþing kúabænda var haldið á Hótel Sögu í síðustu viku og aðalfundur Landssambands kúabænda (LK) var haldinn í kjölfarið. Bæði á Fagþinginu og á aðalfundinum komu greinilega fram þeir miklu möguleikar sem nú eru til uppbyggingar í greininni.

Það er ekki nóg með að MS hafi lýst því yfir að öll mjólk yrði keypt á fullu afurðastöðvaverði, heldur er einnig ljóst að verulega þarf að gefa í varðandi framleiðslu nautakjöts á næstu misserum. Vart er hægt að túlka þetta öðruvísi en sem gleðitíðindi fyrir mjólkurframleiðslu og nautgriparæktina í heild sinni.

Með yfirlýsingu MS er bændum gefin skýr bending um að bregðast við óskum um aukna mjólkurframleiðslu. Hægt sé að selja alla mjólk sem mögulegt er að framleiða og rúmlega það. Ástæðan er verulega breytt neyslumynstur Íslendinga og stóraukin sala vegna fjölgunar ferðamanna.

Krafa um aukna mjólkurframleiðslu þýðir væntanlega um leið að full þörf sé orðin á að endurskoða það kerfi sem við lýði hefur verið. Það var sniðið á tímum offramleiðslu og byggðist fyrst og fremst á því að draga úr og takmarka mjólkurframleiðslu svo ekki hlæðust upp heilu fjöllin af smjöri.

Sigurður Ingi Jóhannsson, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra, hafði á orði varðandi aukinn fjölda ferðamanna við annað tækifæri að passa yrði upp á að þessi sívaxandi hópur ferðamanna, sem vigtaði um 60 þúsund tonn, rýrnaði ekki við dvölina á Íslandi. Því þyrfti bændur að hafa sig alla við á næstu misserum og árum til að geta boðið nægt fæðuframbod. Kom þetta fram við verðlaunaafhendingu á Fagkeppni Meistarafélags kjötiðnaðarmanna.

Þarna er augljóslega ánægjulegt vandamál að kljást við sem felur í sér mikla sókn. Kúabændur og ræktendur holdanauta ræða því af mikilli alvöru hvernig best sé að bregðast við. Hluti af því er ósk um innflutning á erfðaeftni til endurnýjunar í holdanautgripastofninum sem hér er. Það er hins vegar viðkvæmt mál á margan hátt sem fljótlega þarf þó að taka afstöðu til. Málin eru því ekki alltaf einföld.

Landssamtök sauðfjárbænda halda líka sinn aðalfund um komandi helgi. Þar er einnig uppi bjartsýni og hugur til sóknar. Nýting afurða sauðkindarinnar hefur tekið stórstígu framförum á undanförunum árum. Þar má samt líka gera enn betur.

/HKr.

Mjallhvít og dvergarnir sjö slá í gegn í Hveragerði

Nýjasta uppfærsla Leikfélags Hveragerðis á Mjallhvíti og dvergunum sjö hefur notið mikilla vinsælda en uppselt hefur verið meira og minna á allar sýningar frá því að verkið var frumsýnt föstudaginn 14. mars.

Leikritið er í leikstjórn og leikgerð Hafsteins Þórs Auðunssonar og hann er líka höfundur tónlistar, sem er útsett af Guðmundi Eiríkssyni, píanóleikara sýningarinnar.

Það er ástæða til að óska leikfélaginu til hamingju með þessa glæsilegu sýningu og ekki síst fyrir leikmyndina, sem er öll hin vandaðasta. Leikarahópurinn stendur sig vel og er sérstaklega gaman að sjá fullt af börnum og unglingum stíga sín fyrstu skref í leikhúsinu á sýningunni. Það er því sönn ástæða til að hvetja sem flesta til að skreppa í Hveragerði á þessa skemmtilegu sýningu.

Upplýsingar um sýningartíma er að finna á Fesbókarsíðu félagsins en miðapantanir fara fram í síma 863-8522. /MHH



Líf og starf



Björgvin Tómasson orgelsmiður, Stefán Hallur Jónsson og Guðmundur Gestur Þórisson.

Orgelsmiðjan á Stokkseyri opnuð fyrir ferðamönnum

Orgelsmiðjan á Stokkseyri hefur opnað verkstæðið fyrir gestum og gangandi. Þar verður gestum boðið upp á að fræðast um allt sem viðkemur orgelsmiði og sögu tónlistar á suðurströndinni. Sýningin verður opin framvegis virka daga kl. 10.00–18.00 og eftir samkomulagi um helgar.

Í Orgelsmiðjunni er hægt að fá svör við fjölmörgum spurningum er varðar orgel og orgelsmiði. Þar getur fókk til dæmis fræðst um hversu margar pípur geta verið í pípuorgeli. Hve langan tíma það tekur að smíða eitt orgel og hvað orðið vindhlaða þýðir. Einnig hvaða munur er á orgeli og harmóníum. Þarna er líka hægt að hitta Björgvin Tómasson orgelsmið og fylgjast með störfum hans. Fræðslusýningin er á þremur tungumálum, íslensku, ensku og þýsku. Stefnt er einnig að því að vera reglulega með tónleikahald á staðnum. Aðgangseyrir er 750 krónur fyrir fullorðna, 16 ára og eldri, og 500 krónur fyrir börn 10 til 15 ára.

Orgelsmiðjan er til húsa að Hafnargötu 9, sjávarmegin, á Stokkseyri. Sími 861–1730, www.orgel.is, orgel@simnet.is



Björgvin Tómasson



MÆLT AF MUNNI FRAM

Í síðasta vísnaþætti birtist efni úr bréfi **Elisabetar Á. Árnadóttur** búsettrar á Blönduósi. Fyrir utan ærnafnavísurnar er að finna í bréfi Elisabetar haglega gerðan brag, nokkuð langan, sem hún nefnir „Sauðburðarsímfoníu“ og er ortur þá hún sinnti vökum á Skarðaborg vorið 2001. Smá sýnishorn „Símfoníunnar“ fer hér eftir:

*Það er rólegt í krónum í ríkjandi húni,
því rollurnar sofa sem ungþarn í rúmi
því smalinn hann veitir þeim vörn.
Og tvílemban blessuð með tunguna
mjúka,
þar titrandi afkvæmin kjassa og strjúka
og kumrandi kara sín börn.*

*Hinn syngjandi klingjandi
sauðburðaróður
sameinast lífinu mildur og góður
og kætir hinn kumrandi heim.
Að gefa úr pela og gantast við ærnar,
garðana mæla og stika um krærnar
er sannkallað sauðburðar-geim.*

Með öldungis óskýrðum hætti barst mér í hendur kveðskapur frá aðalfundi Félags sauðfjárbænda á Héraði. Gestur fundarins, **Ásdís Helga Bjarnadóttir** búfjárefirtirlitsmaður, kynnti þar fundarmönnum nýtt fyrirkomulag við úttektir á búfjárhaldi. Til hagræðis benti hún fundarmönnum á, að á vef Matvælastofnunar væri að finna „ábendingarhnapp“ sérstakan, sem hægt væri að brúka ef bændur hefðu grunsemdir um glöp við búfjárhald. Myndi hnappurinn geta sparað henni heimsóknir um langan veg. Hnappinn skyldu bændur þó einungis nota í neyðartilfellum, og byggist hún þá brátt til ferðar bærst ábending með þessum hætti. **Aðalsteinn bóndi í Klausturseli**, sem horfði kannski helst til meir en hlustaði á framsögu Ásdísar, taldi það geta gerst, að einhverjir freistuðust til að misnota hnappinn með þeim hætti, að kæra sjálfa sig, einungis til að fá Ásdísi í heimsókn og njóta nærveru hennar. Þá orti **Baldur á Kirkjubæ** í orðastað Aðalsteins:

*Ég vaki við hnappinn og veit
ei mitt ráð;
með vannærðan gamlan hrút.
Eindregin von mín er ýmsu háð,
að Ásdís taki hann út.*

Af sama tilefni orti **Andrés á Gilsársvelli**:

*Ábendingin ein og sér
afskaplega saklaus var.
Bráðum Alla fýsa fer
að fíkta í hnöppum Ásdísar.*

Andrés sér fyrir sér þegar Ásdís hefur skoðun á hrússa Aðalsteins:

*Öll við henni eymdin skín,
Ásdís hungur greindi.
Styrkur kauða stöðugt dvín;
Stóð ekki þótt hún reyndi.*

Jón Jónsson lögmaður á Hvanná, kallaður Brói, var fundarstjóri. Gat hann þess að ekki þekkti hann alla fundarmenn, og því væri brýnt að menn kynntu sig ef þeir kvæðu sér hljóðs. Taldi Brói sig þó þekkja fyrrverandi sveitunga sína af Jökuldal, og einnig suma hverja aðra sem leitað hefðu lögfræðiaðstoðar hans á síðustu árum. Þá orti **Andrés á Gilsársvelli**:

*Fundarstjórnann fésin blekkja,
fátt um suma Brói veit.
Tugthúslimi sig telur þekkja
og tittina úr heimasveit.*

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggd1@gmail.com

Fréttir



Fuglafælar að hætti breska fyrirtækisins Portek. Hér er um ógnvekjandi flugdreka að ræða, sem eru þó vissulega háðir því að vindurinn blási. Fyrirtækið er þó með ýmsar fleiri lausnir í boði.

Lausn við ásókn gæsa og álfta í ræktarlönd bænda?

Breskar fuglafælar taldar geta leyst vandann

Mikið hefur verið rætt um vaxandi ágang álfta og gæsa í ræktarlönd bænda. Hugmyndir hafa verið uppi um að fá heimild til að skjóta þessar tegundir á ákveðnum tímum vor og haust. Skiptar skoðanir hafa verið um slíka heimild, ekki síst í ljósi þess að álftin er alfríðuð hér á landi. Hugsanlega er nú komin fram lausn á málinu sem gerir skotveiðileyfi óþarft.

Fyrirtækið Portek í Englandi hefur verið að þróa og selja varnir eða fælingarbúnað vegna ágangs fugla. Kjartan Lorange hjá Veiðihúsinu Sökku ehf. flytur inn slíkan búnað og hefur samið um Kaupfélagið í Borgarnesi um að sjá um smásölupáttinn.

„Portek hefur verið að þróa fuglafælar sem duga við mismunandi skilyrði og mismunandi aðstæður. Þetta var í upphafi aðallega hugsað út af vandræðum Breta með ágang dúfna, líkt og álftir og gæsir eru hjá okkur. Það verkefni breyttist þó skyndilega eftir að menn fóru að gera sér grein fyrir því hvað þessar dúfnafælar virkuðu vel. Þá stækkaði áhrifahópurinn yfir í varnir gegn öndum, gæsum og einnig álftum,“ segir Kjartan.

Fælar sem byggja á hreyfingu og flökti efnis í sterkum litum

Hann segir að Portek sé með heildarlausnir í þessum málum sem muni þó ekki allir standa Íslendingum til boða eins og varnir með flugeldum. Hins vegar sé hægt að bjóða upp á flugdreka, vindrellur og fleira sem byggja upp á hreyfingu marglitrar speglunar af vörnunum sem hræða fuglana. Telur Kjartan að slíkt ætti líka að duga á Íslandi.

„Þeir nota sambland af áberandi litum, gulum, svörtum og rauðum



Hér er skrautleg rella sem hægt er að stinga niður í jarðveginn.

auk málmgliðrandi flata. Þetta hefur gefið góða raun og gæti verið ágæt lausn hér heim í stað þess að þurfa að drepa þessa fugla. Þá settum við það í hendur fagaðila hjá Kaupfélagi Borgfirðinga, sem er í góðum tengslum við bændur, að sjá um söluna á þessu fyrir okkur.“

Kjartan segir að þegar hafi verið gerð tilraun með slíkar varnir í Borgarfirði samkvæmt leiðbeiningum og ráðgjöf frá framleiðanda.

„Við settum svona búnað upp á einni jörð í Borgarfirði þar sem vorfugl var byrjaður að safnast upp í síðustu viku. Maður varð strax var við mikil áhrif.“

/HKR.

Finnski ísbrjóturinn sérhannaður til að brjóta upp hörð og samþjöppuð ísalög

„Þetta er einstakt tæki og engu öðru líkt, ég myndi segja að það væri himnasending fyrir bændur sem og alla þá sem þurfa að kljást við klaka. Það er engin afsökun lengur að ekki sé hægt að eiga við hann,“ segir Björn Þórisson, framkvæmdastjóri hjá Frístundahúsum í Borgarbyggð sem hefur umboð fyrir finnsku tækin Raiko. Meðal tækja sem eru í boði er svonefndur ísbrjótur, en hann er sérstaklega hannaður til að brjóta ís af t.d. túnnum, golfvöllum, gangstigum, þjóðvegum eða yfirleitt hvarvetna þar sem ís og klaki gera mönnum lífið léitt.

Björn segir að ísbrjóturinn henti vel framan á dráttarvélar, einnig ýmsar stærri vélar og trukkan, það fari allt saman eftir stærð og gerð ísbrjótsins.

„Það hefur verið þó nokkuð umræða undanfarnar vikur um að klaki liggi yfir túnnum og bændur óttist kal á komandi vori, þeir bíði með þá von í brjósti að málið leysist, hlýindi muni bræða klaka af túnnum áður en í óefni er komið,“ segir Björn. Með því að rúlla ísbrjót um tún er hægt með fremur lítill fyrirhöfn að brjóta upp klakann áður en náttúran hefst handa við það verkefni. Björn nefnir einnig að tækið tæti ekki upp tún.

Gaddarúllur brjóta upp ísinn

Björn segir að ísbrjóturinn sé mjög skilvirkt tæki, sem m.a. felst í sveigjanlegum og frjálsum snúningi gaddarúllukerfis. Gaddarúllurnar brjóta upp hörð og samþjöppuð ísalög hvort heldur sem er á túnnum eða vegum. Þannig bæta þeir veggrip og öryggi vegfarenda án þess að valda skemmdum á veginum að sögn



Ísbrjóturinn er frá finnska fyrirtækinu Raiko. Gaddarúllur brjóta upp hörð og samþjöppuð ísalög bæði á túnnum og vegum. Ísbrjóturinn hentar vel framan á dráttarvélar.



Ísbrjótana má setja á vörubíla jafnt og dráttarvélar og aðrar vinnuvélar.

Björns. Ísbrjótur með snjóplógi getur einnig losað um þéttan og harðan ís í einni ferð og þannig komið í veg fyrir umferðarteppu á meðan unnið er við hreinsun vega. Yfir sumarið

má svo nýta tækið til viðhalds á malarvegum og við lagfæringar á vegum sem farið hafa illa vegna frostsKemmda.

Björn nefnir að hönnun tækisins sé með þeim hætti að hann er öruggur og nánast hljóðlaus og m.a. hafi hann hlotið verðlaun og viðurkenningar, m.a. frá Winter Road Congress í Finnlandi.

Lítill rekstrarkostnaður

„Ísbrjótinn er hægt að festa framan á dráttarvélar af öllum stærðum og gerðum, vörubíla og hjólaskóflur. Rekstrarkostnaðurinn er lítill þegar miðað er við önnur úrræði sem gripið er til þegar kemur að hálkuvörnum,“ segir Björn, en reynsla af notkun ísbrjótsins er góð, bæði í heimalandinu Finnlandi sem og víða annars staðar þar sem tækið er notað, m.a. í Evrópu, Alaska og á kom tækið sér vel í vonskuðum sem gengu yfir austurströnd Bandaríkjanna fyrir í vetur.

/MPB

Kraftvélar kynna þjónustu sína í níu daga hringferð um landið

– Opna formlega nýtt útibú á Akureyri laugardaginn 12. apríl

Vélainnflytjandinn og þjónustufyrirtækið Kraftvélar hefur opnað útibú á Akureyri sem verður reyndar formlega opnað laugardaginn 12. apríl. Viktor Karl Ævarsson, sölustjóri Kraftvéla, segir að samhliða þessu geri Kraftvélamenn viðreist um landið til að kynna þjónustu sína.

„Við förum með tvo vörubíla með tengivagna og traktora í níu daga hringferð um landið. Við munum þar kynna New Holland og Case IH dráttarvélar samt margvíslegum heyrinnslutækjum og fleiru. Í þessari hringferð munum við stoppa heilan dag á Akureyri á sama tíma og formlega opnun útibúsins fer fram. Hringferðinni mun svo ljúka þriðjudaginn 15 apríl, eða rétt fyrir páska.“

Viktor segir að sala á dráttarvélum hafi verið á ósköp eðlilegu röli það sem af er ári. Hann telur að markaðurinn sé hægt og bitandi að taka við sér á ný eftir lægð í kjölfar efnahagshrunsins 2008.

„Á milli árána 2010, 2011, 2012 og 2013 höfum við verið stöðugt að auka við okkur bæði í fjölda seldra véla og í markaðshlutdeild. Þetta er því allt í rétta átt.“

Stöðugt meiri sala í aflmeiri dráttarvélum

Flaggskip Kraftvéla er óneitanlega New Holland dráttarvélar, en Viktor segir að Case vélar séu þó að koma sterkt inn í sölu.

„Það er mjög gott verð á Case vélunum og í samanburði við New



Kraftvélar sýndu hluta af þeim vélbúnaði sem fyrirtækið býður upp við í tengslum við Matarmarkað sem haldinn var í Hörpunni við setningu Búnaðarpings í síðasta mánuði.

Mynd / HKR.

Holland vélar með sama vélarafla eru Case vélarar vissulega talsvert ódýrari. Sér í lagi þegar kemur að stærri vélunum 170 hestöfl og yfir.“

– Eru þóunin sú að dráttarvélar í íslenskum sveitum fari stækkandi?

„Já, það virðist vera, og við erum til dæmis að fá þrjár vélar í apríl og maí sem allar eru yfir 170 hestöfl. Þetta eru því engar smá skessur.“

Mæta með verkstæði á hjólum beint til bænda

– Hvernig gengur að þjónusta þessar stóru dráttarvélar sem oft eru með flóknum búnaði?

„Við eru með 16 manns á verkstæði og nokkra fullbúna bíla sem eru verkstæði á hjólum. Við höfum verið að fara með þessa bíla vítt og breytt um landið. Við bjóðum

upp á viðgerðir og smurþjónustu og komum á staðinn að ósk bænda. Þá gerum við allt sem gera þarf og lýtur að viðhaldi vélanna. Bóndinn þarf því ekki að gera annað en að rétta okkur lykklana og fá sér kaffi á meðan. Þessi þjónusta hefur verið að slá í gegn.

Þá höfum við verið að taka fyrir ákveðin svæði og sendum þá bændum á svæðinu skilaboð um það í gegnum SMS. Ef þeir vilja nýta sér það þá geta þeir haft samband og fá þá viðgerðarmann á staðinn án þess að þurfa að greiða fyrir hann ferðakostnað sem getur oft verið umtalsverður. Við þessu hafa verið mjög góð viðbrögð enda eru bændur að spara sér með þessu talsverð útgjöld og um leið að fá markvissari þjónustu við viðhald vélanna,“ segir Viktor.

/HKR.

REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// **AKUREYRI** Sími: 464-8600 /// www.VBL.is

BREVIGLIERI – Jarðtætarar

Gerð	Stærð	Útbúnaður	Þyngd
B123v	230 cm	Sléttunarhlari	800 kg
B123v	250cm	Sléttunarhlari	850 kg
B123v	280cm	Jöfnunarvals	1200 kg
B123v	300cm	Sléttunarhlari	950 kg

BREVIGLIERI – Pinnatætarar

Gerð	Stærð	Útbúnaður	Þyngd
Mek 170	350	Jöfnunarvals (50 cm), 2 hraða	1650 kg

VB LANDBÚNAÐUR ehf.
VB Agriculture Ltd.

www.VBL.is

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600



ÞAKPAPPI OG RENNUR



STEINULL



BURÐARVIÐUR



VERKFÆRI



VINNUVETTLINGAR



GIRÐINGAR-STAURAR



GIRÐINGARNET OG GADDAVÍR

BÁRUJÁRN



VERÐVERND BYKO

LÆGRA
VERÐ

BYKO

BÚÐU BETUR. BORGADU MINNA.

DAIKIN

-25°C



LOFT Í LOFT VARMADÆLUR

- Framleiddar í Evrópu
- 5 ára ábyrgð
- Prívíddar loftflæði
- Hreyfiskynjari
- 10°C frostvörn
- GSM stýring*

* Aukahlutur

Ein sú hljóðlátasta á markaðnum -
komið og hlustið í verslun okkar!

Nánari upplýsingar:
lagnadeild@byko.is,
sími 515-4040.



www.byko.is / EXPO auglýsingastofa

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

facebook.com/BYKO.is

Fréttir



Fjöldi ályktana aðalfundar Landssambands kúabænda sneri að mikilvægi þess að auka mjólkurframleiðslu á landinu til að staðið yrði undir eftirspurn á markaði.

Mynd / HKr.

Vinna á ákveðið að innflutningi erfðaefnis holdanautgripa

Á aðalfundi Landssambands kúabænda, sem fram fór dagana 28.-29. mars síðastliðin voru afgreiddar 22 ályktanir er varða málefni greinarinnar. Meðal þeirra voru ályktanir sem sneru að innflutningi erfðaefnis holdanautgripa, um auknar rannsóknir og ráðgjöf og vinnu að nýjum búvörusamningi.

Fjöldi ályktana sneri að mikilvægi þess að auka mjólkurframleiðslu á landinu til að staðið verði undir eftirspurn á markaði.

Fundurinn hvatti meðal annars bændur til að leita sér faglegra leiðbeininga sem þeim stæðu til boða, meðal annars hjá Mjólkursamsöslunni og Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML). Í samhengi við það voru forráðamenn RML hvattir til að seta aukinn kraft í verkefnið „Meiri mjólk“ enda væri aukin framleiðsla lykilatriði til að nýta þau tækifæri sem væru til staðar í greininni.

Búa þarf til hvata til aukinnar framleiðslu

Þá lagði fundurinn til að beingreiðslur í mjólkurframleiðslu skiptust þannig að greidd væru 40 prósent fyrir a-hlutann, 35 prósent fyrir b-hlutann og 25 prósent fyrir c-hlutann frá og með verðlagsárinu 2015. Rökstuðningurinn er sá að söluaukning mjólkurafurða undanfarna mánuði eigi sér engin fordæmi. Því sé afar mikilvægt að skipting beingreiðslna feli í sér hvata til aukinnar framleiðslu og jöfnunar á árstíðasveiflu í mjólkurframleiðslu. Mikilvægt sé að auka vægi c-greiðslna yfir sumarmánuði til að hvetja til aukinnar framleiðslu á þeim árstíma, en að jafnaði hefur

innvigtað mjólkurmagn dregist saman yfir sumartímenn.

Vilja hefja vinnu við nýjan búvörusamning

Þá lagði fundurinn áherslu á að hafinn yrði vinna við nýjan búvörusamning í mjólkurframleiðslu, með það að markmiði að efla samkeppnishæfni og treysta afkomu greinarinnar.

Meðal þess sem eðlilegt fundurinn vill leggja til grundvallar við þá vinnu er að tryggja verði öruggt framboð nautgripaafurða fyrir íslenska neytendur á hagstæður verði, að skapaðar verði aðstæður til að nýta sóknarfæri á erlendum mörkuðum, að tryggja stöðu greinarinnar sem eins af undirstöðuáttvinnuvegum þjóðarinnar og jákvæðri ímynd greinarinnar verði viðhaldið. Í þessari vinnu sé nauðsynlegt að fara yfir framkvæmd gildandi samnings, áhrif kvótakerfisins á greinina og stöðu verðlagningar og tollamál.

Hófleg áhætta af innflutningi

Fundurinn fól stjórn Landsambandsins einnig að vinna ákveðið að því að bændum standi til voða nýtt erfðaefni holdanautgripa sem fyrst. Niðurstöður áhættumats sem Matvælastofnun gerði að beiðni atvinnuvegaráðherra vegna hugsanlegs innflutnings á holdanautasæði og fósturvísun frá Noregi sýni að mikil tækifæri séu til að efla holdanautabúskap hér á landi með hóflegum kostnaði og hóflegri áhættu.

Allar ályktanir fundarins má nálgast inni á síðu Landssambands kúabænda, naut.is.

/fr



Sigurður Loftsson, formaður Landssambands kúabænda.

Mynd / HKr.

Auka þarf mjólkurframleiðslu um 20 milljónir lítra fram til ársins 2020:

Mjólkurverð hækkað mun minna en vísitala síðast áratug

– „Ögrandi og spennandi staða,“ segir formaður Landssambands kúabænda

Verð á mjólk til neytenda hefur hækkað mun minna en vísitala frá 2004. Samstarf stjórnvalda, launþegahreyfinga og afurðastöðva við verðlagningu mjólkur og mjólkurvara hefur því ótvírætt skilað tilætluðum árangri. Frá árinu 2004 hefur árlegur vinnslukostnaður lækkað um 2 milljarða króna.

Þetta kom fram í setningarræðu Sigurðar Loftssonar formanns Landssambands kúabænda á aðalfundi sambandsins í síðustu viku. Vísaði hann með þessum orðum í skýrslu sem fyrirtækið Innform ehf. gerði fyrir Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði og skilaði í marsmánuði. Benti Sigurður á að þó einungis þetta væri nefnt hluti það að teljast mikill árangur í mjólkurframleiðslu og –vinnslu hér á landi.

Óvægin umræða um mjólkurframleiðsluna

Sigurður setti þessar niðurstöður skýrslunnar í samhengi við óvæga umræðu í garð mjólkurframleiðslunnar á síðustu misserum. „Hafa þar geyst hvað mest um ríttvelli sterklærðir hagspekingar og ýmsir umræðustjórnendur samfélagsins, dragandi of sterkar niðurstöður af oft á tíðum óþægilega grunnnum forsendum þar sem verulega skortir á vandaða rannsóknarvinnu. Því er jafnan haldið fram að landbúnaðarkerfið sé úrelt og þauljöpluð er sú tugga að ofurtollar á innfluttar landbúnaðarvörur séu ein helsta ástæðan fyrir bágrni afkomu almennings. Ekkert er þó fjarri sannni og við hljótum að krefjast þess að þeir aðilar sem ætlast til að vera teknir alvarlega framkvæmi slíka samanburði á sanngirnismótum,“ sagði Sigurður.

Sigurður bætti við að hvað sem samfélagsumræðu liði, óvæginni eða ekki, þyrftu kúabændur fyrst og fremst að horfa til framtíðar. Markaðsþróun og tækifæri þyrfti að nýta sem best því ef greinin sjálf sinni þeim ekki myndu aðrir grípa gæsina. „Það hvílir á okkur mikil ábyrgð, nautgripaæktin stendur fyrir nálægt 45 prósent allrar landbúnaðarframleiðslu á Íslandi, veltir nálægt tveimur tugum milljarða króna á ári. Starfsgrein af þeirri stærðargráðu verður að eiga sér langtímamarkmið og sóknarvilja.“

Mikilvægt að íhuga orð sín í opinberri umræðu

Fram kom í ræðu Sigurðar að innlögð mjólk á árinu 2013 var 122,9

milljónir lítra samanborið við 125,1 milljón lítra árið áður. Er þar um samdrátt upp á 1,7 prósent að ræða. Sá samdráttur hafi hins vegar ekki komið fram fyrr en um mitt síðasta ár og því hafi birgðastýringu verið hættað út frá þeim forsendum fyrri hluta ársins. Í lok sumar hafi staðan verið orðin þannig að í óefni hafi stefnt vegna gríðarlega mikillar sölu og þess samdráttar sem orðin var í framleiðslu. Var þá gripið til þess ráðs að lofa fullri greiðslu fyrir 3 milljónir lítra og síðar alla mjólk umfram greiðslumark. Þrátt fyrir að þær aðgerðir hafi skilað aukinni framleiðslu dugði það ekki til og nauðsynlegt reyndist að flytja inn smjör til að tryggja framboð á mjólkurvörum, svo sem frægt er orðið. Mikil umræða spratt upp um þá stöðu, ekki síst á meðal bænda sjálfra.

Sigurður gagnrýndi hversu sterk orð ýmsir hefðu notað í þeirri umræðu því þó allir séu frjálssir skoðana sinni sé mikilvægt að íhuga orð sín og áhrif þeirra áður en þau séu látin falla í opinberri umræðu.

Sala mjólkurafurða vex enn hratt

Greiðslumark ársins í ár var ákveðið 125 milljónir lítra sem er aukning um 9 milljónir lítra frá fyrra ári. Var það gert til að mæta þessari miklu aukningu í sölu á mjólkurafurðum, til að bæta birgðastöðu og hvetja til aukinnar framleiðslu. Sigurður sagði fulla ástæðu til að ganga enn lengra til að auka framleiðsluhvata innan greinarinnar og nefndi í því sambandi breytingu á hlutföllum við skiptingu beingreiðslna. Ljóst

væri að kúabændur þyrftu að halda verulega vel á spöðunum. Tölur um sölu mjólkurafurða frá því í lok febrúar sýndu að sala færi enn hratt vaxandi en að sama skapi færi innvigtun mjólkur einnig vaxandi. Hins vegar hafi fituhlutfall mjólkur farð lækkað og því væri framleiðsla á fitugrunni svipuð milli ára.

Þörf á 20 prósentu aukningu

Framleiðsla á mjólk þarf að vaxa um 20 milljónir lítra fram til ársins 2020 gangi mannfjöldaspár og spár um aukningu komu ferðamanna til landsins eftir auk þess sem aukning í sölu á fituhluta mjólkur verði í sama takti og undanfarnir tíu ár.

Árið 2020 mun, gangi spár eftir, þurfa að minnsta kosti 145 milljóna lítra framleiðslu til að fullnægja innanlandsþörf. Það er aukning um 20 prósent frá yfirstandandi ári. Í þessum áætlunum er ekki gert ráð fyrir skipulagðri framleiðslu til útflutnings heldur einungis að flutt verði út það sem fellur til af próteinhluta mjólkur umfram innanlandsþarfir.

„Þetta er ögrandi og spennandi staða og æði ólík þeim harða samdrætti sem blasti við forsvarsmönnum Landssambands kúabænda í árdaga samtakanna. En í grunninn stöndum við þó frammi fyrir sama viðfangsefni, sem er hvernig auka má hagskvæmni íslenskrar mjólkurframleiðslu, til hagsbóta fyrir bændur og neytendur. Það er okkur lífsnauðsyn,“ sagði Sigurður í ræðu sinni.

/fr

Fullt afurðastöðvaverð fyrir alla mjólk

Egill Sigurðsson, stjórnarformaður Auðhumlu svf., lýsti því yfir á aðalfundi Landssambands kúabænda síðasta föstudag að félagið muni greiða fullt afurðastöðvaverð fyrir alla innvegna mjólk árið 2015. Er um mikið fagnaðarefni fyrir kúabændur að ræða enda var orðum Egils fagnað á fundinum.

Má setja yfirlýsingu Egils í samhengi við að í ræðu Sigurður Inga Jóhannssonar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fyrir á fundinum velti ráðherrann upp hvort kvóti í mjólk væri ekki orðinn hamlandi fyrir framleiðsluaukningu og taldi hann eðlilegt að taka núverandi kerfi til endurskoðunar þegar núverandi búnaðarsamningar rynnu út. Á uppboðsmarkaði með greiðslumark í mjólk sem fór fram nú 1. apríl



Egill Sigurðsson.

Mynd / HKr.

síðastliðinn var sáralítill eftirspurn eftir kvóta en aðeins tvö gild tilboð um kaup bárust. Kemur það ekki á óvart miðað við þá stöðu sem uppi er, ekki síst í ljósi þess að greitt verði fullt verð fyrir alla innvegna mjólk.

/fr

AUÐLIND
NÁTTÚRUSJÓÐUR

Auðlind-Náttúrusjóður auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum fyrir árið 2014

Auglýst er eftir umsóknum um styrki til endurheimtar votlendis.

Hámarksfjárhæð styrkja fyrir hvert verkefni er kr. 500.000.

Upphæð styrks getur numið allt að 50% hluta kostnaðar. Rannsóknarverkefni eru almennt ekki styrkt.

Umsóknareyðublöð eru á www.audlind.org.

Upplýsingar má fá hjá raga@nett.is.

Umsóknarfrestur er til og með 28. apríl 2014.

Umsóknir skal senda á:

Auðlind Náttúrusjóður, pósthólf 1358, 121 Reykjavík

Þórsþing til heiðurs Þór Vigfússyni fyrrum skólameistara

Þórsþing er sagnaping til heiðurs Þór Vigfússyni, fyrrum skólameistara á Selfossi. Verður það haldið sunnudaginn 6. apríl frá kl. 14 til 17 í húsakynnum Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi.

Húsið verður opnað gestum kl. 13 og í hinum ýmsu stofum skólans verður brugðið upp á skjá erindum og ræðuköflum sem Þór hefur haldið gegnum tíðina. Þingið hefst formlega með því að hringt verður hinni gömlu skólabjöllu Iðnskólans. Fjölbreytt erindi verða flutt, m.a. um drenginn Þór, Þór í Þýskalandi, Þór með hamarinn, Þór og sportið og Afi og stóra bókin. Þá mun



Þór Vigfússon.

Kristjana Skúladóttir syngja þýsk revíulög og fyrrverandi kórfélagar Fjölbrautaskólans koma fram undir stjórn Jóns Inga Sigurmundssonar. Systkinin Guðrún Sigríður og Snorri

Sigfús Birgisbörn flytja þjóðlag. Eftir þingið geta gestir nálgast kjötsúpu og rjómapönnukökur í anda Þórs á veitingastaðnum í Tryggvaskála Strætisvagnar keyra frítt þennan

dag frá Mjódd í Reykjavík og um Suðurland í tilefni kynningaráðsins „Leyndardómar Suðurlands“ sem staður hefur frá 26. mars og stendur til 6. apríl. /MHH

Bændablaðið

Kemur næst út

16. APRÍL

STEYPUSTYRKJARJÁRN,
LYKKJUR OG JÁRNAMOTTUR

Smíðjuvegi 2 • 200 Kópavogur • Sími 577 1200 • Fax 577 1201

BÁRUJÁRN
ALUSINK OG LITAD ALUSINK
PLÖTUR KLÆDA 107 CM

Smíðjuvegi 2 • 200 Kópavogur • Sími 577 1200 • Fax 577 1201 • stjornublikk@stjornublikk.is • www.stjornublikk.is

KOPAR OG SINK
KLÆDNINGAR

Smíðjuvegi 2 • 200 Kópavogur • Sími 577 1200 • Fax 577 1201 • stjornublikk@stjornublikk.is • www.stjornublikk.is

VEGGKLÆDNINGAR
OG FLASNINGAR

Smíðjuvegi 2 • 200 Kópavogur • Sími 577 1200 • Fax 577 1201 • stjornublikk@stjornublikk.is • www.stjornublikk.is

Sáðvörur 2014 Verðalisti

Grasfræ til túnræktar

		Yrki	kg/ha	Sekkur kg.	Söluverð
2000515	Grasfræblanda 1*		25	25	19.975
2000520	Grasfræblanda 2*		25	25	18.880
2000516	Grasfræblanda 1a*		25	25	20.122
2000521	Grasfræblanda 2a*		25	25	19.629
2000525	Grasfræblanda 3*		25	25	21.787
2000530	Grasfræblanda 4*		25	25	21.900
2002032	Vallarfoxgras	Snorri	25	10	8.683
2002028	Vallarfoxgras	Engmo	25	25	16.388
2003020	Vallarsveifgras	Sobra	18	25	16.973
2003030	Vallarsveifgras	Balin	18	25	19.238
2004012	Fjölært rýgresi	Calibra	35	20	13.720
2004020	Fjölært rýgresi	Bargala	35	25	18.014
2001022	Túnvingull	Gondolin	20 til 25	18	9.882
2001021	Túnvingull	Gondolin	20 til 25	20	10.980
2004074	Hvítsmári	Undrom	5 til 6	10	12.493
2004087	Rauðsmári	Ares	5 til 6	10	17.091

- * 1: Engmo 50% - Snorri 40% - Baron 5% - Dunluce 5%

* 2: Engmo 55% - Snorri 20% - Baron 25%

* 1a: Vallarfoxgras Tuukka 70% - Vallarfoxgras Tenho 20% - Vallarsveifgras Baron 5% - Fjölært rýgresi Dunluce 5%.

* 2a: Vallarfoxgras Tuukka 75% - Vallarsveifgras Baron 25%
- * 3: Vallarfoxgras Tuukka 30% - Vallarfoxgras Tenho 30% - Hávingull Inkeri 30% - Vallarsveifgras Baron 5% - Vallarrýgresi Bargala 5%.

* 4: Vallarfoxgras Tuukka 25% - Vallarfoxgras Tenho 20% - Hávingull Inkeri 45% - Vallarsveif Baron 10%.

Grænfóðurfræ

		Yrki	kg/ha	Sekkur kg.	Vaxtað**	Söluverð
2012015	Sumarrýgresi	Barspectra 2 (4 n)	35	25	50-60	11.638
2012020	Sumarrýgresi	Bartigra	35	25	50-60	11.638
2013015	Vetrarrýgresi	Barmultra (4 n)	35	25	70-100	11.286
2013024	Vetrarrýgresi	Turgo	35	25	70-100	10.260
2011014	Sumarhafrar	Belinda	180-200	25	75-110	3.910
2011016	Sumarhafrar	Belinda	180-200	600	75-110	93.312
2014020	Sumarrepja	Pluto	15	10	50-75	9.990
2015015	Vetrarrepja	Barcoli	10	25	90-120	12.690
2015025	Vetrarrepja	Hobson	10	25	90-120	11.900
2016061	Fóðurnæpur	Samson	1,5	1	100-130	1.800
2016014	Fóðurmergkál	Gruner Angeliter	9	1	120-150	2.050

** Vaxtadagar - eða nýtingartími frá sáningu. Oftast miðað við daga frá 31. maí.

Bygg og hafrar til þroska

		Yrki	kg/ha	Sekkur kg.	Söluverð
2022510	2ja raða	Kría	180-200	25	3.675
2022517	2ja raða	Kría	180-200	700	103.900
2023010	2ja raða	Filippa	180-200	25	3.518
2023031	2ja raða	Filippa	180-200	700	98.490
2023035	2ja raða	Barbro	180-200	30	4.620
2023036	2ja raða	Barbro	180-200	700	101.500
2022010	6 raða	Lómur	180-200	25	3.700
2022017	6 raða	Lómur	180-200	700	103.000
2021005	6 raða	Tiril	180-200	40	6.811
2023033	6 raða	Brage	180-200	600	88.320
2022020	6 raða	Judit	180-200	30	4.620
2022021	6 raða	Judit	180-200	700	101.500
2011079	Hafrar til þroska	Cilla	180-200	25	3.773
2011081	Hafrar til þroska	Cilla	180-200	600	92.022

Öll verð án vsk. – Sé óskað eftir tegundum sem ekki eru á listanum reynum við að útvega þær.

PANTAÐU Á

fodur.is

– ALLAR NÁNARI
UPPLÝSINGAR

KS og KVH:

Greiða uppbót á lambakjöt

Kjötafurðastöð Kaupfélags Skagfirðinga og Sláturhús KVH hafa tilkynnt að innleggjendur þeirra fái greidda 15 króna uppbót á hvert innlagt kíló af lambakjöti árið 2013.

Þetta þýðir að meðalverð til bænda fyrir lambakjöt innlagt hjá fyrirtækjunum 2013 hækkar um áður nefndar 15 krónur og verður 598 krónur á kíló í stað 583 króna. Ekki er greidd uppbót á annað kindakjöt. Greiðslan hefur enn fremur þau áhrif að meðalverð lambakjöts til bænda á landinu öllu hækkar úr 585 krónum á kíló í 590 krónur. /fr



FB Reykjavík
Korngórdum 12
sími 570 9800



FB Egilsstöðum
Miðvangi 31
sími 570 9860



FB Hvalsvellir
Hlíðarvegi 2-4
sími 570 9850



FB Selfossi
Austurvegi 64a
sími 570 9840

FB

FÓÐURBLANDAN

– í héraði hjá þér

Fréttir

Listin að lifa – geðheilsa

Kristín Linda Jónsdóttir sálfræðingur



Tíminn

Stundum virðumst við gleyma því að tíminn er takmörkuð auðlind. Enginn er maður svo máttugur að geta stöðvað tímans hjól eða fjölfaldað sjálfan sig til að nýta sama tímann oft eða að vera á mörgum stöðum í einu. Flestir upplifa að þeir hafi ekki tíma til að koma öllu í verk sem þeir óska sér hvort sem það er tengt vinnu, félagsstarfi, áhugamálum eða samskiptum við annað fólk.

- Sannleikurinn er sá að eitt af því sem er alveg öruggt í tilverunni hér á þessari jörð er tíminn. Klukkustundirnar í sólarhringnum eru þekkt stærð og það sem meira er hér ríkir algjört jafnrétti, við höfum öll jafn mikinn tíma á meðan við erum á lífi.

Við getum öll notið lífsins í 24 klukkustundirnar á sólarhring og 168 klukkutíma á viku. Enginn fær fleiri klukkustundir en annar. Samt segja sumir að þeir hafi engan tíma og að það sé alltaf brjáláð að gera. Þeir eru sífellt að barma sér yfir tímaleysi eða mikla upp sinn eigin tímaskort. Hvað þýðir það eiginlega? Er ekki í raun kjánalegt og sjálfmiðað að kvarta sí og æ yfir tímaleysi. Við höfum jú öll sama tímann á hverjum degi, í hverri viku og hverjum mánuði. Tímaskortur verður til vegna þess að við yfirhlöðum lífsvagninn okkar, viljum engu sleppa, höfum ekki bein í nefinu til að segja nei, hvorki við okkur sjálf né aðra og ekkert svigrúm fyrir það óvænta í lífsdansinum.

- Þeir sem eru að bugast af tímaskorti þurfa að horfast í augu við þá staðreynd að tíminn er takmörkuð auðlind, hann er alveg þekkt stærð og hvorki umsemjanlegur né teygjanlegur.

Tímastjórnun snýst í einfaldri mynd um að ná taki á eigin hugsun og hegðun þannig að við njótum tímans í stað þess að hafa sífellt áhyggjur af því að okkur vanti hann. Til þess þurfum við að setja mörk og skipuleggja okkur á skynsamlegan hátt í stað þess að bæta í tímapottinn þó þegar flæði upp úr.

Höfum hugfast að ef við upplifum sífellt tímapressu veldur það viðvarandi streituástandi sem er afar óhollt bæði fyrir líkama og sál. Viðvarandi streita virkar eins og gróðrarstúa fyrir önnur heilsufarsvandamál, bæði líkamleg og andleg.

Ef þú upplifir að þú hafir ekki stjórn á tíma þínum og hlaupir í gegnum lífið yfirkeyrður, spenntur og stressaður er mál að staldra við og hugsa sinn gang. Sumir sækja í að vera allt í öllu eða ætla sér um of vegna þess að það þá hafa þeir á tilfinningunni að þeir séu ómissandi, mikils virði, vel metnir eða að lítið sé upp til þeirra. Höfum þá í huga ljóðlínu Magnúsar Eiríkssonar, kirkjugarðar heimsins geyma ómissandi fólk.

- Auðvitað er mikilvægt að leggja sitt af mörkum

bæði í vinnu, einkalífi og samfélaginu en þetta er þinn tími og hver klukkustund kemur aðeins einu sinni.

Núna, strax í dag er kjörið að líta aðeins á eigin tímastjórnun. Hvernig nýtur þú tímans sem þú til umráða á hverjum degi? Hvert er svigrúmið? Í hvað ertu að ráðstafa tímann í vinnunni og utan hennar?

Hjá flestum taka föst störf ákveðin tíma og mörg þeirra viljum við hafa áfram á sínum stað en ef til vill ekki öll. Skoðaðu málið. Er hægt að stytta þann tíma sem þú nýtir við þau störf á búinu eða í annarri vinnu sem gefa þeir minnsta ánægju eða eru mest slítandi? Til dæmis með einhvers konar tækni, hagræðingu eða samvinnu? Er hægt að breyta einhverju í hversdeginum á heimilinu þannig að minni tími fari í endurtekna hluti sem ekki skapa þér uppbyggilega ánægju? Hvernig er með félagslíf og félagsstarf? Félagsleg heilsa er mikilvæg og þess vegna er rétt að skoða hvernig þú verð tíma þínum í félagslífi, er hann gefandi og hæfilegur? Er saumaklúbburinn, kóræfingin, fundurinn, spjallið við bóndann á næsta bæ skemmtilegt og uppbyggjandi? Er það þess virði að nýta takmörkuðu auðlindina þína, tímann í það?

- Gleymum því ekki að við erum öll einstök og þurfum ekki að kjósa að nýta tíma okkar á sama hátt og fólkíð á næsta bæ. Við erum frjáls og sjálfstæð og þetta er okkar líf.

Skoðum daginn og verkefnin með alveg opnum huga, glöggu gestsauga. Einn af lykllum hamingjunnar er að hlaða ekki svo miklu á dagana sína að við gleymum að njóta tímans og förum eingöngu að nota hann, alveg upp til agna. Annar lykill felst í því að hafa alltaf bæði daglega og vikulega tómar stundir á dagskrá, ekki tómstundir heldur tómar stundir.

Til þess bara að vera til og og eiga tímarúm til að ráðstafa í núinu. Stundir sem við getum nýtt í takt við daginn, bara þegar að honum kemur.

- Staðreyndin er sú að ef við upplifum okkur með yfirfulla dagskrá, bundin í báða skó, öllum stundum er ekkert eftir til að grípa óvænta töfra dagsins. Ekkert eftir fyrir nú framtíðardagsins, þegar það kemur, viljum það?

Það er sífellt áskorun að leika sér á jafnvægislíðunni í dansi lífsins, ekki of mikið ekki of lítið bara mátulegt... og nú er ég bókuð hjá tannlækninum mínum eftir korter, löngu ákveðið stefnumót sem tekur sinn tíma af 24 klukkustundum þessa sólarhrings, engin fjölföldun í boði, ég verð að mæta.

Heimildir: J. S. Beck og R. B. Noyes.

Erindi um landbúnaðartengda ferðapjónustu á Landsýn: Ferðapjónusta þrífst best í öflugu samfélagi

– segir Ragnhildur Sigurðardóttir, lektor við Landbúnaðarháskóla Íslands

Landsýn, Vísindaping landbúnaðarins, var haldið á Hvanneyri 7. mars síðastliðinn. Þar fluttu þær Ragnhildur Sigurðardóttir, lektor við Landbúnaðarháskóla Íslands, og Arnheiður Hjörleifsdóttir, ferðapjónustubóndi á Bjartheyjarsandi á Hvalfjarðarströnd, erindi um landbúnaðartengda ferðapjónustu.

Þær eru báðar umhverfisfræðingar og sauðfjárbændur og hafa starfað saman að nokkrum verkefnum á þessu sviði á undanförmum árum. Í erindinu fóru þær yfir stöðu landbúnaðartengdrar ferðapjónustu á Íslandi í dag, tóku innlend og erlend dæmi og horfðu til framtíðar.

Ferðapjónustan stendur frammi fyrir mörgum áskorunum

Þar kom fram að ferðapjónusta á Íslandi er vaxandi atvinnugrein og mikilvæg með tilliti til gjaldeyris- og atvinnusköpunar. Spár gera ráð fyrir enn frekari fjölgun ferðamanna til landsins næstu ár og því að mörgu að hyggja varðandi uppbyggingu innviða og þjónustu í tengslum við þennan vöxt. Ferðapjónustan er tiltölulega ung grein á Íslandi og í raun ekki svo ýkja langt síðan Íslendingar fóru sjálfir að ferðast að einhverju ráði – hvort heldur um eigið land eða um önnur lönd. Þessi unga atvinnugrein stendur frammi fyrir margvíslegum áskorunum og er nærtækast í því samhengi að vísa til mikillar umræðu um þolmörk svæða og gjaldtöku á ferðamannastöðum.

Ragnhildur hefur sjálf farið með hópa innlendra og erlendra gesta í sögufylgd um Snæfellsnes í mörg ár og hefur tekið þátt í mörgum verkefnum sem miða að því að efla svæðið. Þar má nefna vinnu að Svæðisgarði á Snæfellsnesi (svaedisgardur.is). Þar er um sóknaráætlun að ræða þar sem sveitarfélög, fulltrúar atvinnulífs og frjálsra félagasamtaka leggjast á eitt



Ragnhildur Sigurðardóttir

við að efla lífsgæði og atvinnulíf. „Snæfellingar hafa um nokkurt skeið unnið að eflingu byggðar og sjálfbæru samfélagi. Heimamenn úr sveitunum á sunnanverðu Snæfellsnesi, frá Hítará að Hellnum, hittast til dæmis aðra hverja viku og vinna að verkefnum um sitt heimasvæði, safna upplýsingum og finna leiðir til að nýta þessa þekkingu til uppbyggingar og nýsköpunar í ferðapjónustu á svæðinu,“ segir Ragnhildur um þetta verkefni.

„Landbúnaðartengda ferðapjónusta er hægt að skilgreina einfaldlega sem „ferðapjónustu sem tengd er landbúnaði“,“ segir Ragnhildur þegar hún er beðin um að útskýra hugtakið. „Í flestum tilfellum er um að ræða reynslu eða upplifun af því að heimsækja bóndabæ eða annað landbúnaðartengd fyrirtæki þar sem tilgangurinn er fræðsla, skemmtun, afþreying eða einhvers konar þátttaka í því sem fram fer. Það er hægt að markaðssetja frið og ró þótt það hljómi eins og þversögn. Hægt er að bjóða upp á ferskan, árstíðabundinn mat og innsýn í líf sem annars væri mörgum algerlega ókunnugt.“



Ragnhildur fræðir hóp á Búðum árið 2011.

Fréttabréf Sláturfélags Suðurlands:

Góð afkoma SS skilar bændum 2,7 prósentu viðbót

Í nýútkomnu fréttabréfi Sláturfélags Suðurlands (SS) er fjallað um afkomu félagsins á liðnu ári. Samstæða SS skilaði 572 m.kr. hagnaði fyrir skatta sem er besta afkoma í 107 ára sögu félagsins og 22 m.kr. betri afkoma en fyrra ár. Vegna hinnar góðu afkomu verður bændum greitt 2,7 prósentu viðbót á afurðaverð liðins árs.

Stjórn félagsins samþykkti í fyrra svokallaða viðbótarstefnu sem felur í sér að 30 prósent af afkomu félagsins verður greitt til eigenda og innleggjenda. Þetta er gert með þeim hætti að fyrst er greitt í lögbundna sjóði auk vaxta á A deild stofnsjóðs og verðbóta og arðs á B deild. Það sem umfram er upp í 30 prósent af hagnaði er greitt til bænda, sem viðbót á innlegg liðins árs.

Félagið hefur undanfarin þrjú ár skilað mjög góðri afkomu. Efnahagur félagsins er traustur, með yfir 50

prósent eiginfjárhlutfall, og mjög sterka greiðslustöðu.

Eldi nauta – tilraunasamstarf við danskt fódurfyrirtæki

SS hefur hrundið af stað tilrauna-verkefni í samvinnu við danska fódurfyrirtækið Dlg, til að komast að niðurstöðu um það hvort og þá hver ávinningurinn sé af kraftmeiri fódrun á íslenskum nautkálfum. Ástæða þess að ráðist er í verkefnið er knappt framboð á nautakjöti undanfarin ár. Er kjötskorturinn einkum rakin til þess að skortur hefur verið á mjólk sem leiðir af sér að bændur halda kúm tímabundið lengur. Þá er ekki næg arðsemi af eldi, eins og það er stundað, og hefur það líka haft áhrif á kjöttframboðið.

Samkvæmt gögnum frá danska fódurfyrirtækinu Dlg, sem SS vinnur með, þá eru danskir holdagripir að

Samvinna í samkeppni

Í erindi þeirra stallsystra kom fram að ferðapjónusta þrífst best í öflugu samfélagi með sterka innviði. Algengt sé að fólk fari út í ferðapjónustu til að viðhalda ákveðnum lífsstíl, til að geta lifað af áhugamáli sínu eða til að skapa sér búsetugrundvöll á tilteknu svæði.

Ferðapjónusta hefur skapað eftirsóknarverð störf víða um land og leitt til fjölbreyttari þjónustu sem landsmenn geta nýtt sér. En hvaða framtíðarsýn hefur Ragnhildur fyrir greinina – eru til að mynda einhver tækifæri fyrir nýja þjónustu? „Með aukinni samvinnu milli ferðapjónustuaðila og annarra atvinnugreina kæmi meiri kraftur í vöruþróun. Eftirspurn eftir landbúnaðartengdri ferðapjónustu er til staðar og ferðaskipuleggjendur eru í auknum mæli að nýta sér það sem er í boði og þróa nýjar vörur og þjónustu. Heimagisting, hestaleigur, húsdýragarðar, gönguferðir og margt fleira getur flokkast sem liður í landbúnaðartengdri ferðapjónustu. Smalahundasýningar eru gott dæmi um spennandi nýsköpun og svo má nefna Green Care, sem er í mikilli sókn víða erlendis, en það er samstarf bænda við dvalarheimili eða sjúkrastofnanir.

Það liggja mörg tækifæri í því að tvinna betur saman landbúnað og ferðapjónustu. Nokkur íslensk dæmi og mörg erlendis frá má finna um vel heppnuð verkefni og af þeim má læra. Það verður að byggja á sjálfbærum grunni og hugmyndafræði umhverfisvænnar ferðapjónustu, leggja áherslu á dýravelferð, sjálfbærni, fræðslu, fagmennsku og samvinnu í samkeppni. Uppbygging í ferðapjónustu þarf líka að nýtast íbúum. Við eigum að byggja á sérstöðu Íslands og hvers svæðis. Sem dæmi má nefna náttúruna, jafnrétti, menningu og sögu og síðast en ekki síst litríku búfjárkynin sem hafa verið hér allt frá landnámi.“

Rétt hefur verið um að búa til formlegan samstarfsvettvang um landbúnaðartengda ferðapjónustu. Ég skora hér með á stjórn Ferðapjónustu bænda, Beint frá býli og Opins landbúnaðar að búa til ákveðinn verkamma fyrir samstarf. Skólarnir eru í fræðsluhlutverki og mikilvægt að virkja bæði Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskólann á Hólum enn betur á þessu sviði.“

/smh

skila að jafnaði 300 kg fallþyngd á 12 mánaða elditíma með þrískiptri fódrun. Það er svipuð fallþyngd og meðalþyngdin er í úrvalsflokki holdablendinga úr 24 mánaða eldi.

Óskað er eftir fimm bændum sem vilja taka þátt í þessari rannsókn. Rannsóknin verður með þeim hætti að hver bóndi þarf að geta haft aðskilda hópa með fimm til tíu kálfum sem eru fæddir á svipuðum tíma. Öllum gripunum verður slátrað að loknu 12 til 14 mánaða eldi. Með þessum hætti má fá samanburð og reikna ávinning af kjarnfóðurgjöf ef ávinningur kemur fram. Jafnframt sést hvernig íslenskir nautkálfar vaxa í samanburði við erlend holdakyn. Bændum sem hafa áhuga á að taka þátt í þessari tilraun er bent á að senda tölvupóst til Elíasar Hartmanns Hreinssonar deildarstjóra búvörudeildar SS í netfangið elias@ss.is.

/smh

Bændur treysta **TUDOR**



SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM
Bíldshófa 12 110 RVIK 5771515 skorri.is

TUDOR

opið virka daga frá 8:15 - 17:30

friendtex®

Brjáluð
LAGERSALA

aðeins í 4 daga
1. - 4. apríl

Getur valið 4 flíkur
og greitt 10.000 kr.

Buxnatilboð
2 stk á 6.000

f Friendtex á Íslandi

Bonito ehf. • Friendtex • Faxafen 10 • 108 Reykjavík • sími 568 2870 • www.friendtex.is
Opið þriðjudag - föstudag 11:00-18:00, lokað laugardaga

Thermia / Danfoss varmadælur - Gæði og þjónusta

Thermia eru mest seldu jarðvarmadælnar á Íslandi, yfir 30 ára reynsla!



SWEP varmaskiptar í öllum stærðum á frábæru verði. Hægt að fá þá með eða án einangrunar.

Grundfos UPS hringrásadælur 25/60 og 32/80 á lager.

Hitatúpur með hringrásadælu, veðurstýringu og þenslukeri. Sjálfvirk loft og lágspennuvörn tryggir endingu. 3 ára ábyrgð

- Hafðu samband og við reiknum út fyrir þig mögulegan orkusparnað þér að kostnaðarlausu.
- Höldum kynningar fyrir sveitafélög, sumarbústaðarfélög og aðra sem þess óska.

Sími: 517 0270
VERKLAGNIR.IS
Sérfræðingar í varmadælum!

VARMADÆLUR - VARMASKIPTAR - KÆLIKERFI - HITATÚPUR - HITAKÚTAR - INNHRINGIBÚNAÐUR - HITASTJÓRNBÚNAÐUR - HRINGRÁSADÆLUR - JARÐVEGSLAGNIR - TÖLVUKÆLAR

SWEP

DAIKIN

GRUNDFOS

Smiðjuvegur 70 - 200 Kópavogur www.verklagnir.is - info@verklagnir.is

* Samkvæmt prófunum á vegum Sænsku Orkustofnunarinnar

Vélar á verði sem gleður

- fyrir fagfólk í léttum iðnaði og lítil verkstæði

Rennibekkir, standborvélar, bandsagir, hjólsagir, bandslípivélar, beygjuvélar, róravalsar, legupressur, fjöklippur, sandblásturstæki og margt fleira.

Sýningarvélar á staðnum og rekstrarvörur að auki



IÐN VÉLAR

IÐN VÉLAR ehf. | Smiðjuvegi 44-46 | 200 Kópavogur | Sími 414 2700 | idnvelar@idnvelar.is | idnvelar.is



...frá heilbrigði til hollustu



Tímasprengja í höndum hestamanna

Í heimi íslenskra hestamanna hefur oft verið talað um tifandi tímasprengju þegar rætt er um alvarlega sjúkdóma sem borist getu til landsins. Reglulega berast fréttir af ólöglegum innflutningi notaðra tækja, tóla, bíla, hestakerra ofl. sem geta borið með sér smitefni. Hvort sem ólöglegur innflutningur stafar af ásetningi eða gáleysi er brotið alvarlegt, hvort heldur er fyrir hestaeigendur eða aðila sem stunda útlutning hrossa og afurða þeirra.

Flestir hestamenn óttast ófyrirséðar afleiðingar smitsjúkdóma, en aðrir hafa minni áhyggjur, ekki drepist íslenskir hestar sem fluttir eru til annarra landa og tal um alvarlegar afleiðingar af smiti hingað til lands sé hræðsluáróður. Málið snýst þó ekki um að hross drepist í stórum stíl, heldur að hestamenn muni tapa frelsi til athafna og hestahaldið verði kostnaðarsamara en hingað til.

Heilbrigði vart metið til fjár

Fæstir gera sér grein fyrir þeim lúxus sem íslenskir hestamenn búa við hvað varðar smitvarnir við hestahald hér á landi. Dýrmætt er að geta farið með hesta milli landshluta og reiðtygi milli hesthúsa, rekið hross á afrétt með tilheyrandi tripparéttum að ógleymdum öllum hestamannamótunum og hestaferðunum án þess að óttast að hrossin sýkist. Kostnaður hesteiganda vegna smitsjúkdóma er hverfesti hér á landi, dýralæknar sinna mest meltingarsjúkdómum, meiðslum og forvörnum.

Kostnaðarsamar afleiðingar smitsjúkdóma

Berist alvarlegur smitsjúkdómur í hross hér á landi yrðu afleiðingarnar viðamiklar og kostnaðarsamar. Hægt er að meðhöndla eða bólusetja gegn nokkrum alvarlegum smitsjúkdómum, s.s. hestainfluensu og alvarlegum herpesýkingum (EHV-1.) en ekki er þó víst að slíkar bólusetningar gefi örugga vörn. Mest er hættan á að til landsins berist smitefni sem ekki er hægt að verjast með þeim hætti. Þar er m.a. um að ræða fleiri stofna af streptokokkum skyldum þeim sem olli smitandi hósta en fyrst og fremst er mikil hætta á að hinn alvarlegi sjúkdómur kverkeiðlabólga (sem einnig er streptokokkasýking, S. equi) geti borist til landsins með

notuðum reiðfatnaði, reiðtygjum, áhöldum, hestakerrum o.fl. Ekki er hægt að verjast þeim sjúkdómi með bólusetningu eins og er. Grunnbólusetning (tvær til þrjár bólusetningar), mun kosta einhverja tugi þúsunda á hvert hross og svo árlega eftir það. Kostnaður við slíkar bólusetningar í nágrannalöndum okkar gefur hestamönnum hugmyndir um eða verðmiða á beinar afleiðingar smitsjúkdóma. Erfiðara er að setja verðmiða á meðhöndlun veikra hrossa og hömlur á ferðafrelsi (reiðtúrar, mótahald, hestaferðir) á meðan unnið væri að grunnbólusetningu á landsvísu, sem tæki nokkra mánuði.

Nauðsynlegt að hestamenn verjist sjálfir

Stjórnvöld gera það sem í þeirra valdi stendur til að varna því að smit berist til landsins og lög banna innflutning þess sem getur borið með sér smit í dýr. Á Keflavíkurflugvelli er hægt að koma notuðum reiðfatnaði í hreinsun sem uppfyllir kröfur um smitvarnir og eru menn hvattir til að nota þá þjónustu. Að öðrum kosti þarf að vera búíð að þvo og sótthreinsa notaðan reiðfatnað fyrir komuna til landsins. Með öllu er óheimilt að flytja inn notuð reiðtygi og notaða reiðhanska. Matvælastofnun hefur gefið út leiðbeiningar um hvað sé óhætt að flytja til landsins af notuðum reiðfatnaði, gefið út bæklinga og birt viðvaranir á heimasíðu. Skilvirkasta smitvörnin er þó hjá hestamönnum sjálfum og þá sérstaklega þeim sem hafa regluleg samskipti við útlönd. Mesti samgangurinn við útlönd er meðal reiðkennara, þjálfara, dómara og járnningamanna að ógleymdum erlendum kaupendum og gestum hestaleiga og þjálfunarstöðva. Hver og einn verður að staldra við þegar gest ber að garði ef líklegt er að hann sé nýlega kominn frá útlöndum. Það er engin ókurteisí að spyrja gest hvort hann sé hugsanlega með eitthvað sem gæti borið smit í hestana, s.s. reiðbuxur, skó, hjálm eða hanska, það sýnir einfaldlega ábyrgð hesteigandans. Að bera smitefni í hross er jafn alvarlegt hvort sem það er gert af gáleysi eða af ásetningi, afleiðingarnar geta orðið jafn dýrkeyptar og verða ekki aftur teknar.

Sigurborg Daðadóttir,
yfirdýralæknir

Einar Freyr Elínarson kjörinn nýr formaður Samtaka ungra bænda:

Raddir ungra bænda þurfa að heyrast

Einar Freyr Elínarson, bóndi í Sólheimatungu í Mýrdal, var kjörinn nýr formaður Samtaka ungra bænda á aðalfundi samtakanna sem haldinn var laugardaginn 22. mars síðastliðinn í Úthlíð í Biskupstungum. Ásamt Einarí voru þeir Ástvaldur Lárusson frá Núpi í Dýrafirði og Orri Jónsson frá Lundi í Lundareykjardal kosnir nýir inn í stjórn, en fyrir sátu þar þau Þórir Níelsson á Torfum og Jóna Þórunn Ragnarsdóttir á Reynivöllum.

Tryggja þarf rekstur Landbúnaðarháskólans

Ásamt hefbundnum aðalfundarstörfum voru tekin fyrir mál sem eru ungum bændum efst í huga um þessar mundir. Þar má nefna málefni Landbúnaðarháskóla Íslands, innflutningur erfðaefnis í íslenska kúastofninn, dýravelferð og nýliðun í landbúnaði. Fundurinn skoraði meðal annars á stjórnvöld að bæta fjárhagsstöðu Landbúnaðarháskóla Ísland, tryggja að skólinn geti veitt góða kennslu í landbúnaðartengdum greinum bæði á framhaldsskólastigi og háskólastigi við skólann til framtíðar og tryggja öflugt rannsóknarstarf við skólann.

Fyrir fundinn var ljóst að kjörinn yrði nýr formaður þar eða Jóhanna María Siigmundsdóttir frá Látrum gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu en Jóhanna situr sem kunnugt er á Alþingi og má ætla að tíma hennar sé naumt skammtað. Einar Freyr atti kappi við Loga Sigurðsson og hafði sigur.

Mikil drift í starfi ungra bænda

Einar Freyr segist þakklátur fyrir það traust sem honum er sýnt með kosningunni og hyggst efla starf samtakanna enn frekar. Það er ljóst að hann tekur við góðu búi en mikil drift hefur verið í samtökunum að undanförmu og hafa þau meðal annars heimsótt fjölda framhaldsskóla á landinu á liðnum vetri, auk þess að halda úti margþætta starfi í fræðslu og hagsmunamálum. Til að mynda hafa samtökin gefið út þrjú myndbönd þar sem mikilvægi landbúnaðar og ungra bænda er kynnt.

„Aðalfundur leggur auðvitað línurnar hvað varðar störf samtakanna. Hvað mig sjálfan varðar eru nýliðunarmál mér hugleikinn, svo sem kannski flestum ungum bændum. Ég vinn við búskap með móður minni í Sólheimahjáleigu þannig að þetta snertir mig í raun beint. Ég er sannfærður um að það er nauðsynlegt fyrir framfarir og nýsköpun í greininni að ungt fólk geti með auðveldari hætti hafið búskap, og ekki sist ungt fólk sem ekki er í aðstöðu til að taka við búum í gegnum ættliðaskipti. Við vitum að ungt fólk sem tekur við búi af foreldrum sínum er oft á tíðum betur sett varðandi þennan þátt en það er auðvitað mjög mikilvægt að auðvelda nýliðun fyrir alla. Í því samhengi þarf að móta leiðir við fjármögnun og varðandi lánamál. Sömuleiðis er mikilvægt að horfa til þess að bújarðir sem eru í landbúnaðarnotum séu ekki teknar undir aðra starfsemi athugasemdalaust,“ segir Einar Freyr.

Vanræksla nátengd félagslegum vandamálum

Einar Freyr segir að hann sé einnig mikil áhugamaður um dýravelferð og hyggist leggja enn aukna áherslu á þann þátt í starfi samtakanna.



Einar Freyr Elínarson, bóndi í Sólheimatungu í Mýrdal, er nýr formaður Samtaka ungra bænda.

„Með nýjum lögum um dýravelferð og breytingu á búfjáreftirliti hafa verið stigin ákveðin skref en ég persónulega held að ennþá sé til staðar grundvallar hugsunarvilla í kerfinu. Við þurfum að einblína mun frekar á dýravelferð í samhengi við félagsleg vandamál bænda. Þar sem er vanræksla á dýrum er í miklum meirihluta tilfella um að ræða vandamál hjá bændum. Ég held að við þurfum að horfa til þess í mun meira mæli að nýta þjónustu sálfræðinga og félagsráðgjafa í samhengi við þessi mál öll.“

Einar Freyr tekur undir að mikil drift hafi verið í starfi ungra bænda á síðustu misserum. „Ég held að næsta verkefni sé að gera enn betur í að tryggja það að rödd ungra bænda heyrst enn betur þar sem hún skiptir máli og ég hef mikinn áhuga á að vinna að því verkefni. Þá er ég að tala um stofnanir eins og búnaðarþing, fundi afurðastöðva og víðar þar sem ákvarðanir eru teknar. Það er gríðarlega mikilvægt.“

Vonast til að kynjahlutföll verði jafnari í framtíðinni

Spurður um ástæður þess hvers vegna halli svo á konur í stjórninni nú segir Einar Freyr að hann telji að karlar hafi í þetta skipti einfaldlega spýtt í lófana.

„Við höfum séð að konur hafa sannarlega gefið sig út fyrir að starfa í samtökunum og hafa gegnt viðamiklum hlutverkum á undanförmum árum, eins og sést ekki sist á farsælum formannsferli Jóhönnu Maríu. Staða kvenna í félagsmálum bænda tel ég að hafi verið að styrkjast verulega á

undanförmum árum og ég tel afar mikilvægt að raddir beggja kynja heyrst til jafns. Svona lenti þetta núna en ég vonast til að við berum gæfu til að hlutföllin verði jafnari í framtíðinni.“

Hyggst fjölga sauðfé

Einar Freyr er 23 ára bóndi í Sólheimatungu en þar býr hann ásamt sambýliskonu sinni, Söru Lind Kristinsdóttur, og tæplega eins árs gamalli dóttur þeirra, Grétu Björk. Hann útskrifaðist sem búfræðingur frá Hvanneyri síðasta vor og segir aðspurður að hann sé að velta fyrir sér möguleikum á frekara námi. Nú vilji hann hins vegar einbeita sér að því að stækka sauðfjárbúið, en hann stundar sauðfjárbúskap með móður sinni, Elínu Einarisdóttur, í Sólheimahjáleigu.

Þá vinnur Einar Freyr einnig á Hjallatúni, dvalar- og hjúkrunarheimili á Vík, sem næturvörður í hálfu starfi. Um 390 vetrarfóðraðar kindur eru í Sólheimahjáleigu og segist Einar Freyr stefna að því að fjölga þeim sem hraðast, helst upp í 600.

Sara Lind er í námi og Elín móðir Einar Freys rekur ferðaþjónustu í Sólheimahjáleigu. Spurður hvort ekki sé í nægu að snúast miðað við þetta allt tekur Einar Freyr svo sem undir það en segir fjölskylduna samhenta og þar hjálpist allir að. Einar Þorsteinsson, afi og nafni Einar Freys, er fyrrverandi ráðunautur og segir Einar Freyr það ómetanlegt að hafa slíkan hafsþjó af fróðleik sér til aðstoðar við búskapinn.

/fr

Lambamerki

Plastiðjan Bjarg – løjulundur, starfsþjálfunar- og endurhæfingarvinnustaður, er eina fyrirtækið sem framleiðir merki fyrir búfénað á Íslandi. Veljum íslenskt – það er allra hagur!

MICRO merki.

Þjóðum hin frábæru Micro lambamerki á mjög góðu verði. Lágmarkspöntun er 10 stk.

Veittur er 10% afsláttur ef merki eru pöntuð fyrir **15. mars**.

Hægt er að fá merkin í stökum númerum þ.e. þau þurfa ekki að vera í númeraröð. Pöntunina skal þá senda í excel-skjali, númer skráð í einn dálk.



Combi Nano lambamerki og örmerki.

Combi Nano merkin eru minni útgáfa Combi Mini merkja (ásætningsmerkja).

Mjög auðvelt er að lesa af merkjunum.

Annars vegar er hægt að fá þau sem venjuleg lambamerki þ.e. með blöðku beggja vegna. Hins vegar er blaðka þar sem bæjarnúmer og einstaklingsnúmer er áprentað og henni fylgir hringur sem er **endurnýtanlegur**. Í hringnum er rafrænn teljari sem er örmerki. Notuð er Combi Junior EID töng til ísetningar.

Hægt er að fá merkin í stökum númerum þ.e. þau þurfa ekki að vera í númeraröð. Pöntunina skal þá senda í excelskjali, númer skráð í einn dálk.

ATH! Pantanir á Combi Nano merkjum verða að berast fyrir 20. mars til að tryggja að þau verði komin fyrir sauðburð.



Verð á Nano örmerkjum er kr. 297,- m/vsk og 10% afslætti.

Fullt verð á þeim er kr. 330,- m/vsk

Vinsamlega takið fram um hvers konar merki er að ræða þegar pantað er.



Starfsþjálfunar - og endurhæfingar vinnustaður

Furuvöllum 1, 600 Akureyri.

Sími 461-4606, Fax 461 2995 - Netfang pbi@akureyri.is

Opnunartími: Mánudaga – föstudaga, kl. 08.00-16.00

**Minnum á að
hægt er að panta
öll lambamerki og
ásætningsmerki
á bufe.is**

SAMLOKUEININGAR!

**Í öllum stærðum og
gerðum**

Mjög gott verð

Hringdu og fáðu verðtilboð



480-5600

Sturtukerrur

2-3.5 tonna



Topplausnir - www.topplausnir.is

Smiðjuvegi 40 - Kópavogi - Sími 517-7718



Vredestein - Dráttarvéla- og aftanivagnadekk.

Heildarlausn!

Hjá BJB færðu réttu dekkinn fyrir öll tækin:

Sérstök fólkspíla, pallbíla- og jeppadekk, sérstök kerrudekk og einstök fjórhjóladekk. **Allt á einum stað.** Vertu í hópi þeirra öruggu á gæðadekkjum frá BJB.



Vredestein - Fólks- og sendibíladekk.



Bighorn, Wanda og Trailfinder - Fjórhjóladekk.



Federal - Kerrudekk (burðardekk).

Federal - Jeppa- og pallbíladekk.

Federal - Fólksbíladekk.



Fáðu upplýsingar um stærðir og verðtilboð. Hafðu samband við Piero Segatta, sérfræðing á sviði hjólbarda, sendu póst: piero@bjb.is



Dekk



Púst



Smurning



Bremsur



Fjóðrun



Rafgeymar



Önnur þjónusta



Aukin þjónusta

BJB | Flatahrauni 7 | 220 Hafnarfirði | Sími 565 1090 | www.bjb.is | Opið: mán. til fim. kl. 8 - 18, fös. kl. 8 - 16:30
Skoðaðu verð hjólbarda og þjónustu [www.bjb.is] Veldu gæðaðþjónustu BJB.

NÝTT FRÁ DICK CEPEK



TRAIL COUNTRY™

Trail Country er fínmyndað alhliða jeppadekk sem er ráfast og þægilegt í akstri innanbæjar, en býr einnig yfir frábærum aksturseginnleikum á vegum úti.

Trail Country er frábært alhliða heilsársdekk fyrir flestar gerðir jeppa og jepplinga.

FUN COUNTRY®

Fun Country var sérstaklega hannað með það í huga að ná fram einstökum askturseginnleikum við erfiðar aðstæður, auk þess að vera bæði hljóðlát og endingargott við akstur innanbæjar.

Fun Country er ætlað nútíma jeppum sem vilja komast lengra! Dekkið er fánlegt í stærðum frá 32" til 37".



NÝTT!
Trail Country

NÝTT!
Fun Country

Mud Country



Kletthálsi 3
110 Reykjavík
Sími 540 4900
arctictrucks.is

STEKKUR

Smali Guðs

Á dögnum fékk ég bók að gjöf. Bókin heitir Smyglari Guðs og er óvenjuleg saga um kristinn trúboða, Bróður Andrew, sem flutti guðsorð til allra kommúnistalanda og smyglaði Biblíunni til trúaðs fólks handan járntjaldsins.

Nú hvá kannski þeir sem þekkja mig, því traúðla er hægt að finna trúlausari mann. Hví skyldi þá nokkrum hafa dottið í hug að færa mér bók sem þessa að gjöf?

Smyglari Guðs er í mínum huga mjög merkileg bók, ekki vegna innihaldsins heldur þeirrar tengingar sem ég hef við bókina. Þetta eintak sem Hrafnkell vinur minn færði mér er nefnilega annað eintakið sem ég eignast. Hið fyrra hafði frændi hans, Hlífur Erlingsson frá Þorgrímsstöðum í Breiðdal, fært mér að gjöf fyrir um átta árum en mér til mikillar mæðu glataði ég bókinni einhvers staðar á lífsleiðinni. Það var mér því mikil sárabót að eignast annað eintak.

Hlífur var einstakur maður. Þegar ég hóf að fara í smalamennsku í Breiðdal haustið 2003 kynntist ég þessum ljúfa og þægilega manni. Hlífur bjó þá á Þorgrímsstöðum, innst í Suðurdal í Breiðdal ásamt Guðrúnu systur þeirra en Gunnar bróðir þeirra hafði kvatt þennan heim þá um sumarið. Þeir bræður höfðu þá um áratugaskeið staðið fyrir búskap á Þorgrímsstöðum. Mikil samvinna var milli þeirra bræðra og frændfólks þeirra á Gilsá, en þangað kom ég til að aðstoða Hrafnkel vin minn og foreldra hans, Lárus og Helgu, við smalamennsku þetta haust og flest haust síðan.

Hlífur og Guðrún brugðu búi haustið 2003 en eftir sem áður var Hlífur jafnan boðinn og búinn að aðstoða frændfólk sitt á Gilsá við ýmis störf og ekki síst fjárrag og smalamennsku. Það var hrein unun að fylgjast með honum við smalmennsku. Hann sagði enda að maður yrði að geta hugsað eins og sauður. Oft man ég eftir því að hafa staðið og horft á hann eiga við óþekkar kindur, sannfærður um að nú myndi hann ekki ná að komast fyrir þær. Nálega alltaf hafði ég á röngu að standa. Hlífur þekkti háttalag sköpnanna og landslagið eins og lófan á sér og nýtti sér það óspart.

Hlífur var trúaður maður og hafði starfað með Hvítasunnusöfnuðinum sem ungur maður. Fyrsta haustið sem ég smalaði í Breiðdal aðstoðuðum við Hlífur við smalamennsku í Þorgrímsstaðalandi. Eitthvað hitnaði mér í hamsi við erfiðleika sem ég trúi að hafi verið af misgáningi smalamanna sem með mér voru. Fór ég ófögurum orðum í talstöðina um hvers konar lyddur væru að smala með okkur. Eftir að smalamennsku var lokið sá Hrafnkell ástæðu til að skýra út fyrir mér að Hlífur frændi hans væri mikill trúmaður og varla hrifinn af munnsöfnuðinum. Lárus sagðist bara hafa slökkt á talstöðinni.

En þrátt fyrir alla mína bresti hafði Hlífur mætur á mér. Mér þótti því afar vænt um það þegar hann færði mér bókina að gjöf, hann hefur líklega haldið að bjarga mætti þessum guðleysingja og gera úr honum sæmilegan mann. Ég gleðst mjög yfir að hafa fengið hana aftur í hendur, jafnvel þó að um annað eintak sé að ræða.

Hlífur kvaddi þennan heim árið 2007. Ég lærði mikið af þessum einstaka heiðursmanni sem átti í fórum sínum hlýju, dugnað og jákvæðni fyrir alla sem á vegi hans urðu. Fyrir það fæ ég seint fullþakkað.

/fr



Aðalheiður Kjartansdóttir, formaður Félags starfsfólks í skólamötuneytum, og Guðbjörg Kristín Jónsdóttir aðstoðarkona.

Myndir / MPP

Félag starfsfólks í skólamötuneytum:

Markmiðið að efla samvinnu og standa fyrir fræðsluþingum

Félag starfsfólks í skólamötuneytum er heiti á félagi sem stofnað var í vetur og er það ætlað fyrir starfsfólk í eldhúsum í skólum landsins, sama á hvað stigi skólinn er. Aðalheiður Kjartansdóttir, matráður í Stórutjarnaskóla í Þingeyjarsveit, er formaður félagsins en með henni í stjórn eru Hulda Einarisdóttir, matráður í Síðuskóla á Akureyri, sem er gjaldkeri, og Jóna Halldóra Tryggvadóttir, matráður í Grunnskóla Húnaþings vestra. Meðstjórnendur eru Guðrún Ágústa Ágústsdóttir og Anna Arngrímsdóttir, sem báðar starfa í mötuneyti Menntaskólans á Akureyri.

„Við höldum fræðsluþing fyrir áramót í Stórutjarnaskóla og var það ætlað starfsfólki í skólamötuneytum. Við fengum til þess styrk frá Verkalýðsfélaginu Framsýn á Húsavík, en Stórutjarnaskóli lagði til húsnæði og búnað,“ segir Aðalheiður, en þingið var auglýst með því að senda tölvupóst á skólastjóra á svæðinu frá Húnavatnssýslum um Norður- og Austurland, að Djúpavogi. Heiða segir að ætlunin sé að reyna að koma félagskapnum á framfæri við starfsmenn skólamötuneyta um land allt og þannig fá fleiri til liðs við félagið. Alls eru nú 24 í félaginu.

Tveir fyrirlestrar

Tveir fyrirlesarar voru fengnir til að flytja erindi á þinginu, þær Anna Rósa Magnúsdóttir, næringarrekstrarfræðingur og forstöðumaður eldhúss Sjúkrahússins á Akureyri, og Borghildur Sigurbergsdóttir næringarráðgjafi. Þær fræddu fundargestir um rekstur stóreldhúsa, næringu almennt og mikilvægi þess að allir taki lýsi, „og almennt



Ung börn þurfa hollan og góðan mat. Hér eru nokkrir nemendur á aldrinum þriggja til fimm ára.

um jákvæðni gagnvart hollum og góðum mat,“ segir Aðalheiður.

Á þinginu kynnti Ekran ýmsar vörur sem félagið býður upp á og Norðlenska kynnti nýjar framleiðsluvörur sem sérstaklega eru framleiddar með skólamötuneyti í huga.

Almenn ánægja með þingið

„Markmið félagsins er að efla samvinnu og standa fyrir fræðsluþingum á hverju hausti hér og þar um landið. Við höfum áhuga fyrir að ná til sem flestra starfsmanna í skólamötuneytum hvar sem þeir starfa á landinu því vilji okkar stendur til þess að félagið stækki og dafni,“ segir Aðalheiður. „Það ríkti almenn ánægja með þingið og greinilegt var að fólk hafði þörf fyrir að hitta aðra í sömu atvinnugrein.



Nemendur í 5. og 6. bekk við morgunverðarhlaðborðið.

Það var mikið spjallað og fólk var að bera saman bækur sínar. Það er alveg sama hver grunnmenntun starfsfólks er, það er alltaf hægt að bæta við sig þekkingu og læra eitthvað nýtt.“

Þeir sem áhuga hafa fyrir að ganga í félagið geta haft samband við Aðalheiði t.d. með því að senda tölvupóst á netfangið heida@sturutjarnaskoli.is.

/MPP

Háprýstipvottadælur

Háprýstipvottadælur fyrir allan iðnað. Öflugar og vandaðar dælur á frábæru verði frá Comet, www.comet-spa.com
Aflgjafar: Rafmagn / Honda bensín / Yanmar dísil / Aflúrtak á traktor. Heitt og kalt vatn, mikið vatnsflæði og þrýstingur allt að 500 bör.



Hákonarson ehf. s. 892-4163, netfang: hak@hak.is vefsíða: www.hak.is








Allt fyrir kæli- & frystiklefa

Kælitækni



Áratuga reynsla og þekking

Rauðagerði 25 · 108 Reykjavík · Sími 440 1800 · kaelitaekni.is

Okkar þekking nytist þér

REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// www.VBL.is

REKSTRARVÖRUR – GOTT ÚRVAL

af augaboltum, beislisbitum, pinnum, beislisboltum, beisliskúlum, festihlekkjum, hraðtengihlekkjum, hringsplittum, keðjuhlekkjum, klofplittum, krókum, R-plittum, smellukrókum, smellusplittum, strekkjum, virólum, yfirtengjum, yfirtengiskúla, og margt fleira



HAGSTÆTT VERÐ

Sjá nánar í vefverslun okkar á VBL.is undir beislislutir



www.VBL.is
LANDBÚNAÐUR ehf.
NB Agriculture Ltd.

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600

Kjarni málsins Ekkert viðhald



Gluggar, hurðir, svalahurðir og sólstofur úr viðurkenndu PVC-U hágæða plastefni hafa einstakt einangrunargildi. Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla. Sparaðu tíma, leitaðu tilboða gluggar@kjarnagluggar.is



Kjarnagluggar


Selhellu 13, Hafnarfirði • sími 554 2800
kjarnagluggar.is

ARCTIC TRUCKS


CLAAS Arion 400 • 100-130 hestöfl



- ✓ Vökvaskiptur 16/16 girar
- ✓ 98 lítra vökvadæla
- ✓ Hægt að sameina vökvadæla fram í moksstærki
- ✓ 10 hestafra aflaukning í CIS útfærslu



- ✓ Útskjótanlegur vökvalyftukrúkur
- ✓ 6.500 kg. lyftigeta á beisli
- ✓ Fjögurra hraða aflúttak



- ✓ Rúmgott ökuhúsnú með frábæru útsýni
- ✓ Fjölstillanlegt sæti með loft-fjödun
- ✓ Farþegasæti með öryggisbelti
- ✓ Topplúga úr gleri
- ✓ Öll stjórntæki innan seilingar ökumanns



- ✓ CLAAS Arion 400 CIS-EHV
- ✓ Stjórnstöng í sætisarmi fyrir ámoksturæki og vökvadæla
- ✓ Rauður takki á mynd stýrir girskiptingu +/-
- ✓ 4 vökvadæla, 2 rafstýrðar
- ✓ 2 handvirkar
- ✓ Auðvelt og þægilegt í notkun



VÉLFANG VERKIN TALA

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Óseyri 2 • 600 Akureyri

VERÐLÆKKUN!



TILBOÐ
150.000,-
TILBOÐ

RSVenture TF árg. 2014

Frábær ferðasleði á einstöku tilboði!

Þessi frábæri ferðasleði fæst nú með 150 þúsund króna afslætti, auk þess sem 50 þúsund króna inneign í verslun Arctic Trucks fylgir með í kaupunum.



GRÍPTU TÆKIFÆRIÐ!

Verð kr. 2.216.000 án VSK

Verð með VSK kr. 2.780.000,-



YAMAHA www.yamaha.is

Arctic Trucks | Klettháls 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900



Aðalfundur Ferðapjónustu bænda og Félags ferðapjónustubænda á Hótel Dyrhólaey: Árið 2013 var gott ár fyrir ferðapjónustu bænda

– Eldá og Geitaskarði veitt heiðursviðurkenning Félags ferðapjónustubænda

Aðalfundur Ferðapjónustu bænda hf. (FB) og Félags ferðapjónustubænda (FFB) var haldinn á Hótel Dyrhólaey í Mýrdal dagana 24.-25. mars. Á aðalfundi Ferðapjónustu bænda kom fram að afkoma félagsins hafi verið góð á síðasta ári og það hafi hlotið nafnbótina Framúrskarandi fyrirtæki ársins 2013. Heiðursviðurkenning Félags ferðapjónustubænda var veitt þeim Guðrúnu Þórarinsdóttur og Jóni Illugasyni á Eldá í Mývatnssveit annars vegar og einnig þeim Ásgerði Pálsdóttur og Ágústi Sigurðssyni, Geitaskarði í Langadal.

Framúrskarandi fyrirtæki ársins 2013

Dagskráin hófst að morgni mánudagsins 24. mars á aðalfundi Ferðapjónustu bænda hf. Mikil stefnumótunarvinna er í gangi hjá félaginu þar sem allt hefur verið tekið til endurskoðunar og hefur sú vinna verið unnin í samstarfi við Capacent. Einn þáttur hennar er endurskoðun á vörumerkinu og jafnvel eru hugmyndir uppi um breytingar á nafni félagsins. Á fundinum kom fram að ljóst er að eitt af lykilatriðum fyrir áframhaldandi velgengi er mörkun skýrrar stefnu sem þarf að endurspegla vöruframboð og þá þjónustu sem veitt er.

FB hlaut nafnbótina Framúrskarandi fyrirtæki ársins 2013 að mati Creditinfo Group hf. og er þar í hópi 462 fyrirtækja af rúmlega 33.000 sem skráð eru í hlutafélagaskrá. Afkoma síðasta árs vara góð og munu félagar fá greiddan út arð á árinu.

Útnefning heiðursfélaganna

Að loknum aðalfundi FB og hádegisverði, voru heiðursfélagar FFB útnefndir. Viðurkenninguna hlutu Ásgerður Pálsdóttir og Ágúst Sigurðsson, Geitaskarði í Langadal, og Guðrún Þórarinsdóttir og Jón Illugason á Eldá í Reykjahlíð. Ásgerður og Ágúst hafa rekið ferðapjónustu á Geitaskarði í fjölda ára og hafa félagsmál verið þeim mjög hugleikin. Ágúst kom bæði að stjórnarstörfum fyrir FFB sem og FB. Guðrún Þórarinsdóttir og Jón Illugason reka gistihúsið Eldá í þremur húsum í þorpinu Reykjahlíð við Mývatn og eiga þau sér langa sögu í ferðapjónustu á svæðinu. Þau hjónin hafa verið virkir og traustir þátttakendur á fundum FB og hafa lagt marga til málanna.

Á aðalfundi FB kynntu þau Hildur Fjóra Svansdóttir, vefstjóri FB, og Sævar Skaftason, framkvæmdastjóri FB, nýjan vef; farmholidays.is. Er þar um að ræða svokallaðan snjallvef – sem virkar sérstaklega vel á spjaldtölvum og sínum – býður upp á mun betri framsetningu og er með skilvirkari leitarmöguleikum.



Á myndinni eru frá vinstri Guðrún Þórarinsdóttir, Ásgerður Pálsdóttir og Ágúst Sigurðsson með viðurkenninguna, ásamt Sigurlaugu Gissurardóttur, formanni FFB. Jón Illugason var ekki viðstaddur afhendinguna.

Myndir / smh



Góður og fjölmennur hópur ferðapjónustubænda hittist á Hótel Dyrhólaey í Mýrdal dagana 24. og 25. mars.




Sigurlaug Gissurardóttir er formaður Félags ferðapjónustubænda. Í máli hennar kom fram að mikill uppgangur er í ferðapjónustu á landinu.



Sævar Skaftason er framkvæmdastjóri Ferðapjónustu bænda. Góð afkoma var á síðasta ári.



Hildur Fjóra Svansdóttir, vefstjóri Ferðapjónustu bænda, kynnr nýjan vef, farmholidays.is sem hefur verið tekinn í gangið. Sjá forsíðuna hér að neðan.



Mikill uppgangur í ferðapjónustu í landinu

Aðalfundur Félags ferðapjónustu bænda var svo haldinn daginn eftir. Í upphafi fundar flutti Sigurlaug Gissurardóttir, formaður Félags ferðapjónustubænda, ársskýrslu stjórnar. Í árslok 2013 voru félagar 183 talsins og gistirými 5.475. Mikill uppgangur er í ferðapjónustu í landinu og berast ávallt fyrirspurnir til félagsins frá aðilum sem hyggja á rekstur. Markaðsnefnd hefur verið starfrækt sem heldur utan um árlega viðburði, en endurskoða verður markaðsmál á innanlandsmarkaði með tilkomu þeirra möguleika

sem skapast við vefsölu með nýrri vefsíðu. Félögum stóð til boða ýmiss konar fræðsla á árinu og farið var í fræðslu- og skemmtiferð til Austur-Þýskalands á haustdögum.

Sú breyting verður á stjórn FFB að Anna Dröfn Sigurjónsdóttir, Ensku húsunum við Langá, kemur ný inn í stjórn í stað Marteins Njálssonar, Suður-Bár. Aðrir í stjórn verða Sigurlaug Gissurardóttir, Brunnhóli, Guðmundur Helgason, Núpi, Sigrún Valdimarsdóttir, Dæli, og Bryndís Óskarsdóttir, Skjaldarvík. Nýir varamenn eru Berglind Ingvarsdóttir á Mjóeyri og Laila Ingvarsdóttir á Hellishólum.

Ályktað var um vegamál með tilliti til aukningar í vetrarferðamennsku í landinu, en styrking ferðamannaíðnaðarins upp til sveita hlýtur að leiða til styrktrar búsetu í sveitum og auka lífsgæði þar. Veður geta þó verið válynd og sett strik í reikninginn þegar kemur að ferðalögum, einkum á veturna og eru landshlutarnir misjafnlega settir þegar kemur að veðrum og snjómokstri. Þrýsta verður því á samgöngufirvöld um að þjónusta landið allt og leitast við að gæta jafnræðis, því samgöngur eru mikilvægur þáttur í framþróun ferðapjónustu í dreifbýli. /smh

Vélavagnar

2,6-3,5 tonna

**Bílakerra**

3,0 tonna

**Topplausnir - www.topplausnir.is**

Smiðjuvegi 40 - Kópavogi - Sími 517-7718

Dekkjainnflutningur**15% afsláttur af öllum dekkjum til 15. apríl 2014**

Eigum á lager flestar stærðir traktora-, vagna-, vinnuvéla- og vörubíladekkja.

Einnig mikið úrval fólksbíla- og jeppadekkja.

**Vinsamlegast hafið samband við**Ármann Sverrisson 896-8462 e-mail jasondekk@simnet.is
Tryggva Aðalbjörnsson 896-4124**Jason ehf.****Hafnarstræti 88
Akureyri****REYKJAVÍK S: 414-0000 / AKUREYRI S: 464-8600 / www.VBL.is****Rúlluplast og net á LÁGMARKSVERÐI ef pantað er fyrir 11. apríl****Framúrskarandi 5 LAGA**
rúlluplast sem reynst hefur
frábærlega á Íslandi!

Verð á rúlluplasti og neti lækkar frá fyrra ári almennt vegna betra gengis íslensku krónunnar en úrvinnslugjald til ríkisins hækkar og því skilar lækkunin sér ekki nema að hluta til bænda

VB Landbúnaður býður takmarkað magn á lágmarksverði**Verðlisti í forsölu til 11. apríl**

Supergrass - Hvítt 75 cm	Verð kr. 11.600 +vsk.*
Supergrass - Grænt 75 cm	Verð kr. 11.800 +vsk.*
Silgrass - Svart 75 cm	Verð kr. 11.300 +vsk.*
Silgrass - Hvítt 50 cm	Verð kr. 9.600 +vsk.*
3000 m bindinet	Verð kr. 21.500 +vsk.*

* á meðan birgðir endast.

Svona gengur þetta fyrir sig:

1. Þú pantar fyrir 11. apríl
2. Við sendum reikning
3. Greiðsla þarf að berast okkur fyrir 25. apríl 2014
4. Við afhendum rúlluplastið í lok maí frá Reykjavík. Við keyrum plastið og netið heim á bæ með þjónustubílunum okkar þar sem það er mögulegt

Síminn hjá okkur er 414-0000 og 464-8600**NB**
LANDBÚNAÐUR ehf.
NB Agriculture Ltd.

www.VBL.is

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600**BIRCHMEIER****Bensín- & rafmagnsúðadælur**Fáanlegar með 75 eða 130 ltr tanki
50 m löng slanga

Made in Switzerland

STREYMI
heildverslun

Streymi heildverslun ehf.

Goðanesi 4 | Akureyri
streymi.is | 588 2544**Jörðin Syðri Bakki í Hörgársveit til leigu**

Fjármála- og efnahagsráðuneytið auglýsir til leigu frá 1. júní 2014 ríkis- og eyðijörðina Syðri Bakka, landnr. 152342, í Hörgársveit til slægna, beitar og/eða akuryrkju. Leigutími er 10 ár.

Leigulandið er talið 211 ha., þar af 145 ha. vel gróið land og áætluð stærð túna er 9 ha. Engar byggingar eru á leigulandinu og ekki fylgir framleiðsluréttur með í leigunni.

Umsóknarfrestur er til og með 2. maí nk.

Umsóknareyðublöð eru á heimasíðu ráðuneytisins.

Ef spurningar vakna er hægt að hafa samband í síma 545-9200.

Frekari upplýsingar birtast á heimasíðu ráðuneytisins, <http://www.fjarmalaraduneyti.is/verkefni/jardeignir/auglysingar>Fyrirspurnir sendist á netfangið postur@fjr.is**Rafstöð til sölu**

Rafstöðin heitir Endress-generator ESE 65, 50 Kw, 60KVA. Rafstöðin er sem ný og hefur aðeins verið keyrð í 9 klst. Með fylgir rofi til að tengja á milli rafstöðvar og nets. Tilboð óskast.

Nánari upplýsingar veitir Guðlaugur S. 660-3380.

N1



Axel Ómarsson, nýr framkvæmdastjóri Landsmóts hestamanna og Landssambands hestamanna.

Mynd / HKr.

Nýr framkvæmdastjóri vonast eftir miklum fjölda gesta á Landsmót hestamanna á Hellu í júnílok:

Miklu meira en samkoma gallharðra hestaáhugamanna

Landsmót hestamanna verður haldið á Gaddstaðflötum á Hellu dagana 30. júní til 6. júlí næstkomandi og hefur Axel Ómarsson verið ráðinn framkvæmdastjóri mótsins sem og framkvæmdastjóri Landssambands hestamannafélaga (LH). Vonast er til að gestir verði vel á annan tug þúsunda en um 14 þúsund manns mættu á Hellu

þegar mótið var haldið þar síðast.

Fyrsta landsmótið sem fram fór á Gaddstaðflötum var haldið 1986. Landsmót hafa að jafnaði verið haldin á tveggja ára fresti frá árinu 2000 á ýmsum stöðum á landinu, en fyrir þann tíma voru þau á fjögurra ára fresti. Landsmót hestamanna var gert að einkahlutafélagi 2001 sem í sumar heldur 21. Landsmót hestamanna frá upphafi. Fyrirtækið

er að 2/3 hluta í eigu Landssambands hestamannafélaga og að 1/3 hluta Bændasamtaka Íslands.

Umfang og kostnaður eykst stöðugt

Axel segir að undirbúningur fyrir landsmótið hafi verið kominn vel af stað áður en hann var ráðinn til starfa nú í febrúar. „Ég er að koma seint inn í ferlið svona skömmu fyrir mót en þar sem það er dyggur hópur lykilstarfsmanna og fjöldi reyndra aðila sem hafa staðið að Landsmótahaldi í áraraðir gerir það starf mitt auðveldara. Þetta fólk býr yfir mikilli þekkingu á þessum viðburði og framkvæmd hans“ segir Axel. En aðalverkefnið er ávalt að halda rekstrinum í góðu horfi. Grunnkostnaður við slíkt mótshald er stöðugt að aukast. Af orðum Axels má ráða að kostnaðaraukinn haldist nokkuð í hendur við auknar kröfur og þá staðreynd að sífellt minna er um að fólk fái til að vinna sjálfbodavinnu við slíkt mótshald eins og áður var. Því skipti miklu máli að fá sem flesta gesti til að mótið geti staðið undir sér fjárhagslega. Segir Axel

að áhættan við slíkt mótshald sé vissulega umtalsverð þar sem fasti kostnaðurinn sé orðin það mikill. Því megi velta megi fyrir sér hvort að ekki þurfi að breyta núverandi rekstrarmódeli til þess að mæta breyttum tímum.

Veðrið getur haft mikil áhrif á aðsókn

– Hvað ertu að reikna með miklum fjölda í aðsókn á mótinu á Gaddstaðflötum?

„Það er ómögulegt að giska á það. Aðsóknin hefur verið mjög rokkandi undanfarin ár. Síðast þegar mótið var haldið hér á Hellu árið 2008 var aðsóknin mjög góð eða um 14 þúsund manns. Landsmótið 2010 féll niður vegna hrossapestarinnar og var síðan haldið á Vindheimamelum í Skagafirði árið 2011. Þar mættu um líklega um 7-9 þúsund manns þegar mest var, en þar af voru um 6 þúsund við setningarathöfnina sjálfa.



Mikill kuldi var norðanlands fyrir og við upphaf mótsins, sem eflaust hefur haft áhrif á aðsókn. Úr því rættist þó með miklu blíðviðri þegar á leið.

Þá komu um 10 þúsund manns á síðasta mót sem haldið var í blíðskaparveðri í Reykjavík 2012. Aðsóknin fer greinilega mikið eftir veðri og vindum,“ segir Axel. Hann er þess líka fullviss að veðrið muni leika við fólk í sumar og bæti því upp rigningartíðina sunnan- og vestanlands í fyrra.

Reynum að breikka markhópin

„Auðvitað vonumst við eftir sem flestum. Þá erum við að reyna að breikka markhópin út fyrir hestamennina sjálfa sem koma alltaf. Það eru tæplega 12 þúsund manns skráðir í hestamannafélög á landinu öllu og við teljum að það séu á milli 20 til 30 þúsund manns sem koma eitthvað að hestamennsku. Þá má hafa í huga að á þeim tíma



Frá Landsmóti hestamanna á Vindheimamelum í Skagafirði 2011. Mynd / HKr.



Síðasta Landsmót hestamanna var sett í blíðskaparveðri í Víðidal í Reykjavík sumarið 2012.

Mynd / HKr.

sem mótshaldið fer fram verður fjöldi erlendra ferðamanna staddur á Íslandi auk innlendra ferðamanna sem eru á svæðinu. Við reynum auðvitað að ná til þessara hópa líka. Ef við horfum til framtíðar þá þurfum við að breikka markhópin langt út fyrir þessa gallhöfðu hestamenn.“

Miklu meira en samkoma gallharðra hestaá hugamanna

„Við þurfum auðvitað að líta á Landsmót hestamanna eins og stórvíðburð sem það er orðið í dag. Mótshaldið býður upp á marga sömu þætti og aðrir stærri viðburðir, og getur t.d. höfðað til fjölskyldna á ferðalagi sem áhugaverður staður til þess að koma við á leiðinni í fríð. Því ætti að vera hægt að gera mun meira úr þessu. Landsmótið gæti því orðið miklu meira en samkoma gallharðra hestaá hugamanna.

Fjölbreytnin í þjónustu í kringum þessi mót hefur líka stöðugt verið að aukast. Á Hellu verður boðið er upp á margvíslega sölubása og fjölbreytta veitingaþjónustu. Þá fer stöðugt fjölgandi þeim sem vilja bjóða slíka þjónustu á svæðinu og við erum að bæta enn frekar við þá aðstöðu sem boðið verður upp á. Einnig verður viðamikil skemmtidagskrá, svo þarna ætti því að geta orðið líflegur „sveitafílingur“ sem vekja mun áhuga margra.“

Hagur fyrir alla á svæðinu

Axel segir að náði verði unnið með sveitarfélögum á svæðinu og öllum aðilum sem hagsmunum hafa af verslun og þjónustu í byggðarlaginu. Þannig eigi allir íbúar svæðisins að hafa hag af þessu mótshaldi vegna aukinnar veltu í samfélaginu.

Þekkir vel til í greininni

Axel er ekki ókunnugur hestamenskunnni. Hann hefur verið áhugamaður um íslenska hestinn um árabíl og hefur áður starfað að félagsmálum sem tengjast hestamenskku, meðal annars sem varaformaður Hestamannafélagsins Harðar og landsþingsfulltrúi. Axel kom einnig mikið að útflutningi á íslenskum hestum á árunum 1993-1999 og hefur mikla reynslu af markaðsmálum tengdum íslenska hestinum, fyrirtækjarekstri og félagsmálum. Axel var einnig hrossabóndi á Vindhóli í Mosfellsdal um nokkurra ára skeið.

Í sveit hjá Jóni í Götu og vel kunnugur svæðinu.

„Það má geta þess að ég var í sveit hjá Jóni í Götu í þrjú sumur frá 13 ára aldri og kom þá að því að byggja



Axel þekkir vel til á Rangárbökkum, hvort heldur er í hestamenskku eða ferðaþjónustu.

félagshemilið á Gaddstaðaflótum á árunum 1978-1979. Jón sendi mig sem sinn vinnumann og framlag til byggingar húss Geysis. Þá voru menn að halda mót þarna á Rangárbökkum og þar hefur verið byggt upp jafnt og þétt síðan.“ Jón sá hversu mikinn áhuga ég hafði á hestamenskku og hvatti mig áfram. Annað sumarið mitt hjá honum borgaði hann mér 4 vetra fola í laun, tonn af heyi fyrir veturinn og peninga upp í leigu á plássi í Víðidalnum.

Jón þessi var Guðnason, búfræðingur frá Hólum og mikill framamaður um hrossarékt og því er vel þekktur meðal hestamanna. Hann var m.a. áhrifamaður í hestamannafélaginu Geysi. Hann var stórbóndi og átti Götu sem var kúabú með talsvert af sauðfé og einnig mikið að hrossum. Gata lá að Hvolsvelli og sameinaði Jón hluta úr þremur búum við Götu, þ.e. Eystri-Garðsauka, Brúnir og Ormsvöll. Jón lést árið 1991.

Axel leitaði aftur á Rangárbakkasvæðið 1998 þegar að hann hóf að byggja Hótel Rangá ásamt Sigurbirni Bárðarsyni. Hótel Rangá er flestum landsmönnum orðið

vel kunnugt undir stjórn Friðriks Pálssonar undanfarin ár, en Axel og Sigurbjörn byggðu hótelið og ráku í byrjun.

„Á þessum árum fórum við með erlenda gesti í stuttar ferðir meðfram Rangánni. Rangárbakkarnir eru hreint ævintýri fyrir útlendinga til þess að upplífa íslenska hestinn,“ segir Axel.

Kröfurnar aukast stöðugt

„Ég man eftir að hafa farið á mitt fyrsta landsmót á Gaddstaðaflótum

1994. Þá fannst manni þetta orðið gríðarlega umfangsmikið, en það hefur mikið stækkað síðan. Alltaf bættist við vellina og alltaf er verið að gera meiri kröfur um hreinlætismál, rafmagn, ljósleiðara, fjarskiptasamband fyrir alla, sjónvarpsupptökur, útsendingar og fleira. Það er ekkert sjálfsgefið að yfir 10 þúsund manns nái GSM-símasambandi samtímis á svona stað. Það þarf því að hafa fyrir þeim hlutum og að því erum við að vinna með Símanum. Þá má nefna „appið“ sem komið er til að vera. Í gegnum

slíkt forrit á fólki að geta fengið allar upplýsingar um það sem er að gerast á svæðinu í rauntíma. Þar munu upplýsingar um mótsskrá, einkunnir og fleira flæða inn í appið eins og fólk kynntist á mótinu í Reykjavík.

Það sem þótti gott fyrir 20 árum dugar ekki í dag. Tæknipátturinn við mótshaldið er því orðinn gríðarlega mikill og kostnaðurinn í takt við það,“ segir Axel.

Hann stefnir á að aðgangseyrir nái að brúa kostnaðinn auk tekna sem fást af auglýsingasölu og leigu á aðstöðu. /HKr

www.solning.is

MEST SELDU LANDBÚNAÐARDEKKIN Í ÞÝSKALANDI!

Gerðu verð- og gæðasamanburð. Það er ekki að ástæðulausu að BKT eru mest seldu landbúnaðardekkinn í Þýskalandi, en þjóðverjar eru þekktir fyrir að vilja mikil gæði á sanngjörnu verði

Einstök gæði - góð ending - Gott verð

Söluaðilar á landsbyggðinni:

- Húsavík | Bílaþjónustan ehf | Garðarsbraut 52 - 464-1122
- Ísafjörður | Bílaverið ehf | Sindragötu 14 - 456-3501
- Borgarnes | Bifreiðþjónusta Harðar | Borgarbraut 55 - 437-1192
- Sauðarkrókur | Hjólbarðþjónusta Harðar | Borgartúni 6b - 453-6474
- Stykkishólmur | Dekk og Smur | Nesvegi 5 - 438-1385
- Kirkjubæjarklaustur | Bílaverkstæðið | Löjuvellir 5 - 487-4630
- Vík í Mýrdal | Framrás ehf | Smiðjuvegi 17 - 487 1330
- Hveragerði | Bílaverkstæði Jóhanns | Austurmörk 13 - 483-4299
- Hvolsvölur | Hvolssdekk | Hlíðarvegi 2-4 - 487 5995
- Hella | Varahlutaverslun Björns | Lyngási 5 - 487 5995
- Ólafsvík | Dekkjaverkstæði G.Hansen | 436-1111
- Hvammstangi | Kaupfélag V-Húsvetning | Strandgötu 1 - 455-2325
- Ólafsfjörður | Múlatindur | Múlavegi - 466 2194



SÓLNING
Renndu við

Sími: 544-5000 | Smiðjuvegi 68-72, Rvk | Hjallahrauni 4, Hfl
Fitjabraut 12, Njarðvík | Eyrarvegi 33, Selfossi | Barðinn, Skútuvogi 2

Jón Þorsteinsson krýndur kjötmeistari Íslands árið 2014

– Sló í gegn með nýjunginni Salami Camemberti

Fagkeppni Meistarafélags kjötiðnaðarmanna (MFK) 2014 fór fram í síðustu viku og voru úrslitin kynnt í hófi á Hilton Hótel síðastliðinn laugardag. Þar var jafnframt krýndur Kjötmestari Íslands. Þann titil hlaut Jón Þorsteinsson kjötiðnaðarmeistari hjá Sláturfélagi Suðurlands. Fékk hann þann titil fyrir að vera stigahæstur þeirra sem gerðu fimm stigahæstu afurðirnar. Fékk hann að launum eignarbikar og farandbikar auk 50 þúsund króna styrks frá fyrirtækinu Samhentum til námskeiðahalds.

Jón vann til margra verðlauna fyrir sína rétti en þar bar þó hæst afurð sem hann kallar Salami Camemberti. Þykir þar um einstaka vöru að ræða og sögðust félagar hans í faginu styðja hann eins og mögulegt væri til að koma þessari vöru í framleiðslu og sölu. Haft var á orði að slíka vöru hefðu menn hvergi hafa séð, hvorki hér heima né erlendis, og ljóst væri að þarna hefði Jón hitt á vöruhönnun sem hefði alla möguleika á að slá í gegn og hentaði t.d. afar vel sem söluvara fyrir ferðamenn. Annars féllu verðlaunin þannig:

Jón Þorsteinsson frá Sláturfélagi Suðurlands átti Salami Camemberti sem var besta nýja varan. Þessi vara fékk einnig verðlaun sem athyglisverðasta nýjungin. Jón hlaut líka verðlaun með sömu afurð fyrir bestu vöruna sem unnin var úr hrossa eða folaldakjöti. Hann átti bestu vöruna sem unnin var úr svínakjöti sem var grísa rawette. Þar sem Jón hlaut flest stig samanlagt úr fimm stigahæstu vörunum sínum hlaut hann einnig sæmdarheitið Kjötmestari Íslands.

Jóhann G. Guðmundsson hjá Ferskum kjötvörum hlaut þrenn bestu verðlaun fyrir kálfa- og kálfalifrarpaté með sólberjahlaupi.

Bergþór Pálsson hjá SHA átti bestu vöruna í flokki reyktis eða grafins lax eða silungs.

Stefán Einar Jónsson frá Norðlenska matborðinu hlaut bestu verðlaun fyrir léttreyktan lambahrygg, en hann var ekki viðstaddur verðlaunaafhendinguna.

Steinar Þórarinnsson hjá Sláturfélagi Suðurlands hlaut verðlaun fyrir bestu vöruna sem unnin var úr alifuglakjöti, en það var lifrarkæfa með jarðarberjahlaupi.

Þá afhenti Meistarafélag kjötiðnaðarmanna, Svínaræktarfélagi Íslands, Félagi kjúklingabænda, Landssambandi kúabænda, Landssambandi sauðfjárbænda,

Félagi hrossabænda, Samhentum kassagerð ehf., Efnir ehf., Íslensk-ameríska, Ölgerðinni, Multivac, Kötlun ehf., Íslensk-Ameríska og Sjávarútvegs – og landbúnaðarráðuneytinu viðurkenningu fyrir veittan stuðning við fagkeppnina.

Mikil þátttaka

Alls voru sendar inn 135 vörur í keppnina frá um 14 fyrirtækjum. Sex kjötiðnaðarmenn skipuðu dómnefnd. Þar var Ólafur Júlíusson, yfirdómari, en með honum voru Ólafur Bjarki Hauksson, Kristján G. Kristjánsson, Örlygur, Eðvald Sveinn Valgarðsson, Thorvald Ímsland og Magnús Friðbergsson. Dæmdu þeir vörurnar út frá 64 þáttum varðandi ytra útlit vöru, innra útlit, lykt og bragð, samsetningu og verkun. Fór matið fram í Menntaskólanum í Kópavogi þar sem Hótel- og Matvæðaskólinn er einnig til húsa og tók það dómara tvo daga að klára matið. Allar vörurnar fengu 100 stig í meðgjöf þegar þeim var skilað inn og gekk matið síðan út á að finna alla mögulega ágalla sem komu til frádráttar stigunum 100. Gullverðlaun fengu svo vörur sem náðu allt að 50 stigum í heildarmati. Síðan kom silfur þar fyrir neðan og þá brons.

Einn af dómurum, Magnús Friðbergsson, sem jafnframt er stjórnarmaður í MFK, sagði að mjög vandlega væri farið yfir matið á vörunum og þar réði engin tilviljun ferðinni. Allir dómarnir væru kjötiðnaðarmeistarar og flestir búnir að vinna í faginu í 20 ára eða meira. Sagði hann að fagkeppnin færi fram á tveggja ára fresti og legðu fyrirtæki og kjötiðnaðarmeistarar mikinn metnað í að ná sem lengst í keppninni. Þar keppast menn líka við að koma með nýjungar í gerð matvæla sem veldur því að stöðug gerjun er í þessu fagi.

Kjötiðnaðarmenn komi að verkefninu Matvælalandið Ísland

Sigurður Ingi Jóhannsson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra var viðstaddur verðlaunaafhendinguna



Ólafur Júlíusson kjötiðnaðarmeistari kynnrir fyrir Sigurði Inga Jóhannssyni sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra margverðlaunuðu afurðina „Salami Camemberti“ sem var jafnframt besta varan í flokki hrossa- eða folaldakjöts. Höfundurinn og kjötmestari Íslands, Jón Þorsteinsson hjá Sláturfélagi Suðurlands, er lengst til hægri. Myndir /HKr.



Jón Þorsteinsson fékk meðal annars verðlaun fyrir bestu vöruna unna úr svínakjöti. Hér er hann ásamt Herði Harðarsyni, formanni Svínaræktarfélags Íslands, og Sigurði Inga Jóhannssyni ráðherra.



Jóhann G. Guðmundsson hjá Ferskum kjötvörum hlaut þrenn bestu verðlaun í þrem flokkum fyrir kæfu, eða kálfalifrarpaté með sólberjahlaupi. Hér er hann ásamt Gísla Stefánssyni hjá Ölgerðinni og Sigurði Inga Jóhannssyni ráðherra.



Bergþór Pálsson hjá SHA átti bestu vöruna í flokki reyktis eða grafins lax eða silungs. Hér er hann við hlið ráðherra og Hafþórs Hallbergssonar frá Nokk ásamt dómurum keppinnar.

og sagði þar m.a. að verið væri að koma á laggirnar vinnu við að koma Íslandi á kortið sem matarlandi. Vitnaði hann í áætlun sem landbúnaðarráðherra Svía hefði hrint af stað fyrir mörgum árum og fælist í að gera Svíþjóð að þekktu matarlandi, „Sverige – det nya matlandet“, fyrir árið 2020. Í upphafi hefðu Svíar sjálfir hlegið að þessari hugmynd, en Anne Marie Hovstadhus sagði á ráðstefnunni Matvælalandið Ísland, sem haldin var á Hótel Sögu í fyrri viku, að nú væru menn hættrir að hlæja að þessari hugmynd. Hvatti ráðherrann kjötiðnaðarmeistara að koma að þessu verkefni á Íslandi. Benti hann á að því hafi verið slegið fram að hingað væru að koma árlega 60 þúsund tonn af ferðamönnum. Til að þessi 60 þúsund tonn rýrnuðu ekki á dvöl sinni á Íslandi þyrfti að viðhalda þyngd þeirra með því að gefa þeim að borða. Sagði hann að verið væri að móta verkefnið sem fælist í að draga alla þá aðila að borðinu sem



Dómarar að störfum í húsakynnum Hótel- og Matvæðaskólans í kjallara Menntaskólans í Kópavogi.



Hér heldur Þorsteinn Þórhallsson á athyglisverðri vöru sem barst í keppnina, en það er þurrkað nautakjöt.



Auk sex félaga bænda og nokkurra fyrirtækja fékk landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytið þakkarskjal fyrir veittan stuðning við keppnina.

koma að framleiðslu matvæla hér á landi með einum eða öðrum hætti.

Halldór J. Ragnarsson kosinn nýr formaður MFK

Meistarafélags kjötiðnaðar-manna hélt líka aðalfund sinn fyrir helgina, en MFK var stofnað upp úr Meistaradeild Félags íslenskra kjötiðnaðarmanna árið 1980. Var endað með glæsilegri árshátíð á Hilton Hótel í laugardagskvöldið. Á aðalfundinum varð sú breyting helst að Kjartan Bragason sem tók við sem sjöundi formaður félagsins á aðalfundi 2010, gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu sem formaður. Hann mun þó áfram sitja í stjórn félagsins. Í hans stað var Halldór Jökull Ragnarsson kosinn formaður en hann var áður gjaldkeri félagsins. Áfram í stjórninni eru þeir Oddur Árnason, Magnús Friðbertsson. Þá voru þeir Þorsteinn Þórhallsson



Halldór Jökull Ragnarsson er nýr formaður MFK. Hann tekur við embættinu af Kjartani Bragasoni sem verður þó áfram í stjórn félagsins.

og Hreiðar Örn Zoega Stefánsson kjörnir varamenn stjórnar. /HKr.



Steinar Þórarinnsson hjá Sláturfélagi Suðurlands hlaut bestu verðlaun fyrir afurð úr alifuglakjöti, sem var lifrarkæfa með jarðarberjahlaupi. Hér er hann ásamt ráðherra.



Sex kjötiðnarmenn skipuðu dómnefnd. Þar var Ólafur Júlíusson yfirdómari en með honum voru Ólafur Bjarki Hauksson, Kristján G. Kristjánsson, Örlygur Ásgeirsson, Eðvald Sveinn Valgarðsson, Thorvald Imsland og Magnús Friðbergsson.





Kverneland

FYRIR KRÖFUHARÐA!

“vertu til að leggja hönd á plóg”



VIÐ FÖGNUM VORINU
Vara- og slithlutir í Kverneland
plóga og jarðvinnsluvélar
í miklu úrvali.
Hafið samband í síma 580 8200



VÉLFANG

- ALLT Í GANGI HJÁ VÉLFANGI

Vélfang ehf. - Gylfaflöt 32 - 112 Reykjavík - Sími: 580 8200 - www.velfang.is

Orkumál

Almennur kynningarfundur Landsnets:

Jarðstrengir umtalsvert dýrari en loftlínur í Danmörku og Noregi

– sögðu fulltrúar orkufyrirtækja í Noregi og Danmörku um lagningu á 400 kílóvolta strengjum í erindum sínum á fundinum

Lagning jarðstrengja í Noregi og Danmörku er sögð 5-10 sinnum dýrari á 400 kV spennu en lagning hefðbundinna loftlína. Það kom fram í erindum sem þau Tanja Midtsian frá norsku orkustofnuninni, NVE, og Jens Möller Birkebæk frá Energinet.dk fluttu á almennum kynningarfundum sem nýverið fór fram samhliða aðalfundi Landsnets.

Hlærri spenna, hærri verð

Talsvert hefur verið fjallað um jarðstrengsmál í Bændablaðinu á liðnum misserum þar hefur m.a. komið fram að reynsla Frakka af lagningu 225 kílóvolta strengja sýni að þeir væru síst dýrari kostur en loftlínur. Hefur lagning slíkra strengja í Frakklandi margfaldast frá 2007. Er þá miðað við eðlilegan afskriftartíma og sparnað vegna viðhalds. Í þeirri umfjöllun hefur líka komið fram að 400 kílóvolta línurnar væru talsvert dýrari, en tæknipróun minnkaði þó stöðugt þann mun.

Á kynningarfundum Landsnets



Tanja Midtsian frá norsku orkustofnuninni, NVE.

kom líka fram að sveiflur í kostnaði við lagningu jarðstrengja í Noregi og Danmörku ráðist einkum af þrennu; spennustigi strengjanna, jarðfræði viðkomandi landsvæðis og umhverfisáhrifum af framkvæmdum. Tanja Midtsian sagði í erindi sínu að verkefni NVE fælist fyrst

og fremst í því að meta kosti loftlína og jarðstrengi út frá þeirri forsendu hvað teldist ásættalegur kostnaður við framkvæmdina. Ekki aðeins frá fjárhagslegu sjónarmiði heldur einnig með tilliti til umhverfissjónarmiða.

Neytendur borga brúsann

Í Noregi hefur aðallega verið horft til loftlína en jarðstrengir hafa helst komið þar til álita innan þéttbýlis eða þar sem aðstæður eru mjög erfiðar. Midtsian sagði ástæðuna fyrir vali loftlína einnig taka mið af því að neytendur þyrftu á endanum að greiða fyrir framkvæmdina í orkuverði.

Loftlínur hafa líka galla en eru ódýrari

Í máli Midtsian kom einnig fram að jarðstrengur væri 5-10 sinnum dýrari kostur, allt eftir spennustigi og fleiri þáttum. Loftlínur hefðu vissulega sína galla þótt þær væru ódýrari. Þær væru berskjaldaðar fyrir óveðri en bilanir væri hins



Frá lagningu jarðstrengja í Frakklandi.

vegar auðvelt að finna. Þessu væri þveröfugt farið með jarðstrengi. Þeir væru óhæðir veðri en bilanaleit væri seinleg. Í Noregi eru um 48% raflína á lægri spennu lagðar í jörð en ekki nema 3-7% af strengjum með hærri spennu.

Léttvæg áskorun Dana

Jens Möller Birkebæk vakti í upphafi erindis síns máls á því að

áskorun Dana í þessum málum væri léttvæg í samanburði við aðstæður í Noregi og á Íslandi. Flatlendi og mjúkur jarðvegur í Danmörku væru ákjósanlegar aðstæður fyrir lagningu jarðstrengja. Engu að síður væri kostnaðurinn 5-6 sinnum hærri en við lagningu hefðbundinna loftlína.

Danska þingið afgreiddi með afgerandi meirihluta árið 2008 áætlun í raforkumálum, þar sem er kveðið á um að allir nýir 400 kV strengir skulu lagðir í jörð. Þingið stóð þá frammi fyrir þeirri kostnaðaráætlun að lagning allra 400 kV strengja í landinu í jörð kostaði danskt samfélag 6,4 milljarða evra. Niðurstaðan varð fyrrgreind málamiðlun sem metið er að kosti 2,3 milljarða evra í framkvæmd, eða sem nemur um 360 milljörðum íslenskra króna.

Til samanburðar má nefna að hjá Landsneti er nú verið að miða við 3-5 sinnum hærri kostnað við jarðstrengi en loftlínur á 220 kV spennu. Jafnframt er áréttáð að erfitt sé að alhæfa um slíkt og meta verði muninn á þessum tveimur lausnum í hverju tilviki fyrir sig.

VestNord
lögmenn

Samtals yfir 30 ára reynsla af lögfræðiráðgjöf, réttargæslu og málflutningi.

Meðal helstu sérsviða:

- Almennaréttur
- Eignarnámsbætur
- Lög um fristundabyggð o.fl.
- Lög um mannvirkni
- Skógarlög
- Auðlindaréttur
- Ferðamálaréttur
- Jarða- og orkumál
- Skipulagslög
- Umhverfisréttur

Eyjólfur Ármannsson hdl. og LL.M.
eyjolfur@vestnord.is
Farsími: 777 1710

Gísli Tryggvason hdl. og MBA
gt@vestnord.is
Farsími: 897 3314


VestNord lögmenn, Hverfisgötu 18 (gegnst þjóðleikshúsinu), 101 Reykjavík,
sími: 533 3050, fax 533 3055, vestnord@vestnord.is
www.vestnord.is · facebook.com/Vestnord

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur eftirlit með upprunamerkingum grænmetis í Reykjavík Athugasemdir og úrbótakröfur skráðar og sendar viðkomandi fyrirtæki

– en ekki er til samræmt yfirlit eða samantekt um þessi atriði úr eftirlitsskýrslum

Í síðasta Bændablaði var viðtal við Bjarna Jónsson, framkvæmdastjóra Sambands garðyrkjubænda, þar sem hann gagnrýndi hvernig staðið er að eftirliti með upprunamerkingum grænmetis í matvöruverslunum. Sagðist hann hafa ítrekað þrýst á eftirlitsaðila að sinna skyldu sinni, því sjálfstæðar úttektir hans hafi leitt í ljós að misbrestir væru á að verslanir fylgdu reglum.

Hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur fengust þær upplýsingar að í reglubundnu matvælaeftirliti í matvöruverslunum í Reykjavík séu upprunamerkingar matjurta skoðaðar eins og aðrar merkingar matvæla. Ef tilefni eru til, eru viðeigandi athugasemdir gerðar. Óskar Íseldur Sigurðsson, deildarstjóri hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkurborgar, segir í svari við fyrirspurn Bændablaðsins að



Sýnishorn úr eftirlitsskýrslu.

athugasemdir og úrbótakröfur vegna vöntunar á upprunamerkingum matjurta séu skráðar í eftirlitsskýrslu, eins og aðrar athugasemdir og úrbótakröfur, eftir eðli mála og þær sendar viðkomandi fyrirtæki.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur þó ekki, að sögn Óskars, tekið saman yfirlit yfir þær athugasemdir og úrbótakröfur sem gerðar hafa verið í eftirlitsskýrslum,

vegna upprunamerkinga matjurta. Blaðamaður fékk þó að sjá dæmi um athugasemdir í eftirlitsskýrslum og getur þannig staðfest að eitthvað eftirlit hafi farið fram. Óskar segir að ekki standi til að draga saman athugasemdir og úrbótakröfur úr eftirlitsskýrslum liðinna ára, en áréttar það sem fram kom í síðasta Bændablaði að í gangi sé samræmt eftirlitsverkefni allra heilbrigðiseftirlitssvæða, í umsjón Matvælastofnunar, um upprunamerkingar innpakkaðra og óinnpakkaðra matjurta. Niðurstöður úr því verkefni, sem lýkur í næsta mánuði, ætti að gefa glögga mynd af núverandi ástandi.

Þá áréttar hann að ábyrgð á merkingum matvara, þar með talið merkingum um upprunaland ákveðinna matjurta, sé alltaf hjá viðkomandi matvælafyrirtæki og matvöruverslun. /smh

REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// www.VBL.is

DRIFSKÖFT OG DRIFSKAFTAEFNI

GOTT ÚRVAL

DRIFSKAFTAHLÍFAR Á MJÖG HAGSTÆÐU VERÐI

BENZ & DI TERLIZZI

VB LANDBÜNAÐUR ehf. Agriculture Ltd.

www.VBL.is

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600

MOTUL
Á ÍSLANDI

Olíur fyrir bændur á betra verði

Motul er akureyst fyrirtæki sem er sérhæft í gæða smurólíum, vökvakerfisólíum, kælivökvum smurfeitum og fl.

Hringið í síma 462-4600 eða í 893-7917 (Birkir)

Motul á Íslandi Gleráreyrum 3 600 Akureyri sími 462-4600 - motul@motulisland.is

polybale[®] Pro[®] by brithene

Ný kynslóð af rúlluplasti



- ▶ Polybale pro er nýtt 5 laga forstrekt rúlluplast
- ▶ 10 % lægri kostnaður á hverja heyrúllu*
- ▶ Polybale pro er 33% lengra en hefðbundið rúlluplast
- ▶ Sparar tíma og eykur afköst
- ▶ Polybale pro er ný tækni sem eykur súrefnishindrun
- ▶ Bætt fóðurverkun
- ▶ Polybale pro stuðlar að betra umhverfi
- ▶ 24% minna plast á hverri heyrúllu

- Ég hef notað Polybale Pro í 2 ár og ætla að nota það áfram
Pétur Guðmundsson, Stóru-Hildisey A-Landeyjum
- Frábært plast sem gefurúrvals fóðurverkun og sparar tíma og peninga
Guðni Guðmundsson, Þúfu V-Landeyjum
- Reyndist mjög vel og jók afköstin til muna
Hannes og Magnús, E-Leirargörðum, Leirársveit

Svart 750 mm	kr. 11.100	
Hvít 750 mm	kr. 11.400	
Grænt 750 mm	kr. 11.400	
Hvít 750 mm PRO	kr. 13.500	33% lengra
Grænt 750 mm PRO	kr. 13.650	33% lengra
Net 3.600	kr. 27.900	
Garn 2 í pakka	kr. 4.900	
Öll verð eru án vsk.		

Tilboð til 15. apríl. Greitt fyrir 1. maí

Sendum frítt um allt land.

Pro
TECHNOLOGY



Bú Aðföng

Stórólfsvelli,
860 Hvolsvöll
Sími 487-8888
sala@bu.is



*Samkvæmt okkar verðlista

POLYBALEPRO.COM



Íslandspóstur var rekinn með 119 milljóna króna tapi á síðasta ári. Fyrirséð er að áfram verði hallarekstur á fyrirtækinu ef ekki fæst heimild til að hækka pósthúsum og fækka útburðardögum í dreifbýli, segir Ingimundur Sigurpálsson, forstjóri Íslandspósta. Nauðsynlegt sé að taka ákvarðanir um framtíðarskipulag pósthjónustu á landinu í náninni framtíð.

Hækka þarf gjaldskrá, fækka dreifingardögum og loka pósthúsum:

Ofþjónusta rekin í póstdreifingu á Íslandi

– að mati Ingimundar Sigurpálssonar forstjóra Íslandspósta

Rekstur Íslandspósta stendur og fellur með því að leyfi fáið til að hækka gjaldskrá á bréfaþósti og fækka útburðardögum í dreifbýli. Jafnframt er nauðsynlegt að halda áfram á þeirri braut að loka póstaðgreiðslum, en búið hefur verið að loka eigi tveimur slíkum á árinu. Búið er má við því að framhald verði á þó ekki hafi verið teknar um það ákvarðanir að svo komnu máli. Ef ekki verður ráðist í þessar aðgerðir verður Íslandspóstur áfram rekinn með halla en á síðasta ári nam tap á rekstri fyrirtækisins 119 milljónum króna.

Þetta er mat Ingimunds Sigurpálssonar, forstjóra Íslandspósta.

– Íslandspóstur er hlutafélag í eigu ríkisins, stofnað árið 1998 þegar Póstur og sími voru aðskilin, og heldur á einkarétti ríkisins vegna póstdreifingar á pósti upp að 50 grömmum. Nú er unnið að því að afnema þann einkarétt í samræmi við Evrópusambandsstíðskipun. Ingimundur segir að í sínum huga komi vel til greina að einkavæða fyrirtækið þegar einkaréttur þess á bréfaþósti fellur niður. Það sé pólitísk ákvörðun en eftir sem áður verði ríkið að tryggja landsmönnum póstdreifingu. En hverju breytir það fyrir Íslandspóst þegar einkaréttur fyrirtækisins verður afnuminn?

„Samkvæmt pósthjónustu ESB stóð til að einkaleyfið félli niður 2011 og með því reiknuðum við hér hjá fyrirtækinu. Það var hins vegar andstaða við málið í Noregi og Ísland fylgdi þeirri afstöðu innan EES. Nú



hefur orðið breyting á og ég veit ekki betur en að það standi til að afnema einkaleyfið, án þess að vita hvenær af því verður. Þegar einkaleyfið fellur niður munu væntanlega fleiri aðilar hefja dreifingu á þessum bréfum og þar með verður Íslandspóstur kominn í samkeppnisrekstur á öllum sviðum pósthjónustu. Magnið sem fyrirtækið er með í bréfaðreifingu mun því minnka enn frekar, en það hefur dregist saman undanfarin ár. Þó losar þessi dreifing 40 prósent af tekjum fyrirtækisins í dag.“

Ríkið verður að tryggja póstdreifingu

– Nú er Íslandspósti skylt að veita alþjónustu í pósti. Hvaða áhrif hefur það á rekstur fyrirtækisins?

„Á sama tíma og við höfum haft einkarétt á dreifingu þessa bréfaþósta hafa verið lagðar skyldur á okkar herðar, að veita svokallaða alþjónustu í pósti. Á þeim vettvangi er talsverð samkeppni milli fyrirtækja en það af þessari dreifingu sem hefur í för með sér meiri kostnað en tekjur liggur

hjá Íslandspósti. Stóra spurningin er því hvernig ríkið ætlar að tryggja þá dreifingu eftir að einkarétturinn verður afnuminn.“

– Með öðrum orðum, það verður að tryggja dreifingu á pósti á þeim svæðum þar sem ekki eru taldir markaðslegar forsendur til að fyrirtæki í samkeppnisrekstri standi í póstdreifingu. Með hvaða hætti sérð þú það fyrir þér?

„Ein leið gæti verið að nýta jöfnunarsjóð alþjónustu, sem er til staðar, til þess. Önnur leið gæti verið að meta kostnaðinn við dreifingu af þessu tagi og greiða hann bara af fjárlögum.“

– Myndi fyrirtækið vilja losna undan þessari alþjónustuskyldu?

„Við höfum í stefnumótunarvinnu hér sett okkur þau markmið að skila fyrirtækinu með hagnaði og auka verðmæti þess og hluti af því er auðvitað að það sé vöxtur í starfsemi. Út frá þeim sjónarmiðum tel ég að það væri kostur fyrir fyrirtækið að sinna þessari þjónustu og það sem mestri af henni. Stóra spurningin er hins vegar hvernig verður greitt fyrir það. Það fylgir þessari þjónustu kostnaður sem þarf að greiða. Ríkinu ber skylda til að veita þessa alþjónustu og ég gef mér því að ríkið verði með einhverjum hætti að sjá til þess að hún verði rekin áfram. Það verður ekki gert öðruvísi en með samningum um að greitt verði fyrir hana. Megin vandamálið liggur í minnkandi bréfamagni vegna þess að einkaréttarhlutinn hefur staðið undir kostnaði við alþjónustuna,

ekki að öllu leyti en að vissu marki. Verðlagningin á bréfaþósti hefur því ansi mikið um það að segja hvort að þetta er rekið réttu megin við strikið eða ekki. Þar höfum við ekki fullt verðlagningarvald, það liggur hjá Póst- og fjarskiptastofnun að heimila það.“

Hækkun á pósthúsum og fækkaðum útburðardögum í pósthjónustu

– Verð á pósthjónustu var hækkað um síðustu áramót, um 9 prósent á sendingum sem vega allt að 50 grömmum. Að ykkar mati þyrfti að hækka verð um 15 prósent til viðbótar en Póst- og fjarskiptastofnun hafnaði þeirri umleitan. Munuð þið sækja það aftur á þessu ári að hækka verð á bréfaþósti?

„Já, við munum gera það og höfum gert það nú þegar.“

– Hvernig samrýmast þessar hækkunir ákvæðum um alþjónustu þar sem sagt er að verðlagning skuli „vera almenningi viðráðanleg og tryggja aðgang hans að þjónustunni“?

„Það er alltaf matsatriði hvað er viðráðanlegt. Við horfum til verðlagningar á pósthjónustu í nágrenni löndum okkar og verðlagning á pósthjónustu hér er með því lægsta sem þekkist á Norðurlöndum. Samkvæmt síðustu samanburðartölum erum við um miðbik þess sem þekkist í Evrópu. Út frá þessu má svo sem draga ályktanir en ég ætla ekki að dæma um hvað er viðráðanlegt. Stóra atriðið er að okkur er skylt samkvæmt lögum að

halda úti ákvæðinni þjónustu og hún kostar ákveðnar fjárhæðir. Við höfum ekki fengið sérstaka gagnrýni á okkur fyrir bruðl og teljum að hagkvæmni í rekstrinum sé nálægt því að vera eins og best verður á kosið þó alltaf sé hægt að gera betur og við séum stöðugt að vinna að því. Hins vegar gengur þetta ekki upp nema að tekjur standi undir kostnaði eða að dregið verði úr þjónustu. Það er kannski spurning sem menn verða að fara að leita svara við, erum við að standa fyrir ofþjónustu í póstdreifingu? Það er margt sem bendir til að svo sé.“

Of mikil dreifingarþjónusta

– Þú hefur bent á að krafa neytenda um tíðni pósthjónustu sé ofmetin, ekki satt?

„Já, það eru niðurstöður kannana sem gerðar hafa verið á Vesturlöndum. Þær niðurstöður benda til að þörf fyrir dreifingu á pósti miðist við tvo, í mesta lagi þrjá, daga í viku. Þetta er svipað og kom út úr könnun sem innviðisráðuneytið lét gera fyrir um tveimur árum síðan. Við höfum verið að dreifa pósti fimm daga vikunnar og það er ljóst að það er frekar hátt dreifingarstig. Við verðum líka vör við að það er mikil ásókn hjá pósthjónustum að senda svokallaðan b-póst, sem dreift er á tveimur til fimm dögum, einfaldlega vegna þess að það er ódýrara.“

Hægt að einkavæða Íslandspóst

– Af og til hefur komið upp umræða um að Íslandspóstur verði

einkavæddur. Sérð þú það fyrir þér? Myndi staða fyrirtækisins breytast með einhverjum hætti ef að því yrði?

„Í sjálfu sér sé ég það alveg fyrir mér. Íslandspóstur er hlutafélag og hefur verið rekið sem slíkt og byggir á nákvæmlega sömu grunnreglum og önnur slík félög, þó að ríkissjóður sé eini hluthafinn. Eini munurinn er sá að við erum með þennan einkarétt á bréfadreifingu og þjónustuskyldu varðandi alþjónustu. Þegar búið verður að aflétta því er það pólitísk ákvörðun hvort fólk telji að ríkið eigi að eiga fyrirtæki sem þetta. Eftir sem áður myndi ríkið vera skuldbundið til að uppfylla pósttilskipun og það mætti hugsa sér að semja við Íslandspóst sem hlutafélag í almannaeigu, nú eða eitthvað annað fyrirtæki, um þá þjónustu.“

– *Veist þú til þess að slíkt sé til umræðu af hálfu stjórnvalda?*

„Nei. Við getum hins vegar horft til Evrópu. Þar hafa menn selt ríkispóstþjónustur, svo sem hollenska póstinn TNT og maltneska póstinn. Eg held ég fari rétt með að portúgalski pósturinn sé líka í söluferli um þessar mundir og einnig Royal Mail í Bretlandi. Svo má líka velta fyrir sér hvort ríkið myndi selja hluta af fyrirtækinu og hugsanlega halda eftir þeim hluta sem ekki stendur undir sér á markaðslegum forsendum. Við höfum fyrst og fremst hvatt til þess hér að þessi umræða yrði tekin, án þess að hafa sérstaka skoðun á því hvað eigi að gera.“

Áframhaldandi lokanir á pósthúsum

– *Frá árinu 2008 hefur 13 pósthúsum á landsbyggðinni verið lokað, við áköf mótmæli og lítinn fögnuð heimamanna á hverjum stað. Voru þetta nauðsynlegar aðgerðir? Getur þú fullyrt að þjónusta landpósta geti og hafi komið í staðinn fyrir pósthúsin?*

„Ég tel að þjónusta landpósta hafi komið að fullu leyti í staðinn fyrir pósthúsin já, og ég hef ekki heyrt kvartað yfir þessari þjónustu eftir að hún komst á. Þvert á móti heyrir ég að menn telji að þjónustan hafi batnað. Þegar við höfum tekið upp þjónustu pósthíla við lokun pósthúsa, í þéttbýli, afhenda þeir póstsendingar heim til fólks eða á vinnustaði eftir því sem hver og einn óskar. Á sama hátt taka þeir sendingar sem fólk vill koma frá sér. Ef ekki væri fyrir þetta þyrfti fólk að gera sér ferð á póstafgreiðslu á tilgreindum opnunartíma. Opnunartímar þar hafa vissulega verið rýmri en í pósthílum. En sé tekið tillit til þess að pósthíllinn kemur til viðkomandi á þetta að vera betri kostur. Sé fólk ekki viðlátíð er böggullinn bara í bilnum og er afhentur næsta dag.“

– *Stendur til að loka fleiri pósthúsum á landsbyggðinni á næstunni?*

„Það er búið að tilkynna lokun á tveimur pósthúsum á Vestfjörðum, á Suðureyri og Þingeyri. Það er það sem er í pípunum núna en það hafa ekki verið teknar ákvarðanir um aðrar lokanir. Hins vegar má alveg gera ráð fyrir því að það verði að draga saman þjónustu póstafgreiðslna víðar á landinu, með minnkandi magni pósts. Á móti kemur að við erum að reyna að byggja upp aukningu á öðrum sendingum, við höfum til dæmis verið að gera okkur gildandi í flutningum fyrir netverslanir og þar hefur orðið töluverð aukning. Ef framhald verður á því styrkir það auðvitað starfsumhverfi okkar frekar en hitt. Ég sé þó ekki fyrir mér að sú aukning verði svo mikil að það verði þörf á að opna pósthús aftur, þar sem þeim hefur verið lokað.“

Nauðsynlegt að fækka dreifingardögum

– *Á undanförnum árum hefur verið dregið úr póstþjónustu víða og farið úr fimm daga dreifingu í þriggja daga dreifingu. Samkvæmt fjárhagsáætlun síðasta árs vildi fyrirtækið draga enn frekar úr dreifingardögum en fékk ekki. Hyggst fyrirtækið sækja um slíkan samdrátt að nýju?*



Ingimundur segist ekki vita til þess að til standi að einkavæða Íslandspóst. Hann segir að í sjálfu sér standi ekkert í vegi fyrir því, fyrirtækið sé rekið sem hlutafélag og byggi á nákvæmlega sömu grunnreglum og önnur slík félög. Slíkt sé bara pólitísk ákvörðun.

„Það myndi kalla á reglugerðarbreytingu, sem ekki hefur verið samþykkt ennþá. Okkar tillaga var sú að dregið yrði úr tíðni póstdreifinga í dreifbýli þannig að dreift yrði annan hvern dag. Þega við höfum að bjóða upp á svonefndan b-póst árið 2012 leiddi það til þess að við gátum komið á slíku dreifikerfi í þéttbýli. Rétt tæplega 70 prósent af bréfapósti er b-póstur sem við dreifum annan hvern dag. Þessu kerfi erum við búin að koma á meira og minna í þéttbýli um allt land. Við höfum hins vegar ekki náð að koma þessari hagræðingu á í sveitum þar sem skylt er að dreifa pósti alla virka daga vikunnar. Á móti skil ég svo sem auðvitað að það er gríðarlega mikilsvert fyrir bændur sérstaklega að geta hringt í verslun, pantað varahlut fyrir hádegi og verið svo vissir um að fá hann í hendurnar næsta dag, eins og staðan er nú.“

– *Kæmi til greina, ef að dregið yrði úr tíðni dreifingardaga, að Íslandspóstur byði upp á þjónustu sem gæti leyst þessi vandamál?*

„Já, væntanlega væri það hægt. Við höfum ekki farið ofan í það í smáatriðum hvernig það yrði útfært en við skilgreinum okkur sem markaðssinnað fyrirtæki og leggjum okkur fram við að þjónusta kúnna, hvar sem er á landinu. Grundvallaratriðið er aftur á móti það að einhver þarf að vera tilbúinn til að greiða fyrir þjónustuna. Ég svara þessu afdráttarlaust játandi, að við myndum leggja okkur fram um að veita slíka þjónustu.“

Áframhaldandi tap nema gripið verði til aðgerða

– *Íslandspóstur var rekinn með 119 milljóna króna tapi á síðasta ári. Hvað olli því? Til hvaða aðgerða hyggist þið grípa til að snúa þessum taprekstri við?*

„Það er alveg borðleggjandi að það verður að gera umtalsverðar breytingar á póstþjónustu. Hún

Einkaréttur ríkisins
Íslenska ríkið hefur einkarétt á póstþjónustu vegna póstsendinga bréfa allt að 50 grömmum að þyngd. Póst- og fjarskiptastofnun veitir rekstrarleyfishafa leyfi til að annast einkarétt ríkisins og skal tryggja að veitt verði fullnægjandi þjónusta um land allt. Íslandspóstur sinnir þessu hlutverki í dag. Boðað hefur verið að einkaleyfi ríkisins falli niður á næstunni vegna ESB-tilskipunar um póstþjónustu.

Alþjónusta í pósti
Íslenska ríkið skal tryggja öllum landsmönnum aðgang að ákveðnum þáttum póstþjónustu á jafnræðisgrundvelli, með ákveðnum gæðum og á viðráðanlegu verði. Alþjónusta innifelur aðgang að að póstafgreiðslu og póstþjónustu vegna bréfa, markpósts og dagblaða, vikublaða, tímarita, ábyrgðarsendinga, tryggðra sendinga, fjármunasendinga og blindrasendinga allt að tveimur kílóum og bögglasendinga allt að tuttugu kílóum auk annarra þátta. Við úthlutun rekstrarleyfa fyrir póstþjónustu getur Póst- og fjarskiptastofnun lagt kvaðir á rekstrarleyfishafa um að þeir veiti alþjónustu.

stendur ekki undir sér eins og hún er, og því síður með áframhaldandi minnkandi bréfamagni. Það var tvennt sem þarna hafði áhrif, annars vegar að ekki fékkst leyfi til að hækka verðlagningu á einkaréttarhlutanum eins og við töldum þörf á og hins vegar að ekki fékkst leyfi til að fækka dreifingardögum. Allar aðrar áætlanir okkar gengu eftir.“

– *Þetta hefur væntanlega þýtt að það þurfti að ganga á eigið fé fyrirtækisins?*

„Já, það þýddi það. Við teljum að rekstur fyrirtækisins eigi að skila um 250 milljónum króna í hagnað á ári, til að hann sé ásætthanlegur fyrir eigandann. Það er því ljóst að þetta er ekki ásætthanleg niðurstaða.“

– *Íslandspóstur greiddi ekki arð út úr fyrirtækinu af þessum sökum. Er eðlilegt að fyrirtæki sem Íslandspóstur greiði eigendum sínum arð yfirhöfuð? Ætti ekki fremur að nýta fjármuni til að bæta þjónustu og/eða lækka verð á henni?*

„Ég er þeirrar skoðunar að þeir sem leggja stofnfé til hlutafélaga þurfi að fá eðlilegan arð af sínum fjárfestingum, sem samsvari að minnsta kosti því sem þeir hefðu fengið í markaðsvexti. Við horfum í meginatriðum á þrjá hagsmunaaðila í öllum fyrirtækjum. Það eru eigendur, starfsmenn og viðskiptavinir. Öll okkar umsýsla snýr að því að reyna að uppfylla kröfur allra þessara aðila, og þá ekki síst viðskiptavinanna. Þeir eru grundvöllur þess að hægt sé að reka fyrirtækið. Menn þurfa að horfast í augu við það hvernig á að fjármagna lögboðna alþjónustu í póstrekstri. Einhver verður að greiða fyrir þá þjónustu, sem lögin gera ráð fyrir, og það leysist ekki með því að afnema einkarétt af bréfadreifingu. Þetta er lykilspurningin, sem nú þarf að svara, þegar ákvörðun verður tekin um afnám einkaréttar.“

– *Hvernig lítur rekstraráætlun fyrir yfirstandandi ár út? Verður áfram gert ráð fyrir hækkun á*

póstburðargjöldum og fækkun útburðardaga í dreifbýli?

„Rekstraráætlunin fyrir árið í ár gerir ráð fyrir að hækka verð, bæði á einkaréttarhlutnum og á samkeppnisvörum. Hún gerir líka ráð fyrir að fækka dreifingardögum. Það sýnist mér ekki geta gengið eftir og því mun fylgja umtalsverður kostnaður. Ef verðbreytingar ganga svo heldur ekki eftir þá verður enn meira tap á rekstrinum á þessu ári en á því síðasta, það eitt er víst. Þar í ofanálag er útlit fyrir að magnminnkun verði enn meiri í ár heldur en í fyrra.“

Starfsfólki fækkað um 500

– *Hvers vegna mun ekki ganga eftir að fækka dreifingardögum?*

„Samkvæmt reglugerðardrögum sem búið var að semja um slíka fækkun átti að taka sex til níu mánuði að koma breytingunni á. Miðað við að það að nú eru liðnir þrír mánuðir af árinu sé ég ekki fram á að slíkt gæti komið til framkvæmda á þessu ári. Ég finn ekki fyrir öðru en að fólk skilji nauðsyn þess að breyta þessu með því að draga úr dreifingu, en það vantar bara að gengið sé í breytingarnar. Sama er um verðlagningu, ég tel að fólk geri sér grein fyrir að hækkanir séu nauðsynlegar til að mæta kostnaðarhækkunum og fækkun bréfa. Ég held að menn horfi til þess að rekstur Íslandspósts hafi gengið býsna vel á undanförnum árum, enda hefur þrátt fyrir þennan gríðarlega samdrátt í bréfasendingum tekist að hagræða og mæta því. Menn hafa ekki þurft að glíma við vanda póstsins fram að þessu. Við höfum varað við því að þessi staða væri að koma upp síðan árið 2009. Evrópulönd eru búin að ganga í gegnum þetta. Við höfum fækkað úr 1.300 starfsmönnum niður í 800 á þessari öld og við höfum aldrei þurft að grípa til meiriháttar uppsagna. Danski pósturinn tilkynnti nokkur þúsund manna uppsögn árið 2010 svo dæmi sé tekið. Þetta er kannski partur af vandamálinu, menn trúa að við getum leyst þetta með liprum hætti, sem fáir verða varir við. Nú erum við ekki lengur í þeirri stöðu. Við erum komin að krossgötum.“

– *Pósturinn hefur sótt um að hætta dreifingu á ákveðna bæi en ofast verið hafnað af Póst- og fjarskiptastofnun. Þó hefur oftar en ekki verið fallist á varakröfur fyrirtækisins, þ.e. að lengja þá leið sem ábúendur þurfa að sækja póstinn sinn. Sem dæmi má nefna að árið 2010 voru teknar slíkar ákvarðanir varðandi þrjá bæi á Vestfjörðum, sem nú þurfa að sækja sinn póst um 10 kílómetra vegalengd. Hyggst fyrirtækið halda áfram á þessari braut, að draga úr eða hætta póstdreifingu á bæi sem eru taldir vera utan alfaraleiða?*

„Þetta er í raun af þrenns konar meiði. Í fyrsta lagi höfum við sótt það mjög stíft að fella niður dreifingu á bæi þar sem ekki er

búseta allt árið um kring. Við höfum þurft að greiða fyrir akstur á leiðum sem aldrei eru farnar og það er bara að kasta peningum að mínu mati. Annað er þegar bæir eru langt utan alfaraleiðar. Það er nú orðið mjög fátítt og í flestum tilfellum er búið að staðsetja póstkassa á réttum stöðum þar sem þetta á við. Við höfum horft til þess hver kostnaðurinn er við dreifingu á hverjum stað. Það getur legið á bilinu 1,5 til 1,8 milljón krónur sem við höfum verið að borga fyrir dreifingu á bæi sem eru á miklum jaðarsvæðum og í sumum tilfellum höfum við verið að borga ábúendum fyrir að sækja póstinn sinn. Þriðja er að við höfum reynt að framfylgja því að póstkassar séu staðsettir á stöðum sem að lög og reglur kveða á um. Það eru um 6.000 póstkassar í dreifbýli og fyrir tveimur árum síðan voru um 5.400 þeirra rétt staðsettir. Við fórum í átak til að gera bót á þessu og nú eru á milli 100 og 200 kassar sem enn á eftir að laga staðsetningu á. Við höfum einsett okkur að klára þetta verkefni vegna þess að við teljum að það sé ekki skylda Íslandspósts að útvega póstkassa. Það hefur hins vegar skapast um það hefð. Þegar einkarétturinn fellur niður þá er tilefni til þess að Íslandspóstur hætti þessari umsýslu á póstkössum og dragi þannig úr útgjöldum.“

Ákvarðanir teknar hjá Póst- og fjarskiptastofnun

– *Í lögum um póstþjónustu kemur fram, í 6. grein, að „Íslenska ríkið skal tryggja öllum landsmönnum á jafnræðisgrundvelli aðgang að ákveðnum þáttum póstþjónustu, alþjónustu, með ákveðnum gæðum og á viðráðanlegu verði“. Hvernig samrýmist það sem nefnt er hér að framan þessum ákvæðum?*

„Aðgengi að póstþjónustunni, sem þú ert að vísa til, er bundið við það að "hagkvæmt þyki." Slíkur fyrirvarir er túlkunaratriði og það er Póst- og fjarskiptastofnunar að taka afstöðu til þess þegar við höfum óskað eftir því að leggja niður pósthús, draga úr dreifingu og svo framvegis. Stofnunin úrskurðar um þessar óskir og þeir sem telja að verið sé að mismuna þeim hafa möguleika á að leita réttar síns hjá stofnuninni. Við förum svo eftir þeim úrskurðum.“

– *Hver er almenn framtíðarsýn þín á fyrirkomulag póstþjónustu og rekstur Íslandspósts?*

„Við verðum mjög vör við það, starfsfólk póstsins, að þetta er þjónusta sem skiptir fólk gríðarlega miklu máli. Ekki síst úti um land. Það þarf að horfa á póstþjónustuna á þessum tímamótum við afnám einkaréttar og ákveða hvernig á að haga henni til frambúðar. Lögum samkvæmt ber að halda þeirri þjónustu uppi og nú er tilvalið tækifæri til þess að endurmeta alla þætti hennar og tryggja það að hún verði veitt í samræmi við þarfir og óskir viðskiptavina.“
/fr

Lykilatriði að bændur og ráðunautar séu samstíga

– Segir norskri fóðurfræðingurinn Jon Kristian Sommerseth

Norskur fóðurfræðingur, Jon Kristian Sommerseth, sótti Íslandi heim á dögum á vegum Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML). Jon Kristian er 31 árs, fæddur og uppalinn á kúabúi í Kjeldebotn í Ofoten í Norður-Noregi og starfar sem fóðurráðgjafi hjá mjólkursamlaginu TINE í Noregi. Hann dvaldi hér í viku og ferðast um landið með íslenskum fóðurráðunautum, heimsótti bændur og hélt erindi á bændafundum á Norður- og Suðurlandi. Þá vann hann einnig við fóðurráðgjöf og útreikninga með ráðunautum RML jafnframt því sem hann miðlaði af reynslu sinni til þeirra.

Í Noregi er mjólk framleidd um landið allt, á um 9.000 kúabúum sem hvert um sig telur að meðaltali 24 árskýr. Meðalframleiðsla var árið 2013 7.764 kíló. Á síðustu 25 árum hefur kúabúum fækkað um 60 prósent og á sama tíma hefur framleiðsla dregist saman um 8 til 9 prósent að sögn Jons Kristians. Margt er líkt með kúabúskapnum í Noregi og á Íslandi að mati Jons Kristians.

„Fjós og önnur útihús eru allt frá því að vera af nýjustu og bestu gerð og til hefðbundnari eldri fjósa. Þeir bændur sem ég ræddi við hér á landi virtust mjög áhugasamir um hvað hægt væri að gera til að auka efnainnihald mjólkur, einkum fituþáttinn. Það kom mér nokkuð á óvart að heyra hversu ólíkar skoðanir bændur hafa varðandi forþurrkun á heyi en í Noregi er óalgengt að þurrefnishlutfall fari yfir 40 prósent í rúllum. Annars var gaman að sjá svona mörg ólík lítaafbrigði fyrir ráðunaut sem sér nánast eingöngu rauðar og svartar kýr, með hvítu í.“

Leggja þarf áherslu á gott gróffóður

Íslenskir kúabændur eru um þessar mundir í svipaðri stöðu og norskir starfsbræður þeirra fyrir um tveimur árum síðan, það er að eftirspurn eftir fituríkum mjólkurvörum hefur

rokið upp, framleiðsla hefur dregist nokkuð saman og bændur eru nú að leita leiða til að auka framleiðsluna á nýjan leik. Jon Kristian segir að mikilvægt að bændur nýti sér ráðgjöf til að ná sem bestum árangri í þeim efnum.

„Hvað varðar stöðuna varðandi vöntun á fituhluta mjólkur vil ég nefna að það er mjög mikilvægt að leggja áherslu á vinnubrögð og skipulag í fjósum. Kýrnar þurfa að hafa aðgang að góðu gróffóðri með góðum meltanleika og gjarnan háu innihaldi sykra. Bændur ættu að leggja áherslu á að afla slíks gróffóðurs yfir sumarið. Magn og samsetning kjarnfóðurs þarf svo að miða við gæði gróffóðursins til að fá sem besta blöndu fóðurs í samræmi við þau markmið sem bændur setja sér í sinni framleiðslu. Mikill hluti mjólkurfitu á uppruna sinn í vömbinni svo ég ráðlegg bændum að leggja áherslu á góða virkni í vambarstarfsemi kúa, því æskilegt sýrustig og bakteríustig í vömb er grundvallaratriði varðandi aukna fituframleiðslu. Svo verða bændur að hafa í huga að kálfar eru framtíðarmjólkurkýr svo það er mikilvægt að umhverfi þeirra og aðbúnaður sé sem allra bestur. Ráðunautar Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins eru vel í stakk búnir til að veita bændum ráðgjöf hvað þessi atriði varðar og ég hvet kúabændur til að nýta ráðgjafarþjónustuna.“

Bjóða upp á ráðgjafarpakka fyrir norska bændur

Mikilvægt er að ráðunauta hlusti á bændur og mæti þörfum þeirra um ráðgjöf að mati Jons Kristians. Séu bóndi og ráðunautur ekki samstíga varðandi þau markmið sem á að ná muni árangur ekki nást.

„Það er algjört lykilatriði fyrir ráðunauta að vera samstíga bændum varðandi þau markmið sem þeir vilja ná. Það verður að vera sameiginlegur skilningur milli ráðunauts og bónda um hvaða hindranir eru í veginum og til hvaða aðgerða þarf að grípa. Á síðustu árum höfum við boðið



Það er mikilvægt að ráðunautar fari á vettvang og skoði aðstöðu, vinnulag og gripi, að mati Jons Kristians Sommerseth, fóðurráðunauts hjá TINE í Noregi.

bændum ákveðna ráðgjafarpakka þar sem menn geta valið um umfang ráðgjafarinnar. Það geta til dæmis verið 20 til 40 tímar í ráðgjöf yfir árið sem innihalda 2 til 3 heimsóknir í fjós, útreikninga á gróffóðurstöðu og þörf á kjarnfóðurgjöf, eftirfylgni og almenna ráðgjöf. Ef mjaltapjónn er í fjósinu getum við tengst tölvukerfi fjóssins og fylgst með stöðu mála jafn óðum. Þá getum við í raun gert breytingar og stillt hlutina af frá skrifstofunni. Margir bændur eru afar ánægðir með hvernig við fylgjumst með og getum gripið inn í strax.“

Mikilvægt að fara á vettvang

Jon Kristian segir að honum hafi litist vel á það sem hann sá til íslensku ráðunautanna í heimsókn sinni. Hann undirstrikar mikilvægi þess að ráðunautar fari á vettvang, hitti bændur og kynni sér aðstöðu á hverjum bæ.

„Ég fékk þá tilfinningu að ráðunautar Ráðgjafarmiðstöðvarinnar séu vel menntaðir og mjög áhugasamir um að aðstoða bændur. Að mínu mati er mjög

mikilvægt að ráðunautar fari í fjós og skoði gripi, fóður og vinnulag. Það er hægt að gera mjög góða hluti með mismunandi tölvuforritum en eins og í öllu öðru þá fara niðurstöður ráðgjafar algjörlega eftir því hvaða forsendur menn setja sér. Ef menn ætla til dæmis að gera fóðuráætlun með NorFor er mikilvægt að vita þyngd gripa. Þá er mikilvægt að gróffóðuráttið sé eins mikið og hægt er. Ég skil það svo að nú standi yfir rannsókn á Stóra-Ársmóti þar sem verið er að rannsaka gróffóðurát íslenskra kúa. Sú rannsókn gæti orðið mikilvæg til að gera áætlanagerð nákvæmari.“

Búum mun fækka og þau stækka

Hvað varðar framtíðarþróun í norskri mjólkurframleiðslu telur Jon Kristian að svipuð þróun verði þar á næstu árum og verið hefur síðustu ár, ekki ósvipað því sem hefur gerst hér á landi.

„Það er þó ekkert öruggt í þessum efnum í ljósi þess að ekki er búið að ganga frá búvörusamningi í Noregi fyrir þetta ár. Þess vegna er ekki hægt að spá fyrir um í

hvaða átt ný ríkisstjórn hyggst fara varðandi landbúnaðinn. Ef ég ætti að spá fyrir um framtíðina myndi ég ætla að þróunin verði áfram sú að kúabændum haldi áfram að fækka, þó ekki með sama hraða og verið hefur, og að kúnum muni fjölga á hverju búi að meðaltali. Með því ætti að vera hægt að halda svipaðri mjólkurframleiðslu og verið hefur.“

Sérhæfð ráðgjöf í samkeppni

Þróunin í norskum ráðgjafarþjónustunni hefur verið í átt að sérhæfðari ráðgjöf. Þá er all nokkur samkeppni komin á í norskri ráðgjafarþjónustu. „Það á við um alla þætti, til að mynda fóðrun, mjólkurgæði, heilsu, tækni, hagfræðiþjónustu og svo framvegis. Þá er ráðgjöfin í meira og meira mæli orðin fjármögnuð með notendagjöldum. Hversu mikil samkeppni er í ráðgjafarþjónustu í norskum landbúnaði ræðst að miklu leyti af því hvar bændur búa. Jaðarinn (n. Jæren), sem er í suðvestur Noregi og þar sem ég starfa, er líklega það svæði þar sem mest samkeppni ríkir. Fyrir utan TINE eru fleiri

Hitaveitu & gasskápar

fyrir sumarbústaði og heimili

Gæði • Þjónusta • Öryggi

Hitaveituskápar

Við sérsmiðum og eigum líka hitaveitukassa á lager. Einnig smiðum við mikið af kössum á kerrur, bíla ofl. Fáanlegir í mörgum litum.



Gasskápar

Eigum gasskápa á lager. Læsanlegir og smiðaðir úr áli.

Láttu ekki stela af þér kútunum!

VTK
BLIKKSMÍÐJA

Blikksmiðjan Vik ehf / Skemmuvegur 42, 200 Kópavogi / kt. 4309850279 / Sími: 557-1555 / blikkvik@blikkvik.is

Eru minningarnar að glatast?

Gerðu ráðstafanir áður en þær glatast að eilífu

50%
afsláttur í apríl
gegnum framvisun
þessarar
auglýsingar



**Færum mynd og hljóðefni
yfir á dvd/stafrænt form**

www.bergvik.is
Sími: 577-1777
Nethyl 2D
bergvik@bergvik.is



aðilar sem bjóða ráðgjöf í ólíkum greinum. Norska ráðgjafarþjónustan NLR (Norsk Landbruksrådgivning) býður upp á ráðgjöf varðandi gras- og grænfóðurræktun, byggingaþjónustu, fôðrun, áburðaráætlanir og fleira. Forum Ku, sem eru hagsmunasamtök stofnuð af bændum býður einnig upp á fôðurráðgjöf og fleira, einkum með ráðunautum frá Danmörku. Sömuleiðis bjóða margir kjarnfóðursalar viðskiptavinum sínum upp á fôðurráðgjöf.“

Íslenskir bændur nýti sér reynslu Norðmanna

Jon Kristian segist vonast til að íslenskir ráðunautar og kúabændur geti nýtt sér reynslu Norðmanna enda óþarfi að finna hjólið sífellt upp að nýju. „Það var áhugavert og lærdómsríkt fyrir mig að heimsækja íslenska bændur, ráðunauta og kjarnfóður-framleiðendur. Þær áskoranir sem þið standið nú frammi fyrir varðandi að ná upp aukinni mjólkurfitu höfum við Norðmenn nýlega tekist á við og



Mikilvægt er að gæði gróffóðurs séu sem mest til að auka mjólkurmagn og efnainnihald mjólkur.

höfum áttað okkur á hvað það er sem er að virka og hvað ekki. Ég vonast til að kollegar mínir á Íslandi geti nýtt sér reynslu okkar frá Noregi sem ég hef reynt að miðla og sömuleiðis að þeir bændur sem ég heimsótti hafi fengið hugmyndir sem þeir geta nýtt

sér. Ég er líka ánægður með hversu margir mættu á fundina sem ég sat með á og þær spurningar sem fram komu. Það hefur verið ánægjulegt að fá að koma hingað og ég vil gjarnan koma aftur síðar.“

/fr

ÓMISSANDI Í SAUÐBURÐINN

LAMBBOOST OG FLORYBOOST eru fæðubótarefni sem verka styrkjandi og efla ónæmiskerfi unglamba. 100% náttúrulegar vörur sem löngu hafa sannað sig. Auðvelt í notkun, þarf ekki að blanda og kemur með íslenskum leiðbeiningum.

Icevet
Dýraheilsa



FLORYBOOST

Floryboost stuðlar að jafnvægi þarmaflórunnar og saltbúskap líkamans þegar meltingartruflanir gera vart við sig.

Verndar þarmana – Viðarkol og leir sem draga í sig eitrefni

Kemur jafnvægi á saltbúskap líkamans – Natriumklóríð, magnesíumklóríð, kalíumklóríð og fosföt

Eykur orku – Dextrósi

Styrkir erta slímhúð – Nauðsynlegar oliur unnar m.a. úr rósmarín, cajeput, tímóteí og thymol



LAMBBOOST

Lambboost er fæðubótarefni sem er auðugt af broddmjólk og næringarefnum og er sérstaklega hannað með þarfir lítilla og léttra lamba í huga.

Heilbrigð þarmaflóra – Mjólkursýrugertar

Eflir ónæmiskerfið – Broddur

Örvandi – Jurtakraftur (kóla, gúarana)

Eykur líkamlegan styrk – Flókin samsetning vitamína og járn

Eykur orku – Nauðsynlegar fitusýrur, glúkósi, þriglyseríðar

Fáanlegt hjá dýralæknum og búrekstrarvöruverslunum
Nánari upplýsingar hjá dýralæknum og umboðsaðila í síma 820 2240



Eigum til afgreiðslu strax

CaselH Maxxum 130. 4cyl.
Verð kr. 10.940.000.- án vsk.

CaselH Maxxum 115. 6cyl.
Verð kr. 11.190.000.- án vsk.

Vökvaskiptar dráttarvélar
með frábærum aukabúnaði



Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500
Draupnigata 6 • 603 Akureyri • Sími 535 3526
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is

REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// www.VBL.is

PLÓGAR FRÁ VOGEL & NOOT

TIL AFGREIÐSLU STRAX

- **FARMER L 850** – 3 skeri
- **FARMER M 850** – 4 skeri
- **FARMER M 950** – 4 skeri
- **FARMER MS 950 Vario** – 4 skeri
- **FARMER MS 950 Vario** – 5 skeri



Vandaður 4 skera vendiplógur (8 vikna afgreiðslufrestur)

- Vökvastíllanleg plógfarsbreidd 30-50 cm
- Með fjaðraútslætti, diskaskerum og ristlum við hvert moldverpi.
- Fyrsta plógfar vökvastíllanlegt
- Auðveldur í stillingum
- Lyftist vel frá jörðu og góður í snúningi



VOGEL & NOOT
SOIL SOLUTIONS

TILBOÐSVERÐ kr. 2.990.000 +vsk.

Aðeins tveir fyrstu eru á þessu tilboðsverði

VB
LANDBÚNAÐUR ehf.
VB Agriculture Ltd.

www.VBL.is

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600

Fjárhúsmottur Tilboð

Verð kr. 9.900 stk.
með virðisaukaskatti



H. Hauksson ehf

Víkurhvarfi 5 • Kópavogi • Sími 588 1130
hhaukssonehf@simnet.is

Teiknistofa bænda

Við höfum um árábil hannað landbúnaðarbyggingar af öllum stærðum og gerðum, bæði nýbyggingar og breytingar.

Við hönnum einnig íbúðarhús, gerum kostnaðaráætlanir og deiliskipuleggjum svæði undir frístundabyggðir. Einnig leiðbeinum við bændum varðandi vatnsveitur.

Til að fá nánari upplýsingar, endilega sendið okkur póst á netfangið tso@simnet.is eða hafið samband í síma 553-3700 og 899-7864, Sæmundur eða Atli.



Tæknipjónusta ehf.

Af gefnu tilefni skal þess getið að:

Skógrækt er afturkræf aðgerð í nýtingu lands

— sagði Hreinn Óskarsson skógarvörður í erindi sem hann flutti á Fagrððstefnu skógræktar 2014

Fagrððstefna skógræktar 2014 var haldin á Selfossi dagana 12.–13. mars með efnið Skógur og skipulag í forgrunni. Fjölmörg áhugaverð erindi voru flutt á ráðstefnunni um ýmsar hliðar málefnsins og eitt þeirra flutti Hreinn Óskarsson, skógarvörður Skógræktar ríkisins á Suðurlandi. Þar varpaði hann fram spurningunni: *Er skógrækt afturkræf aðgerð í nýtingu lands?*

„Undanfarin ár hefur verið þrengt að möguleikum landeigenda að rækta skóg á sínu landi. Er þar um að ræða aðalskipulag í nokkrum sveitarfélögum þar sem settar eru skorður við ræktun skóga og þau rök meðal annars notuð að skógrækt sé óafturkræf framkvæmd og geti jafnvel haft áhrif á matvælaöryggi með því að teppa ræktunarland til framtíðar. Ekki eru sambærilegar skorður settar gagnvart öðrum búgreinum,“ segir Hreinn um forsögu erindisins.

„Það hefur verið að koma í ljós á síðustu árum að skógrækt er afar hentug búgrein sem styður við annan búskap og því ótækt að landeigendur geti ekki vegna skipulagsmála valið að rækta skóg á hluta jarða sinna. Vissulega mætti halda því fram að flytja mætti allt timbur inn í framtíðinni, en útreikningar hafa sýnt að skógrækt er nokkuð örugg fjárfesting til langs tíma – jafnvel hér á landi – og mikilvægt fyrir þjóðarbúið að ráða yfir skógarauðlind. Mikil eftirspurn er nú eftir innlendu timbri til ýmissa nota og á eftir að aukast á næstu áratugum, má í því samhengi nefna nýlega samninga um kísiljárnverksmiðjur sem munu að óbreyttu þurfa að flytja inn mikið magn víðar á næstu árum.“

Með ræktun skóga má auka frjósemi á rýru landi

„Það er rétt að nefna að Ísland var vaxið birkikjarri og skógi á stærstum lands undir 500 metra hæð yfir sjávarmáli við landnám, það er 25–40% landsins. Tókst landnámsmönnum með frumstæðum aðferðum að breyta þeim skógi í akurlendi, beitiland og jafnvel eyðimerkur. Í erindi mínu vildi ég sýna fram á að skógrækt er afturkræf framkvæmd og þó skógur sé gróðursettur í gott ræktunarland er mögulegt að höggva þann skóg eftir einhverja áratugi og nýta landið til ræktunar. Er þetta gert víða



um lönd t.d. í Finnlandi þar sem menn eru að breyta skógum aftur í akurræktarlönd. Má jafnvel auka frjósemi lands með skógrækt með því t.d. að rækta skóg á rýru landi í einhverja áratugi og fella hann svo, selja afurðirnar og vinna landið til ræktunar. Þetta skiptir máli meðan það eru talin rök að skógrækt sé óafturkræf,“ segir Hreinn.

„Á vissum svæðum er samkeppni um land þar sem þéttbýlt er og ekki síst á Vestanverðu Suðurlandi og á Vesturlandi þar sem uppbygging sumarhúsaþýggja er vænleg eða fjársterkir aðilar sækjast eftir frístundajörðum, meðal annars til hagabeitar fyrir hross. Margfalt meira ræktanlegt land er nýtt til hrossabeitar en til skógræktar svo dæmi sé tekið. Á dreifbýlli svæðum er samkeppnin mun minni og almennt nægt rými til fjölbreyttar ræktunar. Á fæstum bændabýlum er land þaulræktað, og því nægt landrými til skógræktar.“

Skógarfelling háð samþykki skógræktarstjóra

En hvaða lög og reglur gilda um fellingu skóga í dag? Hreinn segir að Skógræktarlög frá 1955 takmarki ruðning skóga og þurfi samþykki skógræktarstjóra til að fella skóg. „Felling er háð mótvægisáðgerðum,

nema um túnrækt sé að ræða. Túlka verður lögin þannig að með túnrækt sé einnig átt við akuryrkju. Tilkynningarskylda er á skógruðningi vegna mats á umhverfisáhrifum ef um náttúrulegan birkiskóg er að ræða, en ekki ef um ræktaðan skóg er að ræða. Landeigandi þarf sem sagt leyfi skógræktarstjóra til að fella ræktaðan skóg en lög gera ráð fyrir að hann fái það leyfi ef um túnrækt eða akuryrkju er að ræða.“

Hreinn tekur fram að það geti verið soun á framtíðarverðmætum ef skógur er felldur eftir 20–30 ára ræktun. „Þó getur verið, að ef um hraðvaxta tegundir er að ræða eins og alaskaösp, þá borgi viðurinn upphafskostnað við ræktunina og fellinguna. Flestar algengustu tegundir sem gróðursettar eru hér á landi eru þó tækar í kurl sem selja má til iðnaðar eftir 30–40 ár. Því má segja að það sé atvinnuskapandi og hagkvæmt að geyma gott ræktunarland undir skógi í nokkra áratugi, ekki síst vegna þess að skógar mynda skjól, hækka hitastig og auka uppskeru á ökrum á nálægum svæðum, draga úr moldarfoki úr ökrum og öskufoki í kjölfar eldgosa. Einnig má skilja eftir skjólraðir þegar skógur er felldur til að bæta enn frekar ræktunarskilyrðin.“

Ísland það land Evrópu sem hefur tapað mestri skógarþekju

Ekki eru mörg dæmi um að skógar hafi verið ruddir á Íslandi á seinni tímum. „Skógarreitir hafa þó verið felldir á nokkrum svæðum undanfarna áratugi, má þar nefna skóg sem felldur var vegna íbúðarbyggðar í Úlfarsárdal og á Egilsstöðum. Á Þingvöllum hafa trjäreitir í þinghelginni verið felldir vegna fornminja og á nokkrum stöðum á landinu hafa skógar verið felldir vegna vegaframkvæmda, til dæmis á Hallormsstað, á Laugarvatni og í Vaðlareit,“ segir Hreinn þegar hann er beðinn að nefna nokkur dæmi.

„Ef við berum Íslands hins vegar saman við önnur Evrópulönd í sögulegu samhengi þá er Ísland það land Evrópu sem hefur tapað mestri þekju skóga og er það land í álfunni þar sem minnsta skóglendi er – fyrir utan Vatíkanið og Mónakó. Það er því eðlilegt að lög verndi skóga og gilda svipaðar reglur í Danmörku hvað varðar verndun skóga, enda var skógarþekja Danmerkur komin niður í tvö prósent fyrir rúmum 200 árum og er nú stefnt að því að skógarþekjan skuli verða 25 prósent. Nauðsynlegt er fyrir Íslendinga að auka flatarmál skóga bæði til

að skapa auðlind til framtíðar og bæta búsetuskilyrði víða um land. Nú er stefna stjórnvalda hér á landi að auka flatarmál skóga á láglendi upp í fimm prósent (2.000 ferkílómetra). Því miður verður því markmiði ekki náð fyrr en eftir hundruð ára miðað við framkvæmdahraða síðustu áratuga, en flatarmál gróðursettra skóga er nú 485 km². Flatarmál lands undir 400 metra hæð yfir sjávarmáli er rúmlega 40 þúsund ferkílómetrar og hefur gott ræktanlegt land til akurræktar verið metið rúmlega 6.000 ferkílómetra. Því ætti að vera nægt landrými fyrir bæði akurrækt og skógrækt hér á landi. Regnskógar eru felldir stjórnlaut í hitabeltislöndum til að skapa beitilönd og akurræktarlönd víða um heim – og er skógarhögg þar eitt alvarlegasta umhverfisvandamál heimsins.“

Skynsamlegt að auka ræktun skóga á löndum bænda

„Skógrækt á ræktunarlandi getur bætt jarðvegsgæði, skapað verðmæti og atvinnu, skjól fyrir fólk, skepnur og aðra ræktun í nágrenni skóga. Ekki hvað síst aukið ræktunaröryggi, til dæmis í kornrækt, sé skógræktin skipulögð í samræmi við aðra ræktun. Því tel ég skynsamlegt að auka ræktun skóga á bændabýlum almennt. Ef stórfelld þörf verður á auknu akurræktarlandi í framtíðinni mætti fella hluta þessara skóga eins og gert er víða um lönd. Hins vegar felur þessi samanburður í sér þá hugsun að matvælaframleiðsla, t.d. kornrækt, hljóti að vera á einhvern hátt arðvænlegri, æðri eða mikilvægari en skógrækt. Í þeim samanburði taka menn ekki tillit til þess að nútímasamfélag er háð fjölmörgum skógarafurðum ekkert síður en mat. Það er aðeins í fátækustu og mjög fjölmennum samfélögum þar sem matarskortur veldur því að nota þarf allt mögulegt ræktanlegt land. Í dag er megnið af bæði kornvörum og skógarafurðum innflutt. Framtíðarmöguleikar hvors tveggja eru hins vegar umtalsverðir. Akuryrkja, skógrækt og aðrar búgreinar fara mjög vel saman og er nú rétt haldið á málum munu fjölbreyttar búgreinar styðja hver við aðra og bæta hag bænda um allt land.“ */smh*

Aðbúnaður fjár og fólks að breytast til batnaðar

Á árunum 2011 til 2012 fór fram könnun á vegum Landssamtaka sauðfjárbænda, Bændasamtaka Íslands og Landbúnaðarháskóla Íslands þar sem lagt var mat á fjárhúsbýggingar í landinu. Niðurstaða könnunarinnar bendir til þess að þrátt fyrir að ekki sé hægt að tala um byltingu í húsvist sauðfjár á Íslandi hafi samt orðið breytingar undanfarin ár og aðbúnaður bæði manna og fjár hafi tekið breytingum til batnaðar.

Um þetta fjallaði erindi Sigtryggs Veigars Herbertssonar á Landsýn-Vísindafingi landbúnaðarins 2014 sem fram fór á Hvanneyri fyrir skemmstu. Umrædd könnun fór fram með þeim hætti að öllum sauðfjárbændum sem eru skráðir í skýrsluhald í sauðfjárrækt var boðið að taka þátt í könnuninni og var sett tilkynningin þess efnis inn á vefsvæðið fjarvis.is.296 bændur svöruðu könnuninni og var vetrarfóðrað sauðfé í þeirra umsjá 96.985 sem jafngildir um 20 prósentum alls vetrarfóðraðs sauðfjár á landinu.

Notkun gjafagrinda eykst

Meðal þess sem kom í ljós þegar rýnt er í könnunina er að gjafagrindur eru að verða í algengari í fjárhúsum landsins á meðan garðar eru fremur á útleið þó þeir séu enn vinsælasta form gjafatækni. Í 49 prósentum húsanna voru eingöngu garðar og í 82 prósentum húsa eru bæði garðar og önnur aðstaða til gjafa. Fjárhús sem eingöngu eru með gördum eru þó enn smíðuð en í nýjustu byggingum eða breytingum á húsum eru gjafagrindur orðnar algengari. Þrátt fyrir að notkun gjafagrinda hafi aukist mikið eru eingöngu 14 prósent fjárhúsa eingöngu með gjafagrindur, hins vegar eru 48 prósent fjárhúsanna með garða og gjafagrindur.

Hey borið á höndum í yfir helmingi húsanna

Í þessu samhengi vekur verulega athygli að í 22 prósentum fjárhúsanna sem könnunin náði til var hey enn borið á höndum við gjafir



Breytingar eru einnig að verða á gólfefnum í fjárhúsum en með aukinni kornrækt virðist notkun á hálmi sem undirburði vera að aukast verulega. Hér er það reyndar hey sem notað er í undirburð.

og í 59 prósentum húsanna var hey borið á höndum að einhverju leyti. Stærsta húið þar sem hey var borið á höndum var með tæplega 500 fjár. Algengara var þó að það væru minni fjárhús þar sem þessi vinnuáðferð var viðhöfð en meðalfjöldi í þessum húsum var 159 fjár. Ljóst má því vera

að hægt er að auka vinnuhagræðingu verulega í þessum efnum.

Hálmurinn vinsæll

Breytingar eru einnig að verða á gólfefnum í fjárhúsum en með aukinni kornrækt virðist notkun á

hálmi sem undirburði vera að aukast verulega. Slíkur undirburður er talinn afar góður fyrir velferð kinda og auk þess er stofnkostnaður við byggingar fjárhúsa með heilu gólfi talsvert minni en bygging húsa með taðkjallara. Af þeim sem tóku þátt í könnuninni bjuggu 29 prósent við hús með heilu gólfi, annaðhvort með hálmdýnu eða á taði. Sambland af timbri og málmgrindum er ennþá vinsælastar gólfefnið en fast á hæla þess koma gólf úr timbri og samblandi af plasti og málmristum.

Ljóst er að bændur eru almennt að vinna að því að einfalda vinnu sína í fjárhúsum, meðal annars með því að koma upp heitu vatni en helmingur fjárhúsa sem könnunin náði til höfðu heitt vatn. Þá hafa verið settar upp eftirlitsmyndavélir í tíu prósent húsanna en slíkar vélar auðvelda mjög vinnu, einkum í upphafi og við lok sauðburðar. Þrátt fyrir að ekki sé verið að byggja fjárhús á hverjum degi í sveitum er alltaf eitthvað um slíka uppbyggingu og sömuleiðis endurbætur á húsum sem fyrir eru.

/fr

Möðrudalur:

Upplýsinga- miðstöð

Bæjarráð Norðurlands telur sér ekki fært að verða við erindi um aðkomu að uppbyggingu og rekstri upplýsingamiðstöðvar í Möðrudal.

Þjóðgarðsvörður á Austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs sendi ráðinu erindið, en því kemur fram að gert sé ráð fyrir uppbyggingu upplýsingamiðstöðvar í Möðrudal á Fjöllum í samstarfi við ferðaþjónustuaðila. Jafnframt segir í áætluninni að ein af aðalaðkomuleiðum að þjóðgarðinum sé frá Möðrudal.

Fram kemur í fundargerð að á síðasta ári hafi verið samþykkt umtalsverð stækkun á Austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs þegar Krepputunga var friðlýst. Svæðið er 678 ferkílómetrar og liggur á milli Jökulsár á Fjöllum og Kreppu. Innan þess eru m.a. Kverkfjallarani, Hvannalindir og Kreppusporður. Þetta svæði liggur næst Möðrudal og eru aðeins tæpir 40 km frá Möðrudal og inn að þjóðgarðsmörkum í Krepputungu.

Möðrudalur hefur vaxið gríðarlega sem viðkomustaður ferðamanna síðasta áratuginn. Mikilvægi staðarins til upplýsingagjafar til ferðamanna er því augljós. Ekki einvörðungu hvað varðar þjóðgarðinn heldur ekki síður fyrir svæðin austan og norðan við þessa hálendisvin.

Fram kemur að með erindinu sé óskað eftir afstöðu sveitarfélaga til þátttöku vegna þessa verkefnis og ef til kæmi yrði gerður samningur til nokkurra ára á milli Vatnajökulsþjóðgarðs, sveitarfélaganna og Fjalla-dýrðar ehf. um rekstur upplýsingamiðstöðvarinnar.



Aðalfundur Beint frá býli 2014

Verður haldinn að Efstadal II, Bláskógabyggð, laugardaginn 12. apríl 2014, kl. 13.30 – 18.00.

Dagskrá:

- 1. Venjuleg aðalfundarstörf
- 2. Erindi: Borgar sig að stunda heimavinnslu landbúnaðarafurða á Íslandi ? Þórarinn E. Sveinsson
- 3. Erindi: Eru lítil/færanleg sláturhús raunhæfur valkostur? Jón Trausti Kárasón.
- 4. Erindi: Dýravelferð? Sjónarmið neytenda. Velbú, Íris Ólafsdóttir

Stjórn Beint frá býli hvetur félagsmenn og áhugamenn um heimavinnslu til að mæta.

Nýir félagar og allir áhugamenn um heimavinnslu boðnir velkomnir.
Stjórn BFB



Verkefna-og rannsóknarsjóður Fljótssdalshrepps og Landsbankans

Verkefna-og rannsóknarsjóður Fljótssdalshrepps og Landsbankans auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum árið 2014.

Veittir verða tveir aðalstyrkir kr. 300.000,- og einn verkefnastyrkur kr. 100.000,-. Sjóðsstjórn getur ákveðið þegar umsóknir liggja fyrir að eingöngu verði veittir styrkir til aðalverkefna ársins og hækka þá þær styrkuppþæðir í kr. 350.000. Heimilt er að fella úthlutun ársins niður telji sjóðsstjórn engar umsóknir hæfar.

Úthlutað er til verkefna sem tengjast Fljótssdalshreppi, eða verkefna er sjóðsstjórn telur að nýtast muni sveitarfélaginu. Háskólanemar með lögheimili í Fljótssdalshreppi er sækja um fyrir verkefni sem metin eru hæf af sjóðsstjórn, hafa forgang umfram aðra umsækjendur.

Umsóknum skal skila á skrifstofu Fljótssdalshrepps, Végarði, 701 Egilsstaðir, fyrir 23. apríl, eða á netfangið fljotsdalshreppur@fljotsdalur.is. Nánari upplýsingar og umsóknareyðublað er að finna á heimasíðu Fljótssdalshrepps www.fljotsdalur.is



Sérhæft háskólanám

- Ferðamálafræði
- Viðburðastjórnun
- Fiskeldisfræði
- Reiðmennska og reiðkennsla
- Hestafræði

Tækifærin eru í okkar greinum

Nánari upplýsingar á www.holar.is eða í síma 455-6300.

Bústjóri á sauðfjárbú

Leitum að öflugum einstaklingi/pari til starfa á sauðfjárbú í Dalasýslu. Um er að ræða fullt starf á sauðfjárbúi með 1.250 fjár og 25 geldneyti. Aðstaða er góð, fjárhús með gjafagrindum og góðri sauðburðaraðstöðu. Sauðfjárbúið er staðsett á Lambeyrum í Dalasýslu sem eru 20 km frá Búðardal en þar er verslun, leikskóli, grunnskóli auk þess sem nýlega er hafin dreifnámskennsla á framhaldsskólastigi.

Starfs- og ábyrgðarsvið: Allt sem við kemur daglegum rekstri á sauðfjárbúi, svo sem vinna við gjafir, sauðburð, skýrsluhald, sæðingar, smalamennskur o.fl. Auk þess þarf viðkomandi að sjá um ýmislegt viðhald á útihúsum, vinnu við heyskap, skítmokstur, viðhald girðinga o.fl.

Hæfniskröfur: *Reynsla af landbúnaðarstörfum og dráttarvélavinnu.* Frumkvæði, sjálfstæði og

skipulögð vinnubrögð. *Sveigjanlegur vinnutími með miklu vinnuálagi á ákveðnum árstímum.*

Menntunarskilyrði: Ekki eru gerðar sérstakar menntunarkröfur hinsvegar er jákvætt ef viðkomandi hefur menntun á sviði landbúnaðar.

Launakjör, vinnutími og húsnæðismál: Vinnutími er breytilegur með miklu álagi á ákveðnum árstímum. Launakjör samkvæmt samkomulagi en miðað er við föst mánaðarleg laun. Afnot af góðu og nýlega byggðu einbýlishúsi með 4 svefnherbergjum getur verið hluti af launakjörum. Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst en það er þó samkomulagsatriði.

Umsóknarfrestur og nánari upplýsingar: Umsóknarfrestur er til 1. maí 2014 og skulu umsóknir sendar skriflega á lambeyrar@simnet.is. Nánari upplýsingar veitir Daði Einarsson í síma 863-7702

TURBOCHEF OFN SEM ER ENGUM ÖÐRUM LÍKUR!



Þjóðum notaðan C3 og Tornado ofna á góðum greiðsluskilmálum.

Ekki missa af þessum!



Plast, miðar og tæki ehf. | S. 567 8888
Krókhálsi 1 | 110 Reykjavík | www.pmt.is

VALTRA eigendur athugið!

STEINBAUER kraftkubbar hafa margsannað notagildi sitt hér á landi.

Vantar kraft í Valtrann þinn
Víst er hérna svarið
Helling fáid hestöflinn
Og haug af diesel sparið

STEINBAUER



Valtra N11

	Kraftur	Tog
Original	120 hð	500 Nm
STEINBAUER	145 hð	600 Nm



Valtra 6850

	Kraftur	Tog
Original	120 hð	500 Nm
STEINBAUER	155 hð	625 Nm

Hafir þú áhuga á að kynna þér frekar kraftkubbana frá STEINBAUER, kaktu þá við eða hafðu samband við okkur í síma: 580 8200.



Gylfaflöt 32 - 112 Reykjavík - Sími 580 8200 - www.velfang.is



Nilanthi Renuka Baragama frá Srí Lanka hefur starfað í Víkurprjóni í sjö ár og líkar það vel. Hún hefur búið á Íslandi í níu ár.

Myndir / MHH

Prjónavélarnar hjá Víkurprjóni í Vík keyrðar tólf tíma á dag en hafa þó ekki undan

– Verslunin verður opinn allan sólarhringinn í allt sumar

Hálfgert gullæði ríkir í Mýrdalnum vegna mikillar fjölgunar erlendra ferðamanna og keppast allir við að „græða“ á ferðamanninum og veita honum sem bestu þjónustu. Víkurprjón í Vík í Mýrdal gerir það gott og hefur sjaldan eða aldrei haft eins mikið að gera við að prjóna og selja ferðamönnum vörur fyrirtækisins.

Víkurprjón var keypt af Drífu ehf., í Garðabæ en það er í eigu Ágústs Þórs Eiríkssonar

framkvæmdastjóra félagsins. Drífa notar vörumerkið Icwear á sínar vörur. Icwear rekur þrjár verslanir þ.e. í Vík, við Bankastræti í Reykjavík og svo í Fákafeni í Reykjavík. Þá opnar félagið nýja verslun við Skarfabakka í Reykjavík í vor. Víkurprjón var upphaflega stofnað sem sokkaverksmiðja í Vík árið 1980. Upphaflegir eigendur voru Þórir Kjartansson, fyrrverandi framkvæmdastjóri félagsins, og fleiri í Vík. Icwear (Drífa) keypti fyrirtækið vorið 2012.

Örn Sigurðsson er rekstrarstjóri Víkurprjóns.

Verslunin stækkuð um helming

Um 30 starfsmenn starfa í Víkurprjóni og þar er vitlaust að gera. „Já, allt frá því að Icwear keypti Víkurprjón og það var sameinað móðurfélaginu Drífu hefur verið kappkostað að auka framleiðslu og efla verslunina í Vík til muna. Fyrsti áfangi í stækkun verslunarinnar var tekinn í notkun vorið 2012 og í júní sama ár var sett á lagginnar saumastofa á vegum fyrirtækisins í Ásbrú í Reykjanesbæ með 10 starfsmönnum. Öll ullarvoð fyrir saumastofurnar er prjónuð í Vík. Veturinn eftir 2012/2013 var hafist handa við að færa saumastofuna í Vík til innanhúss og verslunin stækkuð um helming og opnuð stórglæsileg 400 fermetra verslun vorið 2013. Viðtökurnar voru gríðarlega góðar því það varð algjör sprenging í verslun hjá okkur í Vík í framhaldinu,“ segir Örn.

Íslensku ullarsokkarnir slá í gegn. Hjá Víkurprjóni eru framleiddar ullarpeysur og aðrar ullarvörur s.s. húfur, vettlingar, treflar o.fl. Þá hefur aukin áhersla verið lögð á framleiðslu á Landanum sem er íslenskur ullarsokkur. Bætt var við vélum til að mæta aukinni eftirspurn. „Verslunin í Vík er almenn ferðamannaverslun sem býður upp á breitt vöruval þ.e. ullarvörur, útivistarvörur og mynjagrip. Hins vegar má segja að ullarvaran sem framleidd er í Vík sé eitt aðalaðráttarafi verslunarinnar,“ segir Örn enn fremur.



Örn Sigurðsson, rekstrarstjóri Víkurprjóns, sem tók við starfinu árið 2012 af Þóri N. Kjartanssyni.



Fjölgun erlendra ferðamanna sem heimsækja verslun Icwear í Vík er langt umfram þá fjölgun ferðamanna til landsins. „Já, ferðamennirnir eru duglegir að heimsækja okkur og kaupa vörur okkar. Janúar og febrúar voru einstaklega góðir og útlitið með næstu mánuði og sumarið er gott,“ segir Örn. Auk starfsmannanna 30 í Vík starfa 10 starfsmenn í

Ásbrú en yfir sumartímann fjölga starfsmönnum í Vík vegna umsvifa verslunarinnar þar.

Tíu starfsmenn óskast

Nú vantar um tíu starfsmenn í Víkurprjón en gallinn er sá að það er ekkert laust húsnæði í þorpinu fyrir starfsfólk. „Ein af grunnástæðum

REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// www.VBL.is

HAUGSUGUDÆLUR Jurop

Eigum til afgreiðslu Jurop haugsugudælur

Er haugsugudælan í lagi?

Eigum til og getum útvegað varahluti í flestar gerðir haugsugudæla

VB LANDBÚNAÐUR ehf.
VB Agriculture Ltd.

www.VBL.is

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600

Þess að ákveðið var að setja á fót saumastofu í Ásbrú í Reykjanesbæ var að hér í Vík var ekki mögulegt að fá mikið fleira starfsfólk í framleiðsluna. Hér er einfaldlega fátt fólk og mikil samkeppni um það. Þá rákum við okkur á viðvarandi vandamál, að ef fólk vildi koma til að vinna hér var ekki nokkurt húsnæði að fá,“ bæti Örn við. Til að ráða bót á þessu hafa nokkur af stærri fyrirtækjum samfélagsins á staðnum tekið sig saman um að láta byggja tvö raðhús hér í Vík með alls tíu íbúðum. Fyrirtækin sem standa að þessu auk Icewear eru Hótel Höfðabrekka, Hótel Vík í Mýrdal og Víkurskáli. Að öllu óbreyttu hefjast framkvæmdir í maí á þessu ári en verið er að leggja lokahönd á samninga við verktaka.

Opíð allan sólarhringinn í sumar

Upp úr miðjum maí í vor ætlar Icewear í Vík að taka upp þá nýjung að hafa verslunina opna allan sólarhringinn og verður þessi opnunartími fram undir miðjan ágúst. „Þetta er tilraun sem við höfum mikla trú á að henti okkar viðskiptavinum vel. Hér í Mýrdalnum og næsta nágrenni er mikil umferð og mikill fjöldi ferðamanna sem dvelst á hótelum á svæðinu. Við höfum orðið verulega vör við að fólk sækist í auknum mæli í það að koma til okkar á kvöldin og versla í rólegheitum. Segja má að reynsla síðustu ára hafi kennt okkur að leggja aukna áherslu á lengri og lengri kvöldopnun. Því ekki að hafa allavega opíð meðan bjart er,“ segir Örn. En hvernig er næturopnunin hugsuð? „Hún er hugsuð til að mæta aukinni eftirspurn eftir kvöldverslun, opíð alla nóttina er síðan tilraun til að mæla hver þörfin er. Vegna mikillar verslunar yfir daginn þurfum við að hafa eitthvert starfsfólk fram á nótt til að gera verslunina tilbúna fyrir næstu törn morguninn eftir. Því



Verslun Víkurprjóns verður opin allan sólarhringinn í sumar en það verður þá í fyrsta skipti á Íslandi sem ferðamannaverslun er opin allan sólarhringinn.

ákváðum við að stíga skrefið til fulls og nýta okkur þá starfskrafta betur og hafa opíð. Þó að ekki komi nema örfáir viðskiptavinir yfir nóttina er öruggt að þeir verða almennt mjög ánægðir viðskiptavinir, þó ekki

væri nema fyrir það að geta komist á snyrtingu og þegið kaffisopa.“

Flottur hópur starfsfólks

Örn segir mjög gaman að stjórna

Víkurprjóni þegar gengur svona vel í rekstrinum. „Jú, því er ekki að neita að það er einstaklega skemmtilegt og gefandi. Það má þó ekki gleyma því að í öllum þeim breytingum sem átt hafa sér

stað hjá Icewear í Vík undanfarin ár að bak við þennan árangur er hæfur og flottur og metnaðarfullur hópur starfsfólks, sem hefur lagt á sig ómælda vinnu til að ná þessum mikla árangri. Þá er ekki hægt annað en að dást að þeirri undiröldu sem er hér í samfélaginu um að láta verkin tala. Má þar meðal annars nefna samstöðu um íbúðabyggingar til að mæta húsnæðisskortri. Nýting fyrirtækis á ljósleiðara til að koma ferðaþjónustuaðilum í Mýrdalnum framarlega í aukinni getu til að veita afburðarþjónustu. Hér nefni ég bara nokkur atriði en fyrir utan þau eru mjög margir aðilar að stækka, breyta og bæta þjónustu sína eins og Icewear í Vík hefur verið að gera með góðum árangri,“ segir rekstrarstjóri Víkurprjóns að endingu.

/MHH

Stóðhestar á vegum Hrossaræktarsambands Vesturlands

Margir glæsilegir stóðhestar verða á vegum Hrossaræktarsambands Vesturlands sumarið 2014. Alls verða 9 hestar í boði í sumar. Þið getið kynnt ykkur hestana á heimasíðunni www.hrossvest.is

Opnað hefur verið fyrir pantanir svo allt er klárt. Munið að hafa Fengnúmer hryssunnar og örmerki við hendina þegar pöntunarferlið hefst. Þá er ekkert að vanbúnaði.

Hringur frá Gunnarsstöðum
Brúnstjórnmóttur, hringeygður
IS2009167169
Faðir:
IS1995135993 - Hróður frá Refsstöðum
Móðir:
IS2001286751 - Alma Rún frá Skarði
Notkunarstaður: Óstaðfest
Tímabil: Eftir landsmót
Verð með öllu: kr. 102.000.-

Sjálfur frá Austurkoti
Rauðstjórnmóttur
IS2008182653
Faðir:
IS2002187662 - Alfur frá Selfossi
Móðir:
IS1999282650 - Órelia frá Austurkoti
Notkunarstaður: Óstaðfest
Tímabil: Eftir landsmót
Verð með öllu: kr. 112.000.-

Þorlákur frá Prestsbæ
Draugmoldóttur
IS2011101166
Faðir:
IS2002187812 - Krákur frá Blesastöðum 1A
Móðir:
IS1993258300 - Þoka frá Hólum
Notkunarstaður: Óstaðfest
Tímabil: 20. júní til 25. ágúst
Verð með öllu: kr. 57.000.-

Kolskeggur frá Kjarnholtum I
Brúnn/dökk/sv.einlitt
IS2008188560
Faðir:
IS2003156956 - Kvistur frá Skagaströnd
Móðir:
IS1995288566 - Hera frá Kjarnholtum I
Notkunarstaður: Hjarðarholt
Tímabil: Eftir landsmót
Verð með öllu: kr. 158.000.-

Rammi frá Búlandi
Móðlóttur
IS2001165222
Faðir:
IS1994158700 - Keilir frá Miðsitju
Móðir:
IS1994265221 - Lúka frá Búlandi
Notkunarstaður: Óstaðfest
Tímabil: Fyrri og seinna tímabil
Verð með öllu: kr. 120.000.-

Viti frá Kagaðarhóli
Brúnn/milli stjórnmóttur
IS2007156418
Faðir:
IS1993156910 - Smári frá Skagaströnd
Móðir:
IS1993265645 - Ópera frá Dvergsstöðum
Notkunarstaður: Skipanes, húsnál
Óstaðsettur, fyrri tímabil
Verð með öllu: kr. 133.000.-

Hrafnagaldur frá Hákoti
Brúnn
IS2009186428
Faðir:
IS2003181962 - Ómur frá Kvistum
Móðir:
IS1995286428 - Frá Kvistum
Notkunarstaður: Óstaðfest
Tímabil: Eftir landsmót
Verð með öllu: kr. 87.000.-

Þytur frá Neðra-Seli
Bleiklóttur
IS1999186987
Faðir:
IS1974158602 - Ófeigur frá Flugumýri
Móðir:
IS1990286989 - Freyja frá Kvistum
Notkunarstaður: Óstaðfest
Tímabil: Fyrri og seinna tímabil
Verð: kr. 120.000.-

Korgur frá Ingólfshvoli
Brúnn
IS2006187026
Faðir:
IS1999181675 - Leiknir frá Vakurstöðum
Móðir:
IS1998287026 - Korga frá Ingólfshvoli
Notkunarstaður: Óstaðfest
Tímabil: Fyrri og seinna tímabil
Verð með öllu: kr. 133.000.-

Staðfestingargjald er 30.000 kr. og er óafturkræft.
Hryssueigendur búsettir erlendis, munið að gefa upp tilsjónarmann þegar pantað er.
ATH. Skilmálana. Sjá nánar á heimasíðunni, www.hrossvest.is

Nánari upplýsingar gefur Gísli Guðmundsson formaður, hrossvest@hrossvest.is, gsm 894-0648. Öll verð eru heildarverð og miðast við fengna hryssu. Ein sónun er innifalin.

HROSSARÆKTARSAMBAND VESTURLANDS

SKESSUNORIN 2014

Til sölu Hellur á Vatnsleysuströnd

Eldra einbýlishús sem þarfnast endurbóta. Eignarlóð rúmur hektari á einum besta stað á ströndinni með frábæru útsýni til allra átta. Draumastaður fyrir þá sem vilja vera útaf fyrir sig en samt í nálægð við höfuðborgina. Innan við 20 mín. keyrsla til Hafnarfjarðar, óskað er eftir tilboðum í eignina, uppl. í síma 866-4664.

Utan úr heimi

Slök jarðvegsvernd dregur úr matvælaöryggi

Með núgildandi lögum í Noregi nýtur þarlent ræktunarland lítillar lagaverndar. Norsku bændasamtökin (Norges Bondelag) hafa áhyggjur af þeirri stöðu mála.

Jarðvegur er undirstaða framleiðslu flestra matvæla og fódurs úr jurtaríkinu, hvort sem er til matargerðar eða fódurs fyrir búfé. Aðeins um 3% af flatarmáli Noregs er nú ræktað og einungis þriðjungur af því er hæfur til kornræktar til manneldis. Möguleikar til nýræktar eru því litlir í landinu.

Veðurfarsráð Sameinuðu þjóðanna spáir því að veðurfar fari nú hlýnandi á Jörðinni. Þurr landsvæði víða um heim mega vænta enn meiri þurrka, en í Noregi aftur á móti aukinnar og kröftugri úrkomu. Þessi þróun mun gera stórauðnar kröfur til matvælaframleiðslu á heimsvísu. Þar er Noregur ekki undanskilinn.

Um þessar mundir framleiða Norðmenn um helming af fæðubörf þjóðarinnar, þar með talið fiskmeti. Þjóðinni fjölgar nú hraðast allra Evrópuþjóða, en veikar reglur um vernd ræktunarlands draga úr hlut innlendra matvæla í fæðubörf hennar.

Mikilvægt atriði í því sambandi er að ræktunarland í Noregi fer nú

minnkandi. Frá árinu 1993 hafa 1.000 ha af ræktunarlandi og 600 ha af ræktanlegu landi verið teknir til annarra nota.

Einn hektari af matkorni (10.000 fermetrar) skilar hráefni til að bökunar á 10 þúsund brauðum. Þessi samdráttur gerist á sama tíma og Norska Stórþingið lýsir því yfir að samstaða sé í landinu um að auka matvælaframleiðslu til eigin þarfa.

Eitt af þeim málum, sem kallar á úrlausn varðandi nýtingu ræktunarlands, er að besta ræktunarlandið er að finna í grennd við þéttbýli, þar sem jarðvegur er frjósamur og land vel fallið til ræktunar. Þar er hins vegar mest eftirspurn eftir landi til annarra nota, svo sem íbúðabygginga og atvinnustarfsemi.

Sveitarstjórnir þurfa þarna að gæta ýmissa hagsmuna en þar vill útkoman ósaldan verða sú að hagsmunir ræktunar verða undir í samkeppni við aðrar þarfir samfélagsins. Samtökin leggja því áherslu á að ræktunarland, skuli njóta viðtækrar réttarverndar og meginreglan verði sú að bannað sé að taka ræktunarland undir aðra notkun.

/Nationen, 27. febr. 2014/ME



Mjaltir þrisvar á dag

Undanfarin ár hafa orðið miklar breytingar erlendis á mjaltatíðni kúa en á sí vaxandi hluta kúabúa eru kýrnar nú mjólkaðar þrisvar á dag en með því að mjólka kýrnar þrisvar á dag má vænta töluverðrar framleiðsluaukningar með sömu kúum og sömu aðstöðu. Þá verður jógurheilbrigði oftast betra í fjósum þar sem mjöltum er fjölgað í þrjár í stað tveggja. En það er þó ýmislegt sem þarf að hafa í huga áður en ákvörðun er tekin um að fjölga mjöltunum og ákvörðunin um breyttar mjaltavenjur er ekki endilega alveg einföld og ráðlegt að leita til fagfólks á sviði mjalta áður en ákvörðunin er tekin. Hér verður dregin upp einföld mynd af kostum og göllum þess að mjólka þrisvar á dag.

Aukin nyt

Í dag finnast ótal rannsóknir á nyttaukningu kúa sem mjólkaðar eru oft en tvisvar á dag og í því sambandi má einnig nefna að meðalnyt kúa í mjaltþjónafjósum hér á landi er mun hærri en kúa sem mjólkaðar eru með annars konar mjaltatækni. Nytaukningin er reyndar misjöfn eftir nythæð kúnna og virðast afurðahærri kýr skila í raun meiri aukningu en þær sem lægri eru enda eru slíkar kýr yfirleitt með minna spennt jógur en hinar nythærri sé einungis mjólkað tvisvar á dag.

Þrátt fyrir mun á meðalafurðum þá má ætíð vænta nyttaukningar við það að mjólka þrisvar á dag og má áætla að aukningin gæti legið á bilinu 10-15% og jafnvel herra á einstaka búum. Þrátt fyrir að fitu- og próteinhlutfall mjólkurinnar frá kúnum lækki venjulega nokkuð við að vera mjólkaðar þrisvar daglega eykst heildarframleiðsla þeirra á verðefnunum í kílóum talið. Kýrnar framleiða s.s. með öðrum orðum meiri fitu og prótein.

Lægri tíðni jógurbólgu

Ein af ástæðum þess að kýr sem eru mjólkaðar þrisvar á dag fá síður jógurbólgu er talin felast í því að mjólkurvefurinn er tæmdur oft og um leið skolest oft úr möguleg smitefni jógurbólgunnar. Enn fremur er talið að minni innri þrýstingur júgra, og þá síður lekar kýr, hafi góð áhrif á hringvöðvann í spenaendanum sem þá getur betur lokað á mögulega uppgöngu smitefna. Þá sýna sumar rannsóknir

að frjösemin er einnig heldur betri í hjörðum þar sem er mjólkað þrisvar á dag en flestir tengja það við aukna umferð í fjósunum og því bætt eftirlit í fjósum.

Bætt nýting mjaltatækja

Byggingarkostnaður á Íslandi er mjög hár og trúlega óvída hærri í Evrópu. Því skiptir sköpum að framleiða sem mesta mjólk á hvern bás í fjósinu og nýta mjaltaaðstöðuna sem allra best. Með því að mjólka þrisvar á dag má sennilega ná þessu takmarki best.

Aukin vinna

En það eru ekki eingöngu kostir við að mjólka þrisvar á dag. Þegar kýr eru mjólkaðar oftast krefst það nánast alltaf afleysingafólks enda endast ekki margir í því að mjólka á átta tíma fresti allt árið um kring. Margir byrja á þessu í 3-4 mánuði til þess að fá fram áhrif mjaltanna á viðkomandi búi og geta í framhaldi þess reiknað út hve mikið má greiða fyrir vinnuna við að ná í þessa viðbótar lítra með auka mjöltum. Aðrir kostnaðarþættir haldast nokkuð í hendur við aukna framleiðslu eða mjaltatíðnina s.s. át kúnna, rafmagnsnotkun og slit á búnaði.

Krefst góðs fódurs

Að bæta við mjöltum er tilgangslítið séu kýrnar ekki tilbúnar í aukna framleiðslu. Eigi svo að vera þarf að fódra þær vel og með góðu gróffóðri auk kjarnfódurs. Þá er ekki mælt með því að nota stuttan fódurgang í fjósum þar sem er mjólkað þrisvar á dag. Þetta er vegna samkeppni kúnna um átplássid en í stað þess að það líði 10-14 klst. á milli mjalta líða 8 klst. sem gerir það að verkum að kýrnar eru oftast „uppteknar“ á sama tíma. Því getur það hæglega gerst að kýr og kvígur sem eru lágt settar fái takmarkað aðgengi að fóðri þegar þær vilja það og getur því bitnað á afurðasemi þeirra.

Gæta þarf að vinnubrögðum

Reynslan frá dönskum kúabúum sýnir að oft gleymist að breyta um vinnubrögð þegar skipt er úr tveimur mjöltum á dag í þrjár. Eitt af því algengasta sem gerist er að það fer að bera á seigmjólkka eða hægjmjólkka kúm en skýringin er sú

að kýr sem eru mjólkaðar oftast en tvisvar á dag þurfa mun meiri örvun til þess að selja frá sér mjólkina. Því þarf að breyta vinnubrögðunum og gefa kúnum bæði meiri þvott og snertingu og gefa þeim heldur meiri tíma þar til mjaltatækin eru sett á en ef mjólkað væri tvisvar á dag.

Taka fyrr af kúnum

Þegar kýrnar eru mjólkaðar þrisvar á dag eru hverjar mjaltir mun styttri en venjulega þar sem minna er í kúnum við mjaltirnar. Enn fremur er lögð áhersla á það að tæma ekki kýrnar að fullu heldur skilja eftir meiri mjólk í þeim en við mjaltir tvisvar á dag. Þetta er gert til þess að draga úr líkum á því að tómjmjaltir fari fram en við tíðar mjaltir valda tómjmjaltir miklu meiri skaða en þegar mjólkað er sjaldnar. Það er fyrst og fremst spenaendinn og slímhúðin í spennum sem geta orðið fyrir skaða vegna þessa og getur afleiðingin verið aukin tíðni jógurbólgu. Til þess að draga úr þessum líkum þarf því að stilla aftakara þannig að þeir dragi tækin fyrir af kúnum en í Danmörku, fyrir Holstein kýr, er miðað við 500 ml flæði.

Nota spenadýfu

Aukin tíðni á þvotti á spennum áhrif á húðina og spenaendann og sé ekki notuð mýkjandi spenadýfa þá er hætt við að húðin þorni of mikið og í hana og spenaendann geta komið finar sprungur sem hentar vel fyrir jógurbólgu smitefni að leynast í.

Tekur tíma

Sé tekin ákvörðun um að breyta um mjaltatíðni þarf fyrst að velja heppilegan tíma. Flestir danskir kúabændur fara í fjós kl. 6 á morgnana, svo kl. 14 og láta svo afleysingafólk sjá um síðustu mjaltirnar kl. 22. Þetta er auðvitað breytilegt á milli búa en þó all algengt viðmið. Þá nýta sumir starfsfólkið í fyrstu tvær mjaltirnar en sjá sjálfir um kvöldmjaltir o.s.frv. Þegar gott tímaflæði er komið á krefst verkefnið allgóðs úthalds. Erlendar viðmiðanir gera ráð fyrir að ekki sé farið í svona breytingar fyrir minna en 6 mánuði.

Snorri Sigurðsson

sns@vfl.dk

Nautgriparræktardeild

Þekkingarsetur landbúnaðarins í Danmörku

Ný skýrsla frá sérfræðihópi IPCC um loftslagsmál:

Uppskera á heimsvísu mun dragast saman

– Gæti valdið gríðarlegu efnahagstjóni

Hlýnun loftslags mun draga úr uppskeru í heiminum um 2% á hverjum áratug og mun valda 1,45 billjóna dollara efnahagstapi við lok þessarar aldar samkvæmt nýrri skýrslu fjölþjóðlegs hóps vísindamanna sem birt var á mánudag. Þetta samsvarar rúmum 163 milljón milljónum íslenskra króna.

Skýrslan sem um ræðir er þriggja binda rit Intergovernmental Panel on Climate Change (IPCC), sem er hópur vísindamanna sem allir hafa hlotið Nóbelsverðlaun fyrir sín verk. Þetta rit er fyrsta stóra úttektin sem gerð er frá árinu 2007 um ástæður hlýnunar jarðar og afleiðingar hennar jafnframt því að skoða hvernig eigi að bregðast við. Skýrslan var opinberuð 31. mars, eftir 5 daga fund IPCC sem haldin var í Yokohama í Japan. Fram kemur að hlýnun loftslags muni hafa áhrif á lífríkið um allan heim.

163 billjóna króna tap fyrir efnahagskerfi heimsins

Samkvæmt japanska miðlinum Japan today mun í skýrsludrögunum vera tekið dæmi um að ef hitastigið á jörðinni hækkir að meðaltali um 2,5 gráður á Celsíus muni afleiðingarnar verða samanlagður samdráttur á uppskeru sem nemur á bilinu 0,2 til 2%. Það muni valda nærri 1,45 billjóna dollara efnahagstapi (1,45 US trillion) miðað við verðmæti brúttó heimsframleiðslu (e. world gross domestic product, GDP) árið 2012. Til að reyna að útskýra þessa tölu samsvarar þetta rúmum 163 milljón milljónum íslenskra króna miðað við gengi dollarans í byrjun síðustu viku (163 billjónum).

Land mun tapast vegna hækkunar sjávar og þurrka

Þá er sagt að uppskera muni minnka um allt að 2% á hverjum áratug í kjölfar breytinga á regni og aukinna þurrka á ræktarlandi. Þetta gerist þrátt fyrir að eftirspurn aukist um 14%.



Hækkandi sjávarstaða vegna bráðnunar jökla er einnig sögð valda því að það flæði yfir ræktarland sem muni neyða hundruð milljóna manna til að hórfa frá strandsvæðum og lengra inn í land. Mest hættu sé á slíku í Austur-, Suður- og Suðaustur-Asíu.

Sagt er að skýrsluhöfundar kalli eftir viðbrögðum til að draga úr áhrifum af hlýnun jarðar. Er þar m.a. talað um að gera flóðaspár og hefja rannsóknir á því hvernig eigi að koma í veg fyrir útbreiðslu smitsjúkdóma.

Tíðari hitabylgjur

Í fyrstu útgáfu skýrslu IPCC var sagt að meiri vissa væri fyrir því en áður að hlýnun jarðar stafaði af mannavöldum. Einnig að hitastigið muni hækkka á bilinu 0,3 til 4,8 °C á þessari öld. Á fundi sem haldinn var í Stokkhólmi í september 2013 var því líka spáð að hitabylgjur og þurrkar yrðu tíðari sem og flóðbylgjur vegna hækkandi sjávarstöðu.

Japanski fréttamiðillinn vitnar í Christiana Figueres, sem er yfirmaður málefna loftslagsmála hjá Sameinuðu þjóðunum, sem segir að þessi niðurstaða Stokkhólsfundarins væri viðvörunarþjalla fyrir heimsbyggðina.

„Til að forða mannkyninu frá hættunni, verða ríkisstjórnir að grípa til tafarlausrar aðgerða og gera samning á árinu 2015 um að minnka útblástur gróðurhúsalofttegunda.“

Á 25 ára starfstíma sínum hefur IPCC-nefndin fjórum sinnum birt aðvaranir sem hafa verið með sífellt harðari tón. /HKr.

REYKJAVÍK S: 414-0000 / AKUREYRI S: 464-8600 / www.VBL.is

AVANT – FJÖLHÆFUR LIÐLÉTTINGUR

TILVALINN FYRIR BÆNDUR, SUMARHÚSAEIGENDUR, FRÍSTUNDAFÓLK OG VERKTAKA

Hentar vel í ýmis konar bústörf, jarðvegsvinnu, alls konar verktakavinnu, trjáfellingar, hausthreinsun, snjóhreinsun og margt fleira

Eigum eftirfarandi vélar til á lager



AVANT 420

20 hö Kubota dieselmotor með 31 lítra vökvadælu, 185 bar, vatnskæld Lyftigeta: 650 kg Lyftihæð 220 cm Þyngd: 980 kg Lengd 220 cm Breidd: 105 cm Hæð 198 cm



AVANT 528

28 hö Kubota DI 105 dieselmotor með 36 lítra vökvadælu, 200 bar, vatnskæld Lyftigeta: 950 kg Lyftihæð 280 cm Þyngd: 1150 kg Lengd 240 cm Breidd: 119 cm Hæð 198 cm



AVANT 635

37,5 hö Kubota dieselmotor með 66 lítra vökvadælu, 200 bar vatnskæld Lyftigeta 1400 kg Lyftihæð 282 cm Þyngd 1380 kg Lengd 255 cm Breidd 99 - 129 cm Hæð 209 cm

Fáanlegar með þremur mismunandi gerðum af húsum – Fjöldi viðtækja fáanlegur

Í drifbúnaði Avant vélanna eru engar reimar, kúplingsdiskar né drifsköft

AVANT
LIPUR GRIPUR



www.VBL.is

LANDBÚNAÐUR ehf.

VBL Agriculture Ltd.

REYKJAVÍK

Krókháls 5F

110 Reykjavík

Sími: 414-0000

AKUREYRI

Baldursnes 2

603 Akureyri

Sími: 464-8600

Bændablaðið smáauglýsingar 56-30-300

Dreift í 30 þúsund eintökum á 380 dreifingarstaði

EYJALIND

GRAMMER

Sæti og varahlutir í

- Vinnuvélar

- Lyftara

- Vörubíla



S: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

SUZUKI

Way of Life!

SUZUKI
QuadSport

FYRSTIR MEÐ FJÓRHJÓL First on 4 Wheels

SMELLTU ÞÉR Á NÝTT SUZUKI FJÓRHJÓL FYRIR VORIÐ!



MYND LTA750XPi LITUR YLG

VIÐ BJÓÐUM SUZUKI 4X4 LT750AXPi OG LT500AXPi SJÁLFSKIPT MEÐ RAFKNÖNU AFLSTYRI OG SJÁLFSTÆÐRI FJÓBRUN. EINNIG SUZUKI 4X4 LTF400FSi BEINSKIPT EÐA LTA400FSi SJÁLFSKIPT. SUZUKI FJÓRHJÓLIN ERU ÞÆGILEG, EN UM LEIÐ ÖFLUGIR VINNUHESTAR OG HAFA SANNAÐ SIG SEM EINSTAKLEGA LIPUR, ÁREIÐANLEG OG TRAUST TIL ALLRA VERKA.

LTA750XPi Kr. 2.290.000,- m/vsk

LTA500XPi Kr. 2.060.000,- m/vsk

LTF400FSi Kr. 1.690.000,- m/vsk

SUZUKI
KINGQUAD

750AX
4x4
POWER STEERING

SUZUKI UMBOÐIÐ EHF

SKEIFAN 17 S:565-1725 SUZUKI@SUZUKI.IS - SUZUKI.IS - SUZUKISPORT.IS

Nú er tíminn til að huga að vorverkum

Tegund	Stofn	Sáðmagn/kg pr. he.	Sekkur/kg	Verð án vsk /kg	Verð pr. Sekk
Grasfræ					
Grasfræblanda*	SS Alhliða	25-30	20	799	15.980 kr.
Grasfræblanda*	SS Tún	25-30	20	799	15.980 kr.
Vallarfoxgras	Engmó	25-30	25	550	13.750 kr.
Vallarfoxgras	Switch	25-30	10	790	7.900 kr.
Vallarfoxgras	Vega	25-30	10	790	7.900 kr.
Vallarsveifgras	Sobra	25	10	810	8.100 kr.
Hávingull	Norild	25	10	780	7.800 kr.
Túnvingull	Reverent	25	10	610	6.100 kr.
Grænfóðurfræ					
Sumarrýgresi	Barspectra	35	25	410	10.250 kr.
Fjölært rýgresi	Calibra	35	10	690	6.900 kr.
Fjölært rýgresi	Kentaur	35	10	690	6.900 kr.
Vetrarrýgresi	Dasas	35	25	400	10.000 kr.
Vetrarrepja	Akela	10	25	520	13.000 kr.
Vetrarrepja	Hobson	10	5/25	440	2200 kr. / 11.000 kr.
Bygg					
Bygg 2ja raða	Filippa	200	700	142	99.400 kr.
Bygg 6 raða	Augusti	200	350/700	141	49.350 kr. / 98.700 kr
Bygg 6 raða	Judit	200	700	142	99.400 kr.
Hafrar					
Hafrar	Axeli	200	350	142	49.700 kr.

*SS Alhliða: 60% Vallarfoxgras (10% Switch - 50% Vega) - 10% Vallarsveifgras Sobra - 15% Hávingull Norild - 15% Fjölært rýgresi Calibra.

*SS Tún: 70% Vallarfoxgras (25% Switch - 45% Vega) - 30% Hávingull Norild

Áskiljum okkur rétt til verðbreytinga án fyrirvara - öll verð eru gefin upp án virðisaukaskatts.

Ef gengið er frá pöntun fyrir 15.apríl er frír flutningur til bænda.

Hafið samband við Elías Hartmann Hreinsson í síma: 575-6005/ 898-0824 eða Berg Pálsson í síma 894-0491.

Sláturfélag Suðurlands svf. • Fosshálsi 1 • 110 Reykjavík • Sími 575 6000 • www.ss.is

Fróðleiksbásinn

Vilmundur Hansen þjóðfræðingur og garðyrkjufraeðingur



Lífrænn áburður er maturinn en tilbúinn vítamínið

Allar plöntur þurfa næringu og án hennar myndu þær hætta að vaxa og að lokum deyja úr næringarskorti. Plöntur fá næringu úr andrúmsloftinu gegnum blöðin og úr jarðvegi í gegnum ræturnar. Næringarefnið sem eru plöntum nauðsynleg eru átján eða tuttugu eftir því hvort efni úr lofti eru talin með eða ekki.

Þörfin fyrir næringarefni er breytileg eftir tegundum, en skorti eitthvert þeirra dregur úr vexti og hörguleinkenni koma fram. Næringarefnið stuðla þannig að heilbrigði plantnanna og gera þær um leið fallegri. Til að gróðurinn vaxi og dafni er gott að gefa honum áburð á hverju vori, snemma í maí, og tvisvar að auki yfir vaxtartímann, um mánaðamótin júní og júlí og minni skammt í kringum verslunarmannahelgina.

Í tilbúnum áburði er að finna sum þeirra næringarefna sem plöntur þurfa á að halda. Hlutfall efnanna er mismunandi eftir vörueitinu á umbúðunum. Alhliða garðáburður hentar flestum plöntum en einnig er gott að gefa lífrænan áburð með reglulega til að koma í veg fyrir skort á snefilefnum. Tilbúinn áburð skal bera á í þurru veðri því annars getur hann brennt plönturnar. Hæfilegt magn yfir sumarið er sex til tíu kíló á hverja hundrað fermetra.

Megináburðarefni

Áburðarefni skiptast í tvo meginflokka eftir mikilvægi þeirra. Þau sem plöntur þurfa mest af kallast aðal- eða meginæringarefni en hin snefilefni. Auk súrefnis, vatns og kolefnis þurfa plöntur aðalnæringarefnið köfnunarefni/nitúr (N), fosfór (P) og kalí (K), en þar á eftir koma kalsíum (Ca), magnesíum (Mg) og brennisteinn (S). Næringarefnið sem plöntur þurfa minnst af eru kopar (Cu), bór (B), mangan (Mn), molybden (Mo), klór (Cl), sink (Zn), járn (Fe), kísill (Si), natríum (Na) og kóbalt (Co).

Nitúr eykur fyrst og fremst blað- og stöngulvöxt. Það er því gott að bera það á snemma vors. Sé gefið of mikið nitur verða blöðin dökkgræn og slöpp og stönglarnir linir. Ennfremur dregur úr fræmyndun. Ef um niturskort er að ræða verða plönturnar ljósgrænar og síðan gular og kyrkingslegar.

Fosfór eykur rótarvöxt og flýtir fyrir blómgun og aldin- og fræmyndun. Fosfórskortur lýsir sér meðal annars í að blöðin verða rauðblá á neðra borði, en síðan gul. Rótarvöxtur verður hægur og það dregur úr blómgun.

Kalí er nauðsynlegt við ljóstillífum sem er undirstaðan í lífstarfsemi plantnanna. Kalí eykur frostþol og mótstöðu gegn þurrki og sveppasjúkdómum. Skortur á kalí lýsir sér meðal annars í að ung blöð verða gul og visna, einkum á blaðjöðrunum. Gott er að bera á kalíauðugan áburð í lok júlí eða byrjun ágúst til að draga úr líkum á kalí.

Snefilefnaskortur

Skortur á kalsíum kemur fram í minni vexti eða þá að hann stöðvast, eldri blöð verða dökkgræn en yngri vansköpuð og rætur vaxa illa. Skortur á magnesíum veldur því að blaðgrænan eyðist úr plöntunni og eldri blöð verða gul út frá miðjunni. Óeðlilega smá og þykk blöð sem vaxa þétt saman benda til skorts



Lífrænn áburður gerir öllum gróðri gott.

á sinki. Séu ung blöð aftur á móti óeðlilega mjó og snúin með dökkar taugar er um bórskort að ræða. Hvítkáli, blómkáli og gulrófu er hætt við bórskort og verða dökkar að innan sé hann alvarlegur. Skortur á mangan lýsir sér með því að blaðgræna yngstu blaðanna eyðist á blettum en blaðtungurnar haldast grænar. Séu yngstu blöðin ljósgræn getur það stafað af skorti á brennisteini eða járn. Sé aftur á móti um alvarlegan skort á járn að ræða verða blöðin hvít.

Tilbúinn áburður

Í tilbúnum áburði eru auðleyst næringarefni sem nýtast plöntunum fljótt eftir að hann er borinn á, enda



Tilbúinn áburður er bestur í hófi.

leysist hann hratt upp. Of mikið af tilbúnum áburði getur brennt ræturnar.

Varasamt er að bera meira en tíu til fimmtán grömm af tilbúnum áburði í kringum ungar trjáplöntur

sem nýbúið er að gróðursetja. Þremur til fjórum árum seinna má auka skammtinn í þrjátíu til fjörutíu grömm.

Áburð á ekki að setja við stofn eða stöngul plantnanna heldur á að

dreifa honum að minnsta kosti fimm til tíu sentímetra frá þeim.

Lífrænn áburður

Notkun lífræns áburðar er jafngömul ræktunarsögunni en elstu rituðu heimildir um notkun hans eru frá um 400 f.Kr. Í Njálu er sagt frá því þegar húskarl Njáls á Bergþórshvoli ók skarni á hóla og er þar líklega átt við náttáburð, eða með öðrum orðum að hann hafi skvett úr koppnum á hólninn.

Í lífrænum áburði eru öll næringarefni sem plöntur þurfa á að halda en þau eru þó sjaldnast í þeim hlutföllum sem nýtist plöntunum best. Það er því gott að líta á lífrænan áburð sem aðalréttinn en tilbúinn áburð sem vítamínið sem við tökum með morgunmatnum.

Hægt er að fá mismunandi gerðir lífræns áburðar, til dæmis hrossaskít, kúamykju, sauðatað og þurrkaður hæsnaskítur eða áburð eins og þangmjöl, sveppamassa, safnhaugamold og moltu. Magn áburðarefna í mismunandi gerðum lífræns áburðar er breytilegt og það er líka breytilegt eftir því hvernig meðferð áburðarinn hefur fengið. Hæfilegt magn í garðinn getur því verið tvær til fjórar skóflur af hrossataði á fermetrann í ræktun matjurta og um hálfur lítri af hæsnaskít eða þörungamjöli. Til að fá sem besta nýtingu úr lífrænum áburði er nauðsynlegt að dreifa honum jafnt yfir svæðið sem hann á að fara á og þæla honum saman við jarðveginn eða leysa hann upp í vatni og vökva með honum.

Kostir lífræns áburðar eru að hann bætir jarðvegsbygginguna og starfsemi hinna nauðsynlegra jarðvegsörvera. Hann er líka lengi að brotna niður og temprast þannig út í jarðveginn, honum skolar síður út en auðleystum tilbúnum áburði og nýtist því plöntunum yfir langan tíma. Ökosturinn er aftur á móti sá að magn áburðarefna í lífrænum áburði er sjaldnast í þeim hlutföllum sem plönturnar þurfa og því getur verið gott að nota tilbúinn áburð með.

Sé lífrænum áburði blandað í holu með plöntu sem verið er að planta út hefur hún með sér gott nesti fyrstu árin. Ferskur lífrænn áburður, sérstaklega skítur, er sterkur og brennir rætur plantna komist hann í beina snertingu við þær. Þess vegna verður að blanda hann vel saman við jarðveginn áður en plantað er út.

Þurrkaður hæsnaskítur, þörungamjöl, sveppamassi, molta og safnhaugamold eru að öllu jöfnu betri kostur en ferskur búfjáráburður þegar velja skal lífrænan áburð í garðinn. Þurrkaður hæsnaskítur er laus við illgresisfræ vegna þess að við framleiðslu er hann hitaður.

Í búfjáráburði og safnhaugamold geta aftur á móti leynst fræ sem spíra eftir að þau koma í garðinn. Ómeðhöndlaður búfjáráburður er líka mjög sterkur og yfirleitt þarf að láta hann standa og brjóta sig í nokkur ár fyrir notkun.

Þörungamjöl, sem einnig gengur undir vörueitinu Garðamjöl, er snauð af köfnunarefni og því gott að nota það sem lífrænan áburð í kartöflugarðinn, á grasflötina og undir þökur. Hæfilegt magn af þörungamjöli í matjurtagarðinn er fimm kíló á tuttugu og fimm fermetra en sama magn á hundrað fermetra grasflöt og beð.



Góð safnhaugamold er gull betri.

Utan úr heimi

Spánverjar þrömmuðu í „sjálfsvirðingargöngu“ úr öllum landshornum til Madrídar, mál sem pagað er um á Íslandi:

Milljónir mótmæla og kenna stjórnvöldum og ESB um fátækt og atvinnuleysi

Milljónir Spánverja hafa að undanfögnu mótmælt fátækt og viðvarandi atvinnuleysi í landinu, en um 50% fólks undir 24 ára aldri eru nú atvinnulaus samkvæmt frétt RT. Samkvæmt tölum Eurostat var atvinnuleysið á Spáni á síðasta 12 mánaða tímabili 25,8%, sem þýðir að um 6 milljónir vinnufærra manna hafa verið án vinnu. Hefur þetta ástand haft skelfileg áhrif á líf um 500 þúsund fjölskyldna, samkvæmt frétt hins vinstrisinnaða blaðs Liberation sl. laugardag.

Þrátt fyrir gríðarleg mótmæli á Spáni hefur nær ekkert verið fjallað um málið í íslenskum fjölmiðlum. Ekki er heldur mikið talað um að yfir 26 milljónir manna ganga atvinnulausar í ESB ríkjunum eða fleiri en allir Norðurlandabúar. Almennur á Spáni kennir stjórnvöldum og Evrópusambandinu um ástandið. Er þar m.a. bent á að ESB hafi tekið virkan þátt í björgun banka ásamt Alþjóða gjaldeyrisjóðnum (IMF) og Seðlabanka Evrópu í aðgerðaráætlun sem kölluð er „Troika“.

Fréttastofa RT greindi frá því 22. mars að yfir 50% fólks undir 24 ára aldri á Spáni sé nú atvinnulaus. Þá hafi fjöldi fólks hafi flúið land í leit að atvinnu.

Mótmælin hafa að mestu farið friðsamlega fram, en eftir því sem á líður ber meira á átökum og hefur óeirðalögregla beitt skotvopnum með gúmmíkúlum. Reiðin er ekki síst sögð sprottin út af því að yfirvöld hafa hækkað skatta mjög mikið og notað fjármuni almennings til að bjarga bönkum úr eigin snöru í stað þess að koma almenningi til hjálpar. Allt sé þetta gert undir svokallaðri „Troika“-áætlun sem feli í sér gríðarlegan niðurskurð og einkavæðingu ríkisfyrirtækja. Alvarlega hafi verið varað við á standinu fyrir þrem árum en síðan hafi það bara versnað.

Þramma til Madrídar úr öllum landshornum

Hópur mótmælenda úr þorpum og bæjum vítt og breitt af Spáni hefur þrammað um þjóðvegi og götur síðan 9. mars til að mótmæla ástandinu og er gangan kölluð „sjálfsvirðingargangan“. Var stefna þess sett á Madrid þar sem gríðarleg



Spánverjar mótmæla fátækt og atvinnuleysi. Mitt í hópnum má m.a. greina mótmælaborða fram samtökum neytenda á Spáni UCE.

mótmæli voru í síðustu viku. Einn mótmælenda lýsti ástæðu sinni fyrir að vera í göngunni við fréttamann RT svona:

„Ég er búinn að fá nóg af þessari ríkisstjórn. Þeir hafa gefið loforð sem aldrei hafa verið efnd. Þeir sögðust ætla að skapa ný störf og lækka skatta, en það hefur allt saman reynst vera lygi. Þess í stað jókst atvinnuleysið úr 4 í 6 milljónir. Þetta er því eina leið okkar til að berjast fyrir okkar rétti. Ég fór að heiman á sunnudag [16. mars] og það bætist stöðugt í þennan hóp. Við finnum fyrir samstöðunni og við óskum eftir hjálp, betri menntun og fleiri

störfum.“ Kona meðal göngumanna lýsti því svo:



Milljónir manna hafa tekið þátt í svokallaðri sjálfsvirðingargöngu á Spáni þar sem krafist er brauðs, skjóls og atvinnu fyrir alla. Háskólastúdentar hafa blandað sér í mótmælin og mættu tugþúsundum saman.

„Þetta er orðið brjálæði. Ég þramma nú til Madríd af því að ég get hvorki talað við yfirvöld í Berlín eða Brussel. Við verðum að sýna þeim okkar samstöðu.“

Búin að fá nóg af lyginni

Einn forsvarsmanna mótmælenda lýsti markmiðum þeirra þannig að yfir völd væru að reyna að færa þjóðina aftur á það stig þegar Franco

stjórnaði öllu og banna vinnandi stéttum að mótmæla á götum úti.

„Við munum ekki leyfa því að gerast og þeir vita það. Nú erum við kominn til Madríd þangað sem fólkið er komið til að upplýsum um að stjórnvöld hafi logið að því allt frá fyrsta degi. [...] Við erum búin að fá nóg af allri þessari lygi. Við ætlum okkur að breyta kerfinu frá botni og upp úr og fólkinu á götunni mun takast það.“ /HKr.

Gólfhitakerfi

Ekkert brot ekkert flot

- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hítasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límðar beint á gólfíð
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is

REYKJAVÍK S: 414-0000 / AKUREYRI S: 464-8600 / www.VBL.is

Helsti búnaður Zetor Major 80

- 4 cl mótór í umhverfisflokki IIIA með turbinu og intercooler
- Girkassi 12x12 með syncro
- Vendigir í mælaborði
- Aflúttak 540 og 1000 sn
- Vökvadæla 50 l/ min 180 bar
- 2 x 2 vökváurtök
- Dráttarkrókur, dráttarbeisli
- Lyftigeta beislis er 2400 kg
- Cararro framöxull með sjálfvirkri læsingu
- Vökvadiskabremsur á afturhjóllum
- 82 lítra eldsneytis tankur
- Stillanlegt ökumannssæti
- Öflug miðstöð í húsi
- Opnanleg sóllúga á húsþaki
- Vinnuljós á hústoppi, 2 að aftan 2 að framan
- Rúðupurrka að framan og aftan með hreinsivökva
- Frambretti
- Mótórhitari 220 volt
- Púströr á horni húss
- Útvarp með geislaspilara
- Helstu mál hæð, breidd, og lengd 2,56, 1,86 og 4,2 m
- Þyngd vélar án ámoksturstækja, 3090 kg
- Dekk: 11,2-24 og 16,9-30

TIL SÖLU Zetor Major 80

77 hestöfl. Með ALÖ 220p
ámoksturstækjum með þriðja sviði

Verð án skóflu kr. 5.690.000 án vsk.
Verð með skóflu kr. 5.850.000 án vsk.
Skráning kr. 20.000

Verð miðast við gengi DKK 21

VB
LANDBÚNAÐUR ehf.
VB Agriculture Ltd.

www.VBL.is

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600

Lesendabás



Eigenda- og ræktendafélag landnáms hænsna (ERL):

Unnið að uppsetningu ræktendaskrár

Á aðalfundi Eigenda- og ræktendafélags landnáms hænsna (ERL) 2011 var samþykkt samhljóða að skipa fimm manna nefnd til að semja tillögu að lýsingu á landnáms hænnunni. Nefndin starfaði sumarið 2012, hafði að leiðarljósi einkenni stofns þeirra hænsna sem dr. Stefán Aðalsteinsson byggði upp í húsakynnum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins á Keldnaholti í Reykjavík fyrir nær 40 árum, og auk þess var rætt við fjölmarga sem þekkja til þessa stofns. Þá var afilað ýmissa upplýsinga erlendis frá, m.a. frá Norræna genabankanum, varðandi ákveðin einkenni í skyldum og óskyldum hænsnakynjum. Niðurstöður nefndarinnar voru kynntar félögum ERL og eftir umræður og minni háttar breytingar á þeim niðurstöðum var lýsingin samþykkt samhljóða á aðalfundi 2012 og kynnt rækilega, svo sem á vef- og fésbókarsíðum, í tölvupósti til ræktenda eftir föngum, og í fjölmiðlum.

Strax eftir að framangreindar reglur höfðu verið samþykktar og kynntar var farið að ræða um nauðsyn þess að tryggja sem best að ræktendur færu eftir reglunum. Nokkuð hafði borið á því að verið væri að selja, eða dreifa með öðrum hætti, fuglum sem ekki falla að viðurkenndri lýsingu landnáms hænsna, m.a. með fiðraða leggi, vangaskegg (barta) eða fiður á hækjum (bússur), ríkjandi eiginleika sem sennilega hafa borist inn í stofninn á seinni árum, trúlega úr belgískum eða frönskum kynjum, eða öðrum hænsnakynjum sem hafa „mengast“ með þessum eiginleikum. Eitt er víst að þessir eiginleikar þekkja ekki í upprunalega Keldnaholtstofninum. Það sýna m.a. bæði myndir og umsgagnir fólks sem hirti eða umgekkst þau hænsni, bæði þá og síðar.

Í rökréttu framhaldi af fyrri aðgerðum var lögð fram tillaga á aðalfundi 2013 um að ERL komi upp skrá yfir viðurkennda ræktendur landnáms hænsna, samkvæmt gildandi reglum um útlits- og atferliseinkenni. Fundur þessi var óvenju fjölmennur, enda verið að halda upp á 10 ára afmæli félagsins, og kom fram í líflegum umræðum nær einróma álit á því að brýnt væri að koma betri reglu á ræktunarmálin. Var tillagan samþykkt óbreytt með öllum greiddum atkvæðum.

Stjórn ERL er að hefja uppsetningu ræktendaskrár, einkum í tvennum tilgangi:

1. Að koma reglu og festu á ræktunarstarfið, m.a. með því að varðveita sem best hina miklu erfðafjölbreytni sem einkennir kynið, svo sem í litum.
2. Að tryggja kaupendum hreinræktaðra landnáms hænsna fugla sem falla að lýsingu þeirra og sem þeir geta treyst á að uppfylli viðurkenndar kröfur ERL til hænsnanna, bæði í útliti og atferli.

Fyrsta skrefið er að skrá ræktunarhópa á einstökum búum og mynda þannig síðar grundvöll undir skráningar einstakra, merktra, ræktunarhænsna á hverju búi til að renna styrkari stoðum undir varðveislu þess erfðafnis sem í stofninum býr og koma í veg fyrir of mikla skyldleikarækt.

Nú þegar hafa skráðir félagar í ERL fengið send skráningareyðublöð og eru þau farin að berast félaginu. Svör við umsóknum munu berast svo fljótt sem auðið er að undangenginni úttekt á ræktun og aðbúnaði hænsnanna sem stjórnin eða fulltrúar hennar annast. Skrá þessi verður birt með vorinu á vefsíðu ERL, á fésbókarsíðunni Landnáms hænnunnar (ræktendur), í ritinu Landnáms hænnan, Bændablaðinu og víðar eftir atvikum, og uppfærð með reglubundnum hætti þannig að nýir ræktendur geti bæst í hópinn jafnóðum og þeir hljóta viðurkenningu. Víki skráður ræktandi frá gildandi, viðurkenndri lýsingu á einkennum íslensku landnáms hænnunnar áskilur stjórn ERL sér rétt til að taka hann af skránni.

Það er allra hagur að sem best sé staðið að ræktun, dreifingu og aðbúnaði landnáms hænsna og er það von stjórnar ERL að markviss skráning viðurkenndra ræktenda stuðli að því.

Félagar ERL og aðrir sem óska eftir að skrá hreinræktuð landnáms hænsni, samkvæmt viðurkenndum kröfum félagsins, geta haft samband við Ásu Lísabet Björgvinsdóttur ritara ERL, Túngötu 57, 820 Eyrarbakka, í sínum 483-1135 eða 849-5156, eða með tölvupósti asalisbet@simnet.is

Erfðabreytt skepnufóður og matur – er það málið ? – 2.hluti

Í skrifum um erfðabreytt matvæli verður ekki hjá því komist að fjalla sérstaklega um fyrirtækið Monsanto og eiturefnið sem það framleiðir og erfðabreyttar plöntur eru þróaðar til að þola, notkun þess og afleiðingar.

Monsanto er fjölþjóða efna- og landbúnaðarlífæknifyrirtæki með bandarískan uppruna og aðsetur þar í landi. Það var stofnað fyrir rúmlega 100 árum og hefur lengst af starfað í efnaiðnaði, þar til á 9. áratugnum þegar það fór í líftækniðnaðinn – til að geta aukið sölu sína á eiturefnum undir merkjum erfðatækni. Erfðabreyttar lífverur sem fyrirtækið Monsanto hefur þróað og fengið einkaleyfi á eru erfðabreyttar með geni ákv. baktería til að þola illgresiseitur, sem fyrirtækið sjálft framleiðir og heitir Roundup. Erfðabreytta fræið er Roundup Ready þ.e. tilbúið til að þola margfalt magn þessa eiturefnis m.v. aðrar plöntur og lífverur óerfðabreyttar. Erfðabreytt ræktun byggist á notkun þessa eiturefnis. Þetta þýðir, að síðan erfðabreytt ræktun kom til sögunnar hefur eiturefnanotkun margfaldast.

Monsanto hefur verið í miklum viðskiptum við hernaðaryfirvöld og framleiddi áður og markaðssetti m.a. eiturefnin PCB, DDT sem notað var í síðari heimsstyrjöldinni og síðan í landbúnaði og Agent Orange – sem notað var í Víetnamstríðinu til að eyða gróðri. Roundup – með virka efninu glýfosat – framleitt af Monsanto, er aðaleiturefnið sem er notað í ræktun erfðabreyttrar uppskeru og mest notaði illgresiseyðir í heiminum í dag. Alltaf hefur verið fullyrt af hálfu talsmanna Monsanto að vörur þess séu öruggar, skaðlausar heilsu almennings, umhverfi o.s.frv. – jafnvel umhverfisvænar. Þeir sem hanna viðskiptamódel fyrirtækisins eru færir í sínu fagi, rekstur Monsanto gengur vel og velta fyrirtækisins er gríðarleg.

Úlfur í sauðargæru

Staðreyndir tala hins vegar öðru máli, hversu flottan búning sem menn pakka þeim inn í. DDT var notað sem skordýraeitur í Bandaríkjunum frá því eftir seinni heimsstyrjöld og allt þar til það var bannað með lögum árið 1972 þar í landi vegna þrýstings frá umhverfissinum. Í framhaldinu gekk í gildi bann á notkun þess á heimsvísu, svo stórskadlegt er þetta efni. Agent Orange var údað yfir Víetnam í gríðarlegu magni með hörmulegum heilsufarslegum afleiðingum og eyðileggingu umhverfis og er nú bannað. Eins er með PCB, sem er þrávirkt, lífrænt eiturefni sem Monsanto hóf framleiðslu á árið 1929 þar til almenn notkun þess var bönnuð í Bandaríkjunum árið 1979 og síðar einnig að mestu annars staðar.

Vaxandi fjöldi vísbendinga benda til þess að Roundup orsaki, líkt og Agent Orange vansköpun í nýburum. Börn sem fæðst hafa nálægt ökrum í Argentínu þar sem Roundup Ready soja hefur verið ræktað hafa fæðst jafn skelfilega vansköpuð og þau börn sem fæðst hafa á svæðum í Víetnam sem Agent Orange hefur mengað. Nýleg skýrsla opinberaði að eftirlitsstofnanir og skordýraeitursiðnaðurinn hafi vítað um tengsl Roundup við fæðingargalla fyrir löngu – sum í meira en tvo áratugi – en hafi haldið upplýsingunum leyndum fyrir almenningi. Skv. skýrslunni, sem birtist í Earth Open Source, orsakar Roundup meðal annars fæðingargalla, truflanir á innkirtlastarfsemi, skemmdir á DNA, taugaeitrun og krabbamein.



Týnda kynslóðin, einnig kölluð Orange-kynslóðin: Talið er að um hálf milljón barna hafi fæðst í Víetnam alvarlega andlega og líkamlega fötluð vegna afleiðinga plöntueitursins Agent Orange.

Mynd / <http://www.projectagentorange.com/>



Hagsmunaárekstrar iðnaðar og vísinda

Síðan erfðabreytt fræ var fyrst kynnt til sögunnar fyrir um 20 árum, hefur markaður fyrir uppskeru sem hæð er eiturefnanotkun gefið af sér margra milljarða dollara iðnað. Fjármögnun til þróunar enn fleiri tegunda af erfðabreyttu, eiturþolinu uppskeru hefur að mestu komið frá eiturefnaiðnaðinum sjálfum. Nú er svo komið að markaðsstaða þessara eiturefnafyrirtækja er orðin svo sterk að þau reyna ekki lengur að fela það að fjárhagslegir hagsmunir ráða þegar kemur að því að taka ákvarðanir um hvaða rannsóknir séu framkvæmdar – hvað fæst birt og hvað ekki.

Margt bendir til að eiturefna-fyrirtæki undir merkjum „líftækni-fyrirtækja sérhæfðum“ í erfðarannsóknum“ hafi frá byrjun, markaðssett vörur sínar byggðar á alvarlega gölluðum vísindum.

Að ráða hagsmunaaðila úr iðnaðinum til starfa í allar mögulegar deildir innan stjórnerkisins er hluti af viðskiptamódelinu og hefur haft mjög skadleg áhrif á heilbrigðis- og umhverfispólitík. Sú viðtekna hugmynd að vísindaleg heilindi séu hafin yfir vafa, hefur síðan leyft ósömanum að viðgangast.

Niðurstöður rannsóknar „ófullnægjandi“

Sama ár og niðurstöður lífstíðar-fóðurrannsóknar Séralinis á rottum (sjá 1. hluta þessara greinaskrifa 6. tbl. 2014) voru birtar dró ritstjórn Elsevier þær til baka – skýringin sem gefin var er sú að rannsóknin og niðurstöður hennar „uppfylltu ekki vísindalega staðla“. Þó hafði hún farið athugasemdalest í gegnum helmingi ítarlegri ritrýni en gerðar eru kröfur um að öllu jöfnu og stór hópur vísindamanna skrifaði stuðningsyfirlýsingu til handa Séralini eftir úrskurðinn. Hvort ákvörðunin hafði með það að gera að fyrr á árinu hafði verið búin til ný ritstjórnarstaða hjá Elsevier og við henni tók fyrrverandi vísindamaður hjá Monsanto – framleiðanda erfðabreytta fóðursins, skal ósagt látið. Segja má þó að ef þessar niðurstöður eru marklausar ætti að taka allar erfðabreyttar vörur af markaði, því markaðssetning þeirra byggir á niðurstöðu nákvæmlega

sams konar tilraunar nema styttri og eru þá marklaus líka.

Hverju svo sem talsmenn framleiðenda erfðabreyttra matvæla halda fram, þá hefur það aldrei verið sannað með öyggjandi hætti, að neysla erfðabreyttra matvæla sé örugg heilsu manna og þangað til ættu neytendur að njóta vafans. Eins og áður hefur verið rakið og verður farið í enn ítarlegar í næstu greinum er hins vegar margt sem bendir til hins gagnstæða.

Niðurstöða rannsóknar Séralini's varð þó til þess að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sá ástæðu til að bregðast við og lagði 3 milljónir Evra í að endurtaka tilraunina, með stærri hóp tilraunarotta. Sú tilraun er sennilega hafin nú þegar þetta er skrifað og verður vonandi yfir hagsmunapot hafin.

Almannahagsmunir aukaatriði

Sammerkt með öllum eiturefnum Monsanto er að þau valda krónískum sjúkdómum og eitrunum sem koma fram á löngum tíma og oft er erfitt að sanna tengingu við orsakavald og enn erfiðara að lagfæra eða hreinsa burt. Því ætti að vera eitthvað annað uppi á teningnum núna hjá fyrirtækinu, með erfðabreytta uppskeru og Roundup/glýfosat? Visbendingar hrannast upp, um að það sé nákvæmlega það sama í gangi þar.

Þrátt fyrir sögu fyrirtækisins af skaðsemi framleiðslu þess hefur Bandaríska Matvæla- og lyfjaeftirlitið (FDA) leyft því sjálfu að rannsaka sínar eigin vörur og gera tilraunir m.t.t. öryggis fyrir neytendur og umhverfi. Afstaða fyrirtækisins er alveg skýr og vitna ég í viðtal sem tekið var fyrir The New York Times þar sem spurt var úti hugsanlega áhættu af neyslu erfðabreyttra matvæla: „Monsanto ætti ekki að þurfa að ábyrgjast öryggi matvæla framleiddra með líftækni,“ segir Phil Angell, framkvæmdastjóri samskiptasviðs Monsanto. „Okkar hagsmunir eru að selja eins mikið af þessum matvælum og hægt er. Það er hlutverk FDA að tryggja öryggið.“ Þar hafa menn það!

Sigríður Ævars

Greinina í heild og heimildaskrá má finna á <http://erfðabreytt.wordpress.com>

KEXLAND



KYNNIR



KEPPNIN UM:
GULLKLIPPURNAR

FÖS 4.APRÍL

KEX
HOSTEL

16:00-18:00



SAUÐFÉ — OG — BÆNDUR Í BORGinni



SAUÐFJÁRBÆNDUR FJÖLMENNA Í HÖFUÐSTAÐINN
FÖSTUDAGINN 4. APRÍL

ÞAR MUNU ÞAULVANIR RÚNINGSMENN KYNNA VERKLAGNI SÍNA OG KEPPA UM GULLKLIPPURNAR. VERÐLAUNIN ERU VEITT ÞEIM SEM RÝIR MEÐ HVAÐ MESTUM GLÆSIBRAG. MEÐAL GESTA VERÐUR SAUÐFÉ FRÁ HRAÐASTÖÐUM Í MOSFELLSDAL. SAUÐFJÁRSÆÐINGASTÖÐVARNAR VEITA VERÐLAUN FYRIR BESTA LAMBAFÖÐURINN OG MESTA KYNBÓTAHRÚTINN.

SÆTAFERÐIR ÚR BÆNDAHÖLLinni
FYRIR SAUÐFJÁRBÆNDUR
KL. 15:45

KEX HOSTEL • SKÚLAGATA 28 • 101 REYKJAVÍK

Bændablaðið



Utan úr heimi

Býflugnadauði í Evrópu skilgreindur sem „samfélagahrunsóregla“ býflugnasamfélaga á stórum svæðum:

Gríðarleg notkun meindýraeiturs í ríkjum ESB veldur verulegum áhyggjum

– Á Íslandi beita bændur einkum lífrænum vörnum og notkun eiturfena í landbúnaði hérlandis er vart mælanleg

Þrátt fyrir að á undanförnum árum hafi Evrópusambandið verið að herða reglur um notkun meindýraeða skordýraeiturs í landbúnaði er notkun slíkra efna þar enn gríðarleg. Ef litið er til Evrópu í heild er staða íslensks landbúnaðar æði sérstök í þessu tilliti hvað litla notkun varðar, líkt og varðandi litla notkun fúkkalyfja, sem vakið hefur mikla athygli erlendis.

Í Evrópu sem og í Bandaríkjunum og víðar eru heilu akrarnir úðaðir með margvíslegum „varnarefnum“ með flugvélum og öflugum landbúnaðartækjum, en slíkt þekkist ekki hér á landi. Þá eru eiturfeni líka mjög mikið notuð í gróðurhúsum og annarri garðyrkju í Evrópu, en íslenskir ylræktarbændur hafa í mörg ár farið þá leið að beita lífrænum vörnum náttúrunnar sjálfrar. Þá hefur ört dregið úr innflutningi slíkra efna, þar með talið gróðureyðingarefna hingað til lands á undanförnum árum.

Býflugur eru lífríkinu nauðsynlegar

Matvælaöryggisýfirvöld Evrópu, European Food Safety Authority (EFSA), hafa mikið fjallað um málið. Þá sendi Evrópunefndin frá sér skammvarðbréf til aðildarríkjanna í apríl 2013 fyrir að hafa ekki staðið við tilmæli um að grípa til ráðstafana til að vernda býflugur sem væru nauðsynlegar lífkerfi Evrópu.

Bent hefur verið á að ef býflugur hverfi af sjónarsviðinu geti um 80% plantna drepist í kjölfarið. Um leið og fjölbreyttar plöntutegundir hverfi þá þurrkast líka út margar fiðrilategundir sem hafa sérhæft sig í að nýta einstaka plöntur. Þetta sé ekki bara skelfilegt fyrir náttúruna heldur einnig fyrir mannfékkíð, þar sem ekki verði lengur hægt að bjóða upp á fjölbreyttar grænmetis- og ávaxtategundir.

„Samfélagahrunsóregla“ býflugnasamfélaga

Talið er að meindýraeitur, svokallaðir neóníkotínóíðar og fenýlpyrasólefni, hafi átt sinn þátt í að útrýma býflugum á stórum svæðum á síðustu tíu til fimmtán árum, en þær eru nauðsynlegar við frjóvgun margvíslegrar nýtjajurta í landbúnaði. Er talað um hrún á býflugnastofninum í þessu samhengi og var fyrirbærinu meira að segja gefið sérstakt heiti eða „samfélagahrunsóregla“ (Colony Collapse Disorder – CCD). Samt er sagt í reglum ESB að ekkert meindýraeitur megji nota nema það sé vísindalega sannað að það skaði ekki fólk og hafi engin áhrif á umhverfið. Gallinn er bara sá að regluverk ESB virðist ekki hafa dugað. Á sama hátt og eiturfennin hafa áhrif á viðgang skordýra, þá berast þessi efni í matvæli sem væntanlega eru líka seld til Íslands.

Á undanförunum árum hafa einnig borist fréttir af stóruknum ólöglegum viðskiptum í Evrópu með meindýraeitur. Er jafnvel talað um að 25% af notkuninni komi af svarta markaðnum og komi því ekki fram í samanburðarrannsóknnum eins og fréttapjónusta MercoPress á Spáni greindi frá.

140 þúsund tonn af eiturfenum á ári

Í rannsókn [Potential developmental neurotoxicity of pesticides used in



Evrópskur bóndi í öflugum hlífðargalla blandar eiturfenninu Lasso frá Monsanto í stóran tank til að úða á akra. Þetta efni er listað hjá bandaríska heilbrigðisráðuneytinu sem mjög hættulegt bæði fyrir menn og dýr og getur valdið margvíslegum líffæraskemmdum sem og krabbameini.

Mynd / euobserver.com



Bjargið býflugunum stendur á skiltum þessara evrópsku mótmælenda.



Býflugnadrepani eiturfenum efnafyrirtækisins Syngenta mótmælt í Þýskalandi.


Europe] sem vísindamennirnir Marina Björning-Poulsen, Helle Raun Andersen og Philippe Grandjean gerðu árið 2008 um notkun meindýraeiturs í landbúnaði í Evrópusambandinu, kom fram að þar væru notuð árlega um 140.000 tonn eiturs af um 300 tegundum. Það samsvaraði um 280 grömmum á hvern einasta íbúa ESB-ríkjanna.

Skelfilegar afleiðingar


Skordýraeitri hefur verið beitt óspart til að tryggja að uppskeran skemmist ekki. Vandinn sem menn horfa fram á í dag er hins vegar sá að við stórfellda fækkun býflugna og annarra skordýra geti uppskeran dregist saman um allt að 75% sem mun hafa stórkostlegar afleiðingar fyrir alla landbúnaðarframleiðslu í Evrópu.

Bann sett á notkun þriggja efnasambanda í tvö ár

Í atkvæðagreiðslu um tilmæli Evrópunefndarinnar um að grípa til



Heildarinnflutningur á virkum gróðureyðingar- og skordýraeiturfenum til Íslands hefur farið minnkandi á undanförunum áum. Notkun atvinnurekenda, appelsínugulur liturinn, þar á meðal bændur og vegagerðar, skógræktar og garðaúðunarfyrirtækja, á öllum þessum efnum var rétt um 500 kg á árinu 2012. Það samsvarar um 1,5 grömmum á hvern Íslending að meðaltali. Notkunin í evrópskum landbúnaði eingöngu samsvaraði hins vegar 280 grömm á hvern íbúa í ESB ríkjum samkvæmt rannsókn sem gerð var 2008. Þá er ótalin notkun margvíslegra fyrirtækja á efnunum sem er inni í íslensku tölunum.



Ef býflugurnar hverfa af yfirborði jarðar getur mannkynið aðeins lifað í fjögur ár eftir það, sagði eðlisfræðingurinn Albert Einstein.

aðgerða í apríl 2013 var það aðeins samþykkt af fimmtán ríkjum en átta voru á móti og fjögur sátu hjá. Evrópunefndin tók málið upp aftur til að bregðast við niðurstöðum vísindamanna EFSA um neikvæð áhrif viðkomandi efna á býflugur og um leið á æxlun ýmissa jurta. Krafðist EFSA tafarlausa aðgerða vegna mjög bráðrar hættu (e. high acute risk). Evrópunefnd þingsins

samþykkti í kjölfarið tímabundið bann til tveggja ára á þrem tegundum meindýraeiturs sem drepa býflugur. Það eru klóbíaniðin, imídaklópríð og þíametoxam. Er aðildarríkjum ESB ætlað að upplýsa almenning um notkun slíkra efna og skrá eitrunartilfelli. Þá gaf EFSA það út hinn 13. mars síðastliðinn að nauðsynlegt væri að ESB ríkin tækju líka upp nána samvinnu um

að rannsaka áhrif efnanotkunar á mannfólkið.

Skolast í miklu magni í grunnvatni

Samkvæmt hollenskri rannsókn sem gerð var á 700 stöðum í Hollandi á árunum 1998 til 2009, rennur skordýraeitur í stórum stíl út í grunnvatnið og hefur þannig keðjuverkandi áhrif á allt lífríkið. Bent er á að þó tímabundið bann sé set á þá sé gríðarlega mikið framleitt af meindýraeitri sem falli ekki undir þetta bann. Þannig séu um 20.000 tonn af eitrunu imídaklópríð framleidd árlega til berjast við flugur og meindýr sem sækja í nautgripi, hunda og ketti. Það er eiturfeni sem hannað var af Bayer CropScience, dótturfélagi Bayer AG, og er ætlað að lama miðtaugakerfi skordýra. Þetta er jafnframt talið mest notaða eiturfenið í landbúnaði á heimsvísu í dag og selt undir ýmsum nöfnum. Í hollensku rannsókninni er talið að allt það eitruendi í yfirborðsvatni, mengi jarðveg og drepri um leið skordýr sem nauðsynleg séu lífríkinu.

25.000-falt yfir leyfilegum mörkum

Vísindamenn komust að því að mjög oft mældist imídaklópríð í vatni vera hundrafalt yfir leyfilegum mörkum. Í mörgu tilfellum var mengun af völdum imídaklópríðs jafnvel 25-þúsundfalt yfir leyfilegum mörkum samkvæmt hollenskum reglum (13 nanógrömm í lítra). Sagt var að býflugur sem drykkju slíkt vatn myndu ekki lifa í einn dag. Reglur Evrópusambandsins leyfa hins vegar fimm sinnum meira af þessu eitri í umhverfinu en gert er í Hollandi, eða 67 nanógrömm í lítra.

Þessi ófgafullu mengunardæmi voru öll sögð vera í nágrenni við gróðurhús sem blanda imídaklópríð í vatnið sem þau vökva jurtimar með.

Vitnað er í dr. Jeroen van der Sluijs hjá Utrecht-háskólanum, sem segir að þrátt fyrir það og bönn ESB um notkun slíkra efna sé kerfisvilla í reglugerðunum varðandi skilgreiningu á heimildum í notkun meindýraeiturs sem gerðu þær gagnslausar.

Vandinn jafnvel enn stærri í Bandaríkjunum

Í Bandaríkjunum er vandinn jafnvel enn meiri og þar eru vísindamenn jafnvel að tala í alvöru um að þróa vélbý til að sinna hlutverki lifandi býflugna. Frá 2006 er talið að um 30-40% af hunangsflugustofninum í Bandaríkjunum hafi drepist. Dánartíðni í Evrópu hefur verið talin að meðaltali 20% en yfir 53% í sumum löndum. Í fyrrasumar var talað um að ástandið hafi aldrei verið verri síðastliðin 50 ár.

Strangari reglur um notkun meindýraeiturs í Evrópu geta haft gríðarleg áhrif á innflutning á korni, sojabáunum, trjáhnutum, jarðhnutum og á vöxtum frá Bandaríkjunum. Á vefsíðu CropLife America (CLA) í nóvember á síðasta ári er áhyggjum Bandaríkjamanna lýst í málinu. Það er sagt að þessar hertu reglur, sem er uppfærsla á reglum frá 2009, muni loka fyrir um 40% af útflutningi fyrrnefndra landbúnaðarafurða til Evrópu. Þar sé verið að tala um landbúnaðarvörur að verðmæti um fjórir milljarða dollara. Þetta komi til viðbótar ströngum verndarreglum ESB gagnvart sínum landbúnaði.

/HKr.

Kúabændur verðlaunaðir fyrir úrvalsmjólk

Deildarfundur Norðausturdeildar Auðhumlu var haldinn í Sveinbjarnargerði á Svalbarðsströnd nýverið, en á honum voru kúabændur á svæði MS á Akureyri verðlaunaðir fyrir að framleiða úrvalsmjók á árinu 2013. Alls framleiddu 65 bændur á landinu öllu úrvalsmjók á árinu 2013 og þar af bjuggu 33 framleiðendur í Eyjafirði eða í Þingeyjarsýslu.

Verðlaun fá þeir innleggjendur sem lögðu inn mjólk í 1. flokki A í öllum mánuðum ársins.

Mörk fyrir 1. flokk A eru eftirfarandi: Beint meðaltal líftölu mánaðar þarf að vera undir 25 þús., faldmeðaltal frumutölu mánaðarins þarf að vera undir 220 þús.Engar lyfjaleifar mega finnast í mánuðinum. Faldmeðaltal frírra fitusýra þarf að vera minna eða jafnt og 1,1 mmol/l. Að öðru leyti þarf mjólk mánaðarins að standast kröfur um 1. flokk. /MPÞ



Úrvalsmjólkurframleiðendur ásamt Kristínu Halldórsdóttur, mjólkurbússtjóra MS á Akureyri.

Eftirtaldir kúabændur og bú fengu verðlaun:

Heimavöllur ehf. Hvammi
Jóhann Tryggvason Vöglum
Helgi Þórsson/Beate Stormo Kristnesi
Þórir Níelsson og Sara María Torfum
Jóhann H Jónsson Stóra Dal
Félagsbúið Bringu Bringu
Félagsbúið Villingadal Villingadal
Sigurgeir Pálsson Sigtúnum
Hermann Ingi Gunnarsson Klauf
Benjamín Baldursson Ytri Tjörnum 2
Gestur Jónmundur Jensson Efri-Dálksstöðum
Pétur Friðriksson Gautsstöðum
Haraldur Jónsson Dagverðareyri
Þorsteinn Rútsson Þverá
Sveinn Kjartan Sverrisson Melum
Guðrún Marinósdóttir Búrfelli
Gunnlaugur Sigurðsson Klaufabrekum

Urðarbúið Urðum
Félagsbúið Böðvarsnes Böðvarsnes
Karl Björnsson Veisu
Haukur Þórhallsson Kambsstöðum
Vogabú ehf. Vogum
Glúmur Haraldsson Hólum
Sveinbjörn Þór Sigurðsson Búvöllum
Arndísarstaðir ehf. Arndísarstöðum
Ingvar Ketilsson Halldórsstöðum
Ólafur Haraldsson Fljótsbakka
Ingjaldsstaðabú ehf. Ingjaldsstöðum
Flosi Gunnarsson Hrafnstöðum
Marteinn Sigurðsson Kviabóli
Baldvin Einarsson Engihlíð
Sigtryggur Garðarsson Reykjavöllum
Félagsbúið Laxamýri Laxamýri

Nýr kjarasamningur við starfsfólk í landbúnaði

Þann 18. mars sl. undirrituðu Bændasamtök Íslands og Starfsgreinasamband Íslands nýjan kjarasamning fyrir starfsfólk sem vinnur almenn landbúnaðarstörf á bændabýlum og matráða á bændabýlum. Þá geta starfsmenn sem starfa við ferðaþjónustu í smærri stíl einnig fallið undir gildissvið samningsins, enda sé það samþykkt af hálfu viðkomandi stéttarfélags. Samningurinn hefur nú verið samþykktur að beggja hálfu.

Helstu atriði hins nýja samnings er að byrjunarlaun eru nú 216.500 krónur og hækka eftir því sem starfsfólk vinnur lengur. Þá hækka laun um allt að tvo launaflokka ef starfsmaður hefur lokið námi sem nýtist í starfi. 5 eininga nám gefur einn launaflokk og 10 eininga nám gefur tvo launaflokka. Desember- og orlofsuppbót hækkar eins og í öðrum samningum og skal greitt 73.600 krónur í desemberuppbót og 39.500 krónur í orlofsuppbót.

Þá skulu starfsmenn sem lokið hafa viðurkenndu námi á framhaldsskólastigi (a.m.k. 70 einingar) í búfræði, fiskeldi eða tamningum raðast í launaflokk 17.

Samningsbundin yfirvinna hefst þegar lokið er umsaminni dagvinnu, 7 klst. og 25 mín. virkum vinnustundum á ofangreindu tímabili. Fyrir vinnu á laugardögum, sunnudögum og öðrum samningsbundnum frídögum greiðist yfirvinnukaup. Vinna umfram 173,33 dagvinnustundir á mánuði skal greidd með yfirvinnukaupi. Sé unnið

Laun samkvæmt launaflokki 10 eru eftirfarandi:

Launa-flokkur 10	Byrjun	1 ár	3 ár	5 ár	7 ár
Mánaðar-laun	216.500	218.316	220.159	222.030	223.928
Dagvinna	1.249,06	1.259,54	1.270,17	1.280,97	1.291,92
Yfirvinna	2.248,35	2.267,21	2.286,35	2.305,78	2.325,49
Stórhátíðar-kaup	2.976,88	3.001,85	3.027,19	3.052,91	3.079,01



á dögum sem skilgreindir eru sem stórhátíðardagar í aðalkjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins skal greiða starfsmönnum stórhátíðarkaup. Um önnur atriði varðandi laun og vinnutíma vísast á samninginn sjálfan sem er t.d. að finna á www.bondi.is, www.sgs.is og www.framsyn.is

Í samningnum er sérstaklega fjallað um að gera skuli skriflega ráðningarsamninga við alla

starfsmenn sem ráðnir eru samkvæmt samningi þessum, innan mánaðar frá ráðningu, enda standi ráðning þeirra lengur en einn mánuð. Breytingar á ráðningarkjörum skal staðfesta með sama hætti. Gerð ráðningarsamnings er mikilvæg og tryggir hagsmuni beggja aðila ef til ágreinings kemur.

Í ráðningarsamningi skal koma fram ef sérstaklega er samið um vinnutíma, sbr. 2. gr. Þannig skal í ráðningarsamningi tilgreint og útfært sérstaklega ef um hlutavinnu er að ræða eða ef skipulag búreksturs krefst þess að samið sé um rofinn vinnutíma. Orlofs- og desemberuppbót skal greidd í samræmi við starfshlutfall starfsmanns. Sé samið um rofinn vinnutíma skerðir það ekki rétt til orlofs- og desemberuppbóta.

Í Töflu 2 er að finna umsamar hámarksfjárhæðir fyrir fæði og húsnæði þegar starfsmaðurinn býr á heimili bóndans.



Noa Maskin óskar eftir:

vélvirkja/verkstæðisstjóra

Til að starfa við viðgerðir á traktorum og landbúnaðarvélum.

Þú þarft að hafa:

- Tæknilega menntun
- Reynslu af vinnu á verkstæði og við landbúnaðarvélar
- Góð reynsla getur jafnast á við menntun

Noa Maskin getur boðið upp á:

- Spennandi áskoranir
- Sterka birgja með þekkt merki
- Gott vinnuumhverfi
- Samkeppnishæfar aðstæður
- Möguleika á þróun í starfi

Vegna spurning um starfið vinsamlega hafið samband við Glenn Paulsen framkvæmdastjóra í síma +47 907 73 864 eða á netfangið glenn@noamaskin.no – einnig er hægt að senda ferilskrá á netfangið eða á Noa Maskin, Riseveien 133, 8404 Sortland, Norge.

REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// www.VBL.is

Til afgreiðslu Pichon haugsuga

Verð kr. 3.400.000 án vsk.

• Drífskraft með tvöföldum hjörulið.
• 6 metra 6" barki fylgir með.
• Smíðuð til að endast.
• Smíðuð úr þykku gæðastáli.
• Galvaniseruð að utan og innan.

- 10,400 lítra.
- 9,000 lítra dæla.
- Dekk: Michelin 600/55 R26,5
- Fjaðrandi beisli.

VB
LANDBÚNAÐUR ehf.
VB Agriculture Ltd.

www.VBL.is

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600

Nautgripasæðingar 2013

Sveinbjörn Eyjólfsson
framkvæmdastjóri
Nautastöðvar BÍ



Nú er liðið það á árið 2014 að ljóst má vera hvernig sæðingastarfsemin á árinu 2013 gekk fyrir sig. Svipað og á síðasta ári verður nú í fjórum greinum gerð grein fyrir umfangi, þátttöku og árangri í þessu starfi undanfarin þrjú ár.

Á árinu 2013 voru sæddar 26.459 (25.936 árið 2012) kýr/kvígur 1. sæðingu eða 79,6% af heildarfjölda kúa og kvígna samkvæmt talningu MAST (26.479 kýr og 6.775 kvígur). Sambærilegt hlutfall ársins á undan var töluvert lægra eða 76,7%. Ánægjulegt er þegar hlutfall sæddra gripa hækkar en samt vantar allt of margar kýr og kvígur inn í sæðingastarfseminu. Vísbending er um að hluti þessarar hækkunar séu auknar sæðingar á kvígum og er það vel. Vinsældir heimanauta eru þó enn of miklar og við gætum stækkað virka erfðahópinn verulega með því að gefa heimanautunum frí.

Þátttaka í sæðingastarfseminni er mismikil milli svæða en á meðfylgjandi töflum má sjá hver hún er á einstökum svæðum. Rétt er að vekja athygli á að hjá Kjalnesingum eru hlutfallslega mjög margar holdakýr og það hefur áhrif á notkunina á þeirra svæði. Hver tafla tekur á einu ári.

Samkvæmt þessum tölum þá eykst hlutfall sæðinga á flestum svæðum. Hvergi vex þá þátttakan meira en í A-Skaftafellssýslu þar sem hún vex um 18%. Hafa ber þó í huga að áður var miðað við fjölda kúa og kvígna árið á undan en árið 2013 lágu tölur fyrir sem hægt var að nota við þetta uppgjör. Samt eru taldir vera um 6.700 gripir sem ekki koma til sæðinga og nýtast því

2011	Fjöldi Kúa	Fjöldi Kvíga	Samtals	2011 1.sæðing	Hlutfall sætt
Búnaðarsamband (BS)					
BS Kjalnesinga	584	115	699	346	49,50%
BS Borg/Snæ	3.201	704	3.905	3.034	77,70%
BS Dalamanna	457	166	623	578	92,78%
BS Vestfjarða	804	208	1.012	622	61,46%
BS Stradamanna	52	13	65	65	100,00%
BS V-Hún.	710	235	945	598	63,28%
BS A-Hún.	949	216	1.165	1.018	87,38%
BS Skagafjarðar	2.588	553	3.141	2.262	72,02%
BS Eyjafjarðar	4.887	1.303	6.190	4.990	80,61%
BS S-Þing.	1.614	418	2.032	1.491	73,38%
BS Austurlands	1.132	303	1.435	1.067	74,36%
BS A-Skaft.	498	110	608	503	82,73%
BS Suðurlands	9.972	2.513	12.485	10.305	82,54%
Landið	27.448	6.857	34.305	26.879	78,35%


ekki í sameiginlegu kynbótastarfi, nema þá að litlu leyti. Við höfum því enn möguleika á að gera betur í ræktuninni.

Skemmtilegt er að brjóta þetta niður og tafla 1 hér að neðan sýnir árangur sæðinga eftir svæðum. Tekin eru þrjú ár sem eiga að vera fyllilega sambærileg. Þegar lítið er yfir tölur hefur árangur á Vesturlandi nokkuð haldið sér en árangur á Norðurlandi fellur heldur nema í S-Þingeyjarsýslu. Áberandi fall er í A-Húnavatnssýslu miðað við tvö fyrri ár, en þá var metinn árangur þar mjög góður. Suðurland og þá sérstaklega V-Skaftafellssýsla og Rangárvallasýsla hafa fallið verulega milli ára en Árnessýsla minna. heldur fallið á meðan hann hefur batnað í Eyjafirði og í Skagafirði og einnig á Suðurlandi. Gaman væri að vita ástæðu þessa munar og ganga í að lagfæra hann en væntanlega eru þarna margir samliggjandi þættir s.s. heygæði, veðurfar, sæðisgæði og mannsins verk sem ráða.



2013	Fjöldi Kúa	Fjöldi Kvíga	Samtals	2013 1.sæðing	Hlutfall sætt
Búnaðarsamband (BS)					
BS Kjalnesinga	547	124	671	333	49,63%
BS Borg/Snæ	2.992	645	3.785	3.006	79,42%
BS Dalamanna	439	129	568	509	89,61%
BS Vestfjarða	661	194	855	635	74,27%
BS Stradamanna	55	16	71	59	83,10%
BS V-Hún.	683	153	836	615	73,56%
BS A-Hún.	936	153	1.089	955	87,70%
BS Skagafjarðar	2.458	678	3.136	2.262	72,13%
BS Eyjafjarðar	4.569	1.262	5.831	4.789	82,13%
BS S-Þing.	1.643	398	2.041	1.474	72,22%
BS Austurlands	1.123	239	1.362	989	72,61%
BS A-Skaft.	435	81	516	477	92,44%
BS Suðurlands	9.938	2.703	12.641	10.407	82,33%
Landið	26.479	6.775	33.402	26.510	79,37%

2012	Fjöldi Kúa	Fjöldi Kvíga	Samtals	2012 1.sæðing	Hlutfall sætt
Búnaðarsamband (BS)					
BS Kjalnesinga	512	114	626	302	48,24%
BS Borg/Snæ	3.137	648	3.785	2.977	78,65%
BS Dalamanna	451	81	532	460	86,47%
BS Vestfjarða	791	182	973	600	61,66%
BS Stradamanna	60	8	68	68	100,00%
BS V-Hún.	670	147	817	546	66,83%
BS A-Hún.	948	191	1.139	1.016	89,20%
BS Skagafjarðar	2.531	629	3.160	2.186	69,18%
BS Eyjafjarðar	4.831	1.305	6.136	4.839	78,86%
BS S-Þing.	1.609	426	2.035	1.499	73,66%
BS Austurlands	1.111	271	1.382	1.001	72,43%
BS A-Skaft.	472	84	556	414	74,46%
BS Suðurlands	10.177	2.451	12.628	10.007	79,24%
Landið	27.300	6.537	33.837	25.915	76,59%



Mynd 1 hér að ofan sýnir metinn árangur sæðinga áráanna 1999 til 2013. Metinn árangur þýðir að kýrin/kvígan kom ekki til endursæðingar innan 56 daga frá sæðingu. Þessi samanburður sýnir að metið fanghlutfall hefur

heldur lækkað undanfarin ár og má hluta þess rekja til betri skráningar með tilkomu Huppu. Árið 2011 er ástæðan sú að þá fóru í umferð ungnaut með mjög lágt fanghlutfall. Erfitt var í venjulegri greiningu að sjá

það fyrir og því fór sem fór. Ástæðu þess að fanghlutfall árið 2013 fellur er sú að illa hélt við ákveðnum reyndum nautum. Þau naut voru mikið notuð og hafa því mikil áhrif á metna fanghlutfallið.

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Hreyfing til heilsubótar

Maður opnar varla blað eða hlustar á útlarp án þess að sjá eða heyra tal um bættan lífsstíl og betri heilsu. Oftast er verið að tala um hreyfingarleysi og rangt mataræði, en bæði þessi atriði eru stór þáttur í hækkanði kjörþyngd Íslendinga. Samkvæmt rannsóknum eru Íslendingar alltaf örlítið að þyngjast umfram kjörþyngd ár frá ári.

Eina ráðið til viðsnúnings á þessu heilsufarsvandamáli er meiri hreyfing og hollara mataræði, en það er ekki nóg að hugsa um þetta, það þarf að vinna í málinu. Persónulega tel ég að þessi yfirþyngd Íslendinga orsakist af því hvað tæknin er orðin mikil. Alltaf er verið að finna upp tæki og tól til að létta mönnum störf og eftir sitjum við á allt of stórum sitjanda sökum hreyfingarleysis sem síðar fer út í leti og jafnvel enn alvarlegri afleiðingar.

Áramótaheit margra verður að engu

Um hver áramót heita margir sér

því að gera betur á komandi ári á ýmsum sviðum. Í fyrsta pistli mínum hér eftir áramót var ég að hvetja lesendur til þess að fara til læknis þótt það væri ekki nema rétt til þess að kanna ástand skrokkans. Ég er búinn að fara í skoðun og mér til furðu var ég í betra standi en ég bjóst við.

Í lækni skoðuninni spurði ég heimilislækninn minn hvað hún ráðlegði mönnum eins og mér að gera mér til heilsubótar. Svarið var: „Hættu þessum pípureykingum og besta leiðin til betri heilsu er, reglulegur svefn, rétt mataræði, hreyfing og gleði.“

Ganga er besta líkamsræktin

Reykingar: Það er margsannað að reykingar eru óhollar, sama hversu lítið reykingamaðurinn reykir. Svefn:

Reglulegur svefn er öllum nauðsynlegur og smá lúr á miðjum degi skerpir hugsun og orku.

Matur: Næring þarf að vera holl, en það sem flestir þurfa að gera

er að minnka sykurneyslu, salt og brauð.

Eflaust er ofantalið eitthvað sem allir geta séð sig gera. Hreyfing: Þegar læknar eru spurðir hvaða líkamsrækt sé best og hollust verður oftast svarið góðir og langir göngutúrar.

Að ganga daglega í tvo til þrjá kílómetra er sennilega besta líkamsrækt sem völ er á. Gleði: Gleði hvers og eins getur verið mismunandi, en gerðu oftast þá sem þér finnst skemmtilegast, fótþótti, skíði og golf er allt góð hreyfing, bara að klæða sig rétt og koma sér í gleðina því að leikur á sér engin aldursmörk.

Fyrirmyndarsnjóbrettamaður með forvarnarnar í lagi.

Hjörtur L. Jónsson

liklegur@internet.is



Lesendabás

Þjóðin vill halda sínum landbúnaði

Ég hef hugsað mér að skrifa nokkrar greinar um landbúnað og velta fyrir mér búrekstri séðum með augum viðskiptafræðings. Ég hef starfað í landbúnaði en mín reynsla er mestmegnis í bönkum, við fjármögnun og endurskipulagningu fyrirtækja, og síðar í fyrirtækjarekstri.

Í öllum rekstri geta menn misst sjónar á því sem skiptir máli og á það ekki síður við um bændur en aðra. Rekstur búa er ekkert annað en fyrirtækjarekstur. Skilin milli heimilis og vinnu verða lítil þegar maður býr á vinnustaðnum og er þannig hætta á að maður verði samdauna vinnustaðnum og gangi til verka af vana án þess að vera gagnrýnnir á eigin verk og leita betri leiða.

Fyrirtæki sem ná árangri eru í grunninn mjög lík. Þau hafa sérþekkingu, markaðsstöðu þannig að önnur fyrirtæki eiga erfitt með að ná sömu stöðu og eru með stjórnendur sem hafa mikinn vilja til að auka þekkingu sína og eru opnir fyrir breytingum. Með því að vera sífellt tilbúin að breyta ná fyrirtækin alltaf að vera á undan samkeppnisaðilum. Bændur eru reyndar ekki í beinni samkeppni hver við annan, en bændur þurfa sífellt að huga að hagræðingu á búum sínum.

Fólk er vanafast í eðli sínu og því dettum við alltaf í þann gir að gera hlutina eins og það er vant. Sá eiginleiki að bæta við þekkingu og læra og leita nýrra leiða er hugsunarháttur sem fólk í rekstri þarf að temja sér. Við þurfum að tileinka okkur að skoða nýjar leiðir og meta hvort þær geti hjálpað okkur að ná betri árangri.

Hvernig ná fyrirtæki árangri?

Eitt af fyrstu merkjum þess að fyrirtæki séu að gefa eftir er stöðnun í þróun þeirra. Þau hætta að vilja stækka eða þróast, enginn vilji er til að breyta, hlutirnir gerðir af vana án þess að velta fyrir sér hvort hægt sé að gera betur.

Ég starfaði í banka og þurfti oft að aðstoða félög sem áttu í erfiðleikum. Oft mátti lesa úr ársreikningum þeirra að gjaldþrotið átti sér langan aðdraganda, oftast nær 3-5 ár. Stjórnendur orðnir staðnaðir, vildu ekki skilja að rekstrarumhverfið var að breytast. Þetta vandamál er til staðar hjá bændum eins og öðrum rekstraraðilum.

Þessi hætta er mun meiri í landbúnaði af því að bændur hafa færri snertifleti við viðskiptavinina



Jón Þór Helgason

en flestar aðrar stéttir. Þeir sem kaupa afurðir bænda eru afurðastöðvar. Þær þurfa að aðlaga framleiðslu bænda að markaðinum. Bóndinn þarf ekki að hugsa um þjónustu eða markaðssetningu en vissulega eru það gæðin sem skipta hann miklu máli. Fyrirtæki sem hafa marga snertifleti við viðskiptavinina eiga frekar möguleika á að breyta verði og aðlaga sig að breyttum aðstæðum. Bændur geta þetta ekki. Bændur geta bara reynt að hafa stjórn á kostnaði við búið og afköstum þess.

Bændur finna seint fyrir breytingum á neytendamarkaði, þar sem afurðastöðvarnar eru á milli þeirra og neytenda. Því berast boð um breytingar seint. Gott dæmi um þetta er aukningin á kvótanum síðastliðið haust. Hefðu bændur haft beint samband við markaðinn hefðu sennilega fleiri tekið sig til en gerðu og framleitt meira en kvótinn bauð upp á, í von um að fá fullt verð fyrir „umframframleiðsluna“. Að fá fullt afurðastöðvaverð er afar gott verð fyrir þann sem búinn er að fylla kvótann vegna þess að fasti kostnaðurinn breytist ekkert þó framleitt sé meira. Ég mun síðar fjalla um framleiðslukostnað og kostnaðarútreikninga.

Að mínu mati ættu afurðastöðvar í mjólkuriðnaði að birta áætlun um mjólkurkaup tvö ár fram í tímann. Bændur geta þá gert betri áætlanir um framleiðslu og miðað framleiðsluna betur við sinn kostnað. Afurðastöðvarnar tapa líka ef framleiðslan er ekki næg. Áhætta afurðastöðva af því að festa magn hráefniskaupa af bændum til tveggja ára er því ekki mikil miðað við þá

hagræðingu sem skapast af auknu rekstraröryggi bæði afurðastöðva og bænda.

Undanfarinn áratug hafa bændur getað gengið út frá því að kvóti muni sífellt hækka í verði og þannig hægt að réttlæta kvótakaup með eignaaukningu. Skýr merki eru um að þetta sé að breytast. Landbúnaðarráðherra hefur talað um að nú sé kominn tími til að breyta landbúnaðarkerfinu, verð á kvóta er orðið svo hátt að það tekur orðið 7 ár að greiða niður kvótakaupin með tekjum af beingreiðslum. Þar að auki virðist eftirspurn eftir mjólk vaxa það hratt að það stefnir í að bændur fái fullt afurðastöðvaverð án beingreiðslna. Ávinningur af kvótakaupum er einungis beingreiðslur. Hér áður gátu bændur með kvótakaupum fengið fullt afurðastöðvarverð sem þeir fengu ella ekki.

Hverju þurfa bændur að breyta?

Bændur þurfa almennt að bæta sig í að meta rekstur búa sinna. Mín tilfinning er að tölfraði bænda um eigin rekstur sé ekki góð. Bændur fylgjast vel með hvað meðalkýrin gefur af sér og hvað kemur mikið kjöt af hverjum grip. Sömuleiðis er fylgst vel með gæðum. En þeir velta minna fyrir sér hvað er kostað til við að búa til hvern mjólkurlíttra, hvað kostar hver heyrúlla/fóðureining og líka hvað mikið verður eftir í hagnað eftir árið og hvað er borgað mikið í skatta. Skattgreiðslur er góður mælikvarði á heilbrigði rekstrar, því að ef greiddir eru skattar þá er hagnaður. En enginn þessara mælikvarða er fullkominn því aðstæður hjá bændum eru svo misjafnar að ekki er hægt að nota einn algildan mælikvarða.

Að undanförmu hef ég verið að skoða búrekstur og meta arðsemi búa til að finna leiðir til að hagræða í rekstri búa. Einnig er ég að skoða hvað sé betur hægt að gera í reksti og aðstoða bændur í fjárfestingum. Þessar greinar sem birtast í Bændablaðinu á næstunni eru hluti af því að kynna það sem ég er að gera og um leið að stuðla að umræðu um búrekstur eins og um væri að ræða fyrirtækjarekstur. Með betri greiningu á kostnaði í rekstri og að nýta upplýsingar úr bókhaldi er hægt að ná betri árangri í öllum rekstri.

Þessar greinar munu einnig fara inn á bloggsíðuna <http://burekstur.blog.is/> þar sem ég hvet ykkur til að tjá ykkur um þessar hugrenningar mínar.

Jón Þór Helgason

MICKEY THOMPSON
PERFORMANCE
M/T
TIRES & WHEELS

JEPPADEKK

Söluaðilar: Öll helstu dekkjaverkstæðin á landinu
Umboðsaðili: Ictrack ehf. Sími 773 4334
mtdekk.is

Bændablaðið
Smáauglýsingar
56-30-300
Hafa áhrif
um land allt!

VERKFAERA
Salan

18V. höggborvél
Nothing but HEAVY DUTY.
M18 BPD-302
Nett höggborvél
Átak 60Nm.
Rafhl. 2x3,0Ah.
Taska og hleðslutæki
MW 4933 4471 20

18V. Ofursett með 6 verkfærum
M18PP6D-402B
Höggborvél:
13mm. 60Nm.
Skrúfvél:
Sext. 180Nm.
Hjólsög:
55mm sögun
Sverðsög:
25mm hreyfing
Stingsög:
25mm hreyfing
Ljós LED 160lm.
2x4,0 Ah Rafhlöður
Hleðslutæki 80 mín.
Verkfærataska.
MW 4933 4474 00

Síðumúla 11 - Reykjavík
Sími 568-6899.
Takmarkað magn á tilboðinu.
Heimasíða: www.vfs.is

Kverneland
-því hvert korn telur

Ryðfrír dreifibúnaður
FRUM - www.frum.is
Kverneland Accord áburðardreifarar
Tveggja skífu 1400 lítra
Sjálfstæð vökvaopnun á hvorri skífu
Jaðardreifibúnaður einfaldur í notkun
Íslenskar leiðbeiningar

VÉLFANG
Auðstilltur og nákvæmur
Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • velfang@velfang.is

Vélabásinn

Hjörtur L. Jónsson

líklegur@internet.is



Sjö manna Peugeot 5008:

Þægilegur fjölskyldubíll fyrir stórfjölskyldur

Peugeot hefur á undanförunum árum sannað sig í framleiðslu á litlum, endingargóðum og sparneytnum bílum meðal smærri fólksbíla. Fyrir skemmstu frumsýndi Bernhard nýjustu árgerðina af Peugeot. Margar stærðir og gerðir voru á frumsýningunni, en mér lék forvitni á að prófa Peugeot 5008, sem er stór sjö manna bíll sem á að henta vel sem fjölskyldubíll (og eflaust sem leigubíll). Bíllinn sem ég valdi til prufuaksturs var með 1,6 lítra dísilvél, á að skila 114 hestöflum, sjálfskiptur (með rafmagnsskiptingu), á að eyða 4,8 lítrum af dísil í blönduðum akstri miðað við bestu aðstæður.

Útsýni fram fyrir bílinn framúrskarandi

Það var ekki laust við að mér yrði hugsað til textabrots með Bítlavinafélaginu um Auðbjörn, tvítuga töffarann á bílnum sínum með topplúguna, en þó svo að engin væri topplúgan á þessum bíl er gluggi eftir nánast öllu þakinu og mætti halda að bíllinn væri sérhannaður fyrir norðurljósaferðir á íslenskum vetrarkvöldum (sem gæti hentað vel fyrir leigubílstjóra næsta vetur). Ekki er bara útsýnið gott upp á við heldur er einstaklega gott útsýni fram fyrir bílinn, en þó skyggði baksýnisspeglillinn aðeins á og stal örlítið ánægjunni. Hins vegar voru baksýnisspeglarnir tveir, en efri spegillinn er meira til að fylgjast með farþegunum fimm fyrir aftan ökumanninn.

Hægt að skipta rafmagnssjálfskiptingunni á þrjá mismunandi vegu

Ég er svo sérlunda að ég vil hafa mína bíla beinskipta, en því er ekki að neita að það er þægilegt að keyra sjálfskipta bíla. Það eru ekki margar bílategundir sem bjóða upp á rafmagnssjálfskiptingar, hvað þá í smærri bílum eins og þessum (mun algengara í stærri bílum eins og sendibílum og vörubílum). Að keyra með svona skiptingu er ekki ósvipað og að maður ímyndi sér að vera á beinskiptum bíl og að einhver annar skipti um gír fyrir ökumanninn. Hægt er að keyra bílinn eins og venjulegan sjálfskiptan bíl. Svo er hægt að skipta um gír í stýrinu, hægra megin er upp og vinstra megin niður. Síðan er hægt að færa gírstöngina að sér um eitt pall og þá er aftur upp um gír og fram niður um gír.

Öftustu tvö sætin ekki fyrir mjög stóra og „skjólgóða“

Þó að bíllinn sé skráður sjö manna eru öftustu tvö sætin varla fyrir fullvaxna Íslendinga, en að ferðast í bílnum með þrjá í miðsætunum er vel rúmt um þá og mikið rými fyrir farangur aftast séu öftustu sætin niðri. Eldri sonur minn, sem er töluvert stærri en ég, settist aftur í bílinn og dásamaði plássíð sem var þar, olnbogarármi gott, hátt til lofta, en þó sérstaklega borðið sem hann gat sett niður og sagði þetta vera sérhannað fyrir að taka með sér fartölvuna í bíltúr.

Veghljóð í fjöðrun óþægilega mikið

Að keyra bílinn á malarvegi var svolítið sérstakt, þegar keyrt var í litlar holur og ójöfnur heyrðist svolítið veghljóð á stystu og minnstu fjöðruninni, en ef holurnar voru stærri heyrðist minna á




Peugeot 5008.

Myndir / HLJ



Mikið pláss í miðjusætunum og borðið hentar vel fyrir fartölvu.

Peugeot 5008 1,6 dísil HDi 114 hestöfl	4.590.000 kr.
Lengd:	4.529 mm
Hæð:	1.639 mm
Breidd:	1.837 mm



Þegar bílnum er læst falla hliðarspeglarnir að honum.



Stórir og góðir hliðarspeglar.



Óvenjugott er að komast að við ljósaperuskipti.



Baksýnisspeglarnir tveir mættu vera aðeins ofar til að fá enn betra útsýni.

hraðanum á milli fjörutíu og fimmtíu. Ef hins vegar var snúið við og sami vegkaflí var ekin aftur og þá hraðar á milli 70 og 80 km heyrðist enn minna veghljóð og fannst mér við þessa litlu prófun betra að keyra hratt á holóttum malarvegi fremur en að fara varlega

og greinilegt að fjöðrunin er hönnuð fyrir hraða því veggrip virtist bara batna við hraðari akstur.

Ótrúlega gott aðgengi að vél

Franskir bílar hafa haft það orð á sér að vont sé að komast að öllu

í vélinni og helst þyrfti að vera verkfræðingur með barnsmáar hendur til að skipta um perur í þeim. Í þessum bíl virðist aðgengi að vélinni vera mjög gott og að skipta um peru virðist lítið mál í þessum bíl jafnvel fyrir klunna hendur eins og mínar. Alls ók ég bílnum tæpa

200 kílómetra og í mælingu sem ég gerði á eyðslu á síðustu 108 km var bíllinn að eyða 6,4 lítrum af dísil á hundraðið á meðalhraða upp á 45 km á klukkustund. Hægt er að fræðast meira um Peugeot á vandaðri heimasíðu á slóðinni www.peugeot.is.

Lesendabás



Horft út Eyjafjörð frá Hótel Natur og gömul landbúnaðartæki til sýnis. Mynd/HKr.

Á Ferðapjónusta bænda fram tíð fyrir sér?

Við lifum nú miklar breytingar á atvinnuháttum landsmanna. Í kjölfar velheppnaðs markaðsstarfs og utanaðkomandi áhrifa hefur vöxtur í ferðapjónustu verið með nokkrum ólíkindum síðustu ár. Ekki einasta hefur gestum sem sækja landið heim fjölgað verulega frá ári til árs heldur er að takast að jafna árstíðasveiflu umtalsvert. Enn sem komið er á það einkum við um suðvestur hluta landsins en breytingar í þessa átt eru einnig umtalsverðar annars staðar. Fátt bendir til annars en þessi þróun haldi áfram.

Það að ferðapjónustan hefur vaxið frá því að vera þriðja stærsta greinin, hvað varðar öflun gjaldeyris, fyrir fimm til tíu árum í það að vera stærsta greinin á síðasta ári bendir ekki til annars en innan 10 ára verði hún langstærsta gjaldeyrissskapandi atvinnugrein landsmanna. Vaxandi fjöldi heilsársstarfa í ferðapjónustu á landsbyggðinni mun styrkja mjög mannlíf og treysta byggð.

Var stofnun hlutafélagsins mistök?

Fyrir rúmum fjörutíu árum var Ferðapjónusta bænda stofnuð. Félagsskapurinn mótaðist á næstu árum líkt og greinin sjálf, menn voru að læra og urðu að aðlaga starfsemina breyttum tímum hverju sinni.

Vafalaust var ekki allt rétt gert en engin ástæða til að efast um góðan hug stjórnar og starfsmanna hverju sinni. 1990 var tekin ákvörðun um að gera rekstur söluskrifstofunnar að sérstöku hlutafélagi (FB hf) í eigu einstakra ferðapjónustubænda, lykilstarfsmanna og Félags ferðapjónustubænda (FFB) sem stofnað var tíu árum fyrr sem hreint hagsmunafélag sbr. önnur búgreinafélög. Í stað þess að virkir ferðapjónustubændur væru aðaleigendur hlutafjár í félaginu hefur reyndin orðið sú að drjúgur hluti hlutabréfa félagsins er nú í eigu fyrrverandi starfsmanna og fyrrverandi ferðapjónustubænda og stærstur hluti virkra ferðapjónustubænda er utan hluthafahópsins. Lög um hlutafélög gera einfaldlega ekki ráð fyrir að hægt sé að ná þeim markmiðum sem að var stefnt í upphafi, þ.e. um dreifða aðild virkra ferðapjónustubænda, með þessu félagsformi. Til þess hentar samvinnufélagsformið fullkomlega en það var víst að detta úr tísku þegar



Hótel Natur á Þórisstöðum í Eyjafirði.

ráðist var í þessar breytingar fyrir 15-20 árum.

Við stöndum því frammi fyrir þeirri óyndis staðreynd að tugir og sennilega hundruð milljóna hafa safnast í eigið fé hlutafélagsins um rekstur skrifstofunnar. Arður af þessu fé rennur að minnstum hluta í vasa virkra ferðapjónustubænda þó tilkoma arðsins sé væntanlega að mestu leyti tilkomin með því að hafa sem mesta mun milli innkeyptrar og útseldrar vöru þ.e. gistinátta ferðapjónustubænda.

Lengi hefur verið rekinn áróður fyrir því að þetta sé allt gott og blessað vegna þess að Félag ferðapjónustubænda, og þar með allir virkir ferðapjónustubændur, eigi allt að þriðjung hlut í rekstrarfélaginu og fái þannig þriðjung arðsins. Þó ég kysi sjálfur að þessum arði væri ráðstafað til baka til ferðapjónustubænda í hlutfalli við viðskipti (eins og auðvelt væri að gera í samvinnufélagi) þá má færa rök fyrir því að æskilegt geti verið að verja sameiginlegu fé til styrktar starfseminni. Það hefur vissulega verið gert með margvíslegum hætti en þó eru allar fasteignir, og ekki síst Gistibókin sem er bókunarforrit sem margir ferðapjónustubændur nota, alfarið í eigu skrifstofunnar. FFB á hins vegar vörumerkið.

Breyttir tímar kalla á breytingar

Mörkin milli FFB og FB hf varðandi þátttöku í markaðsstarfi hafa löngum verið fremur óljós. En í ljósi þess að eigið fé hlutafélagsins hefur vaxið verulega á síðustu árum og svo þess að ekki verður séð að fjöldi seldra gistinátta í gegnum skrifstofu FB hf hafi aukist í neinu samræmi við aukningu ferðamanna undanfarin misseri, vaknar spurningin um tilgang og gildi félagsskapar ferðapjónustubænda.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að bókanir einstaklinga hafa í mjög auknum mæli færst inn á bókunarsíður á netinu. Fáar heimspekktar síður virðast ráðandi á þessum markaði og e.t.v. þess vegna hefur vefsala FB hf reynst nær algjörlega misheppnuð.

Gera verður ráð fyrir að þróun í bókun gistingar verði áfram með þessum hætti. Því vaknar spurningin hver verði í framtíðinni aðalávinnningur af samstarfi okkar ferðapjónustubænda.

Ég og fleiri höfum talið að afþreying og upplifun gesta af landi og þjóð verði helsta sameiginlega söluvara okkar dreifbýlinga, fremur en sala á gistingu og veitingum, þegar til lengri tíma er litíð. Ég er hins vegar ekki endilega sannfærður um að samvinna ferðapjónustubænda í dreifbýli sé hinni eini og sannri samstarfsgrundvöllur.

Nú þegar hefur fjöldi manna í bæjum og þorpum allt í kringum landið atvinnu af ferðapjónustu og vel má vera að aukin samvinna eftir svæðum eða tegundum afþreyingar vegi þyngra en búseta í dreifbýli ein og sér. En vilji ferðapjónustubændur á annað borð halda samstarfi sínu áfram tel ég einsýnt að breyta verði um áherslur. Ekki einasta tel ég nauðsynlegt að algjörlega verði skilið á milli hlutafélagsins og Félags ferðapjónustubænda heldur verði ferðapjónustubændur að ráða til sín markaðsfólk til að þróa vörur og efla heilsársferðamennsku.

Núverandi stjórnir FFB og FB hf virðast ekki deila þessari framtíðarsýn með mér. Spurningin er hins vegar hvað hinn almenni félagsmaður sér fyrir sér og sættir sig við.

Stefán Tryggvason,
Hótel Natur,
Þórisstöðum, Eyjafirði

Spænsk bardagahænsn!

Datt það í hug er hér kom með póstinum Umburðarbréf til ræktenda landnámshænsna að við ættum ekki að ákveða þetta svo, að hér væru aðeins norræn víkingahænsn.

Á árunum 1965 til 1971 og svo aftur 1980 til 1984 starfaði ég mikið í syðstu hreppum Suður-Múlasýslu og stundum alla leið vestur í Öræfi. Í hverri sveit voru húsfreyjur sem héldu þessi fallegu hænsn sem voru bærjarprýði. Ekki voru hænsnin mörg á bæ, yfirleitt mjög gæf og forvitin en ekki minnir mig til að hafa séð hana með blöðrukamba heldur voru þeir bisperrtir með fallegan stóran kamb og manndrápsspora. Þeir gátu ógnað manni ef maður ætlaði að góma hænu úr hópnum og stundum fékk maður góða sögu um að hanar hefðu hjólað í nágrenni eða hundinn og sumar þar sem þeir hefðu slasað og þá einkum börn.

Á þessum tíma og fyrr var verið að leita að Gullskipinu

svokallaða á söndunum. Þetta voru stórar galleónur á leiðinni frá Suður-Ameríku til Spánar eða Portúgals. Um borð í þessum skipum voru hænsnabú með allt upp í 200 hænur er sáu áhöfninni fyrir nýmeti. Svo má leiða líkur að því að einhver skip hafi farist við suðurströndina og að hænsn af þeim hafi komist í land lifandi og búalið hirt þau sem og annað rekagóss og fært heim á bú sitt. Því tel ég að í þessum fallegu hænsnum okkar sé líklega suður-amerískt bardagahænsnablóð og gaman væri að fá upplýsingar úr genabanka frá S-Ameríku og bera saman.

Af hverju varðveittust þessi hænsn svo vel í Suður-Múlasýslu og A-Skaftafellssýslu? Allavega var það ekki samgönguleysið!

Örn Þorleifsson,
fyrrverandi héraðsráðunatur hjá BSA.
http://www.visindi.is/grein/fornleifafrædingar_i_farsjodsleit



Íbúðarhúsið á Laugabóli í Laugardal við Ísafjarðardjúp fyrr á árum, en þar ólst vísnahöfundur upp.

Hugurinn leitar heim að Laugabóli

Sigríður Aðalsteinsdóttir á Strandseljum við Ísafjarðardjúp sendi Bændablaðinu þessar vísur síðla á síðasta ári.

Sigríður ólst upp á Laugabóli í Laugardal og eru vísurnar frá sjónarhóli hennar á Strandseljum þar sem hún lýsir ævi sinni í hnotskurn. Bændablaðið þakkar henni sendinguna og biður hana velvirðingar á því að ljóðið hafi beðið birtingar svo lengi.



Þessi mynd var tekin af Laugabóli í ágúst 2012. Þar býr Ragna Aðalsteinsdóttir.

Mynd/HKr.

Við mér blasir bærinn minn,
svo hjartur dals í skjóli.
Héðan leitar hugurinn,
heim að Laugabóli.

Örlaganna blær mig bar
burt og vanga strýkur,
En ég veit að sálin sveimar þar,
seinna er ævi lýkur.

Nú á ég hér heima á illviðra strönd,
þar sem æðandi stormurinn þýtur um lönd
Hér leiðir mig almættis algóða hönd,
uns að endingu rofna mín jarðsambönd.

Bændablaðið

Smáauglýsingar 56-30-300

Hafa áhrif um land allt!

Líf og lyst

BÆRINN OKKAR

Svanhildur og Magnús keyptu hluta úr jörðinni Holtsmúla I ásamt öllum húsakosti árið 2008. Þar með rættist langbráður draumur beggja, að eignast sína eigin jörð. Jörðin hafði ekki verið í ábúð í eitt ár, en þar áður stunduðu Sigurður og Lisbeth Sæmundsson þar afar farsæla hrossarækt. Markmiðið er að halda því áfram.

Þýli: Holtsmúli I.

Staðsett í sveit: Neðarlega í gömlu Landsveit, Rangárþingi ytra.

Ábúendur: Þórir Magnús Lárusson og Svanhildur Hall.

Fjölskyldustærð (og gæludýra): Við búum hér með dætrum okkar tveimur, Eddu Margréti 8 ára og Berglinni Maríu 5 ára, bráðum 6! Kisurnar tvær, Ponta og Alda, eru orðnar 9 ára.

Stærð jarðar: Lítill! Um 40 hektarar en vel hýst. Til viðbótar leigjum við um 500 hektara.

Gerð bús: Hrossaræktarbrú.

Fjöldi búfjár og tegundir: Við eigum um 160 hross núna en eigum von á 38 folöldum á næstu vikum og mánuðum.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Eldri dóttirin fer með skólabílnum í Laugalandsskóla og oft fær sú yngri far í leikskólann, nú ellegar skutlar Pabbi. Svo er allt liðið komið klukkan 8 í hesthúsið nema húsmóðirin, en hún er föst við tölvuna eitthvað mislengi




Þeyr frá Holtsmúla.

fram eftir morgni eftir því hversu bókhald og hrossasölumál eru fyrirferðamikil þann daginn. Segja má að tamningar og þjálfun hrossa taki alltaf lungann úr deginum, en ábúendur taka auk þess að sér ýmis störf tengd hestum og hestamennsku svo sem reiðkennslu bæði hér heima og erlendis, dómstörf, ráðgjöf í hrossarækt og fleira. Á vorin og sumrin fer töluverður tími í eftirlit með hryssum sem eru að kasta og stóðhestahald.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin: Húsfrúnni finnst bókhaldið leiðinlegt, sérstaklega þegar það stemmir ekki, en skemmtilegast að þjálfva efnileg hross úr eigin ræktun. Húsbóndanum þykir leiðinlegt að brjóta saman þvottinn en skemmtilegast að ríða út með dætrum sínum.

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir



fimm ár? Fram að þessu höfum við lagt áherslu á að vera með afar fjölbreytt úrval hrossa til sölu, en stefnan er sett á að fækka eitthvað og vinna lengur og meira úr hverjum grip. Á síðasta ári byggðum við reiðhöll, firnagöða vinnuaðstöðu sem gerir þann möguleika gerlegan.

Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda? Við teljum að aukin og betri samvinna forystuafla í hestamennsku myndi skila hestamönnum hraðar áfram í öllu sem verið er að vinna að. Of mikil átök einkenna fundi og samkomur oft á tíðum þar sem menn bítast um viðburði, nám og námsefni, markaði, nefndir og fleira. Það leiðir til þess að hver er í sínu horni að potast og/eða jafnvel finna upp hjólið í stað þess að hugsa sameiginlega fram á veginn um það sem er íslenska hestinum fyrir bestu,

því það mun að sjálfsögðu verða hestamönnum fyrir bestu. Það vantar jákvæðni og traust manna á milli í hestamennskunni og svolitla trú á því að fólk vilji vel.

Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni? Þar sem margt fólk er að vinna margvíslega hluti og mat úr óendanlegum breytileika hráefna úr íslenskum landbúnaði og náttúru erum við bjartsýn á framtíð íslensks landbúnaðar.

Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara? Markhópur íslensks landbúnaðar erlendis er án efa efnameira fólk sem vill eitthvað nýstárlegt, hreint og heilsusamlegt. Þetta eru svona framtíðarorðin höldum við. Ísland passar einkar vel inn í þennan orðaforða.

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Mjólk, ostur, smjör, fetaostur, og grænmeti.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Við værum fljótari að telja upp hvað er ekki vinsælt á þessum bæ, en við eigum alltaf lambakjöt, folaldakjöt og ýsu í kistunni. Marineruð og grilluð folaldasteik er alltaf vinsæl, sér í lagi með nýjum kartöflum og grænmeti.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin: Þegar vindótti stóðhesturinn okkar, hann Þeyr frá Holtsmúla I, fór í glæsilegan kynbótadóm, 8,33 aðeins fimm vetra gamall og náði verðlaunasæti á Landsmóti. Einnig hefur haft mikil áhrif á okkar daglegu störf notkun reiðhallar sem við byggðum í fyrra. Hún hefur algerlega umturnað allri okkar vinnu við þjálfun hrossa til hins betra.



MATARKRÓKURINN — BJARNI GUNNAR KRISTINSSON MATREIÐSLUMEISTARI

Ljúffeng svínaríf og bráðhollt Sesarsalat

Svínaríf í grillsósu er réttur sem óhætt er að leyfa sér endrum og eins. Hráefnið er ódýrt og það er gaman að borða rif í góðra vína hópi með köldum bjór. Fyrir þá sem leggja ekki í rifin er kjörið að útbúa ekta Sesarsalat. Verði ykkur að góðu!

Svínaríf í BBQ-sósu

Fyrir rifin:

- › 4 hreinsuð svínaríf
- › 30 g íslenskt flögusalt
- › ½ tsk. svartur pipar, mulinn
- › 2 tsk. hvítur pipar
- › ½ tsk. cayenne-pipar
- › 1 matskeið sykur
- › ½ msk. hvítlauksduft
- › ½ msk. laukduft
- › Kryddið kjötið með þurrkryddunum

Fyrir BBQ-sósu :

- › ½ msk. sojasósa
- › 1 bolli tómatauk
- › ¼ bolli kjúklingaseyði (vatn og kraftur)
- › ¼ bolli tómatsósa
- › ¼ bolli epla edik
- › 1 kryddaður bjór
- › ½ bolli appelsínusafi
- › ¼ bolli vatn
- › 3 hvítlauksrif, smátt söxuð
- › 1 tsk. chilliduft



- › 1 msk. laukduft
- › 1 msk. salt
- › 1 msk. svartur pipar
- › 2 bollar ljós púðursykur

Blandið saman salti, papriku, sykri, hvítlauk og laukdufti og nuddið jafnt yfir kjötið. Forhitið ofninn í 155 °C. Vefjið svínarífin lauslega með álpappír, látið beinin snúa niður. Eldið rifin að lágmarki í 90 mínútur, snúið á 15 mínútna fresti .
BBQ-sósa: Maukið saman í

blandara; sojasósu, tómatauk, kjúklingaseyði, tómatsósu, ediki, bjór, hvítlauk og appelsínusafa. Kryddið með chili, laukdufti, salti , pipar og púðursykri. Látið krauma í potti í 25 til 30 mínútur. Brúnið rif á grillpönnu eða grillið á útigrilli. Penslið sósu á rifin og bakið áfram í ofni. Penslið tvisvar sinnum á 10 mínútna fresti og brúnið svo undir grilli til að karamella sósunu. Berið fram með hrásalatí.

Sesarsalat

- › 3 hausar íslenskt romane-salat
- › 200 g parmesanostur
- › 2 msk. sérriedik
- › 2 stk. egg, soðin í 4 mín. og kæld
- › 4 stk. útvatnaðar ansjósúr úr dós
- › 4 dl ólífuolía



- › salt og nýmalaður pipar
- › ½ msk. worcestershiresósa
- › Ögn vatn eftir smekk (líka hægt að nota kjúklingasoð eða vatn og kraft)

Takið salatblöðin af stilkunum og hreinsið undir köldu rennandi vatni, þerrið vel og haldið köldu. Rífið parmesanost fínt. Setjið egg, ansjósúr, parmesanost og edik í matvinnsluvél og blandið vel. Látið vélina ganga og hellið ólífuolíu hægt út í, í mjórri bunu. Þynnið með vatni ef þarf. Kryddið til með salti, pipar og worcestershiresósu.

Brauðteningar:

- › 4 sneiðar franskbrauð
- › 50 g smjör
- › 60 g parmesanostur
- › ½ búnt graslaukur



Skerið brauðið í ½ cm teninga. Hitið smjör á pönnu, fleytið froðuna ofan af og steikið brauðbitana gullinbrúna og stökka. Setjið á eldhúspappír og svo aftur á þurra pönnuna. Stráið parmesanosti yfir og hristið pönnuna vel. Setjið smá dressingu á diskana og rífið parmesanost yfir. Setjið 3-4 salatblöð á diskana, smá dressingu aftur yfir, ásamt parmesanosti. Endurtakið þetta tvisvar sinnum. Stráið brauðteningum yfir og skreytið með graslauk. Ekki skemmir að rífa kjúklingaafganga í salatið.

FÓLKID SEM ERFIR LANDID



Klikkað að fara í rússíbana

Bryndís Ýr er 11 ára Grafarvogsbúi sem hlustar á Skálmöld, finnst Hungurleikarnir skemmtilegustu kvikmyndir sem hún hefur séð og gæti vel hugsað sér að verða leikskólakennari eða bóndi.

Nafn: Bryndís Ýr Sigurþórsdóttir.

Aldur: 11 ára.

Stjörnumerki: Vatnsberi.

Búseta: Grafarvogur, Reykjavík.

Skóli: Kelduskóli-Vík.

Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum? Heimilisfræði og leiklist.

Hvert er uppáhaldsdýrið þitt? Hundur.

Uppáhaldsmatur: Lax.

Uppáhaldshljómsveit: Skálmöld.

Uppáhaldskvikmynd: Hungurleikarnir 1 og 2.

Fyrsta minningin mín: Þegar ég kynntist vinkonu minni í leikskóla.

Æfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri? Nei.

Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór? Leikskólakennari eða bóndi.

Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert? Fara í rússíbanann í Flórída.

Hvað er það leiðinlegasta sem þú hefur gert? Keyra lengi í bíl.

Gerðir þú eitthvað sérstakt í sumar? Fór hringinn í kringum Ísland.

PRJÓNAHORNID

Stærð: 4 (8) 12 mánaða

Garn: Lyppa

Blár eða mosagrænn 2 (2) 3 dokkur

Ljósgrár eða gulur 1 dokka allar str.

Grænn eða lillablár 1 dokka allar str.

4 tölur

60 cm hringprjónn no 3,5

Heklunál sem hæfir garni

Bolur

Fitjið upp 105 (112) 119 l með bláa eða mosagræna litnum og pr tvær umf. fram og til baka, garðaprión.

Prjónið áfram garða eins og hér segir:

1 x grænn eða lillablár.

1 x blár eða mosagrænn.

1 x ljósgrár eða gulur.

1 x grænn eða lillablár.

1 x grár eða gulur.



Strákaskott

Prjónabiblían er komin aftur!

GRÉTA SÖRENSEN

Sendum um land allt

www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39

1 x blár eða mosagrænn.

1 x grænn eða lillablár.

2 x blár eða mosagrænn.

Endurtakið þetta alls 4 (5) 6 sinnum. Endið í öllu str á tveimur bláum eða mosagrænum gördum.

Geymið og prjónið ermar.

Ermar

Fitjið upp 31 (33) 35 l og prj. 4 (4,5) 5 cm stroff, 1 sl og 1 br. Að stroffi loknu er aukið út um 8 (8) 8 l og prjónað sama litamunstur og á bolnum. Prjónið alls 4 (5) 6 munstur. Endið á tveimur bláum eða mosagrænum gördum.

Prjónið hina ermina eins.

Berustykk

Takið nú græna eða lillabláa garnið og prjónið21 (28) 30 l, prjónið ermina við og prjónið áfram 53 (56) 59 l, prjónið hina ermina við og að síðustu er umferðin klárum, það ættu að vera 21 (28) 30 l.

Haldið áfram að prjóna litamunstrið en í 9. (10.) 11. garða frá réttunni er áttunda hver lykkja tekin úr þ.e. prj. 6 l prjóna tvær saman. Endurtakið út umf.

Í 18. (20.) 22. garða er fjórða hver l tekin úr þ.e. pr 1 l,* pr 2 saman, pr 2 l*, endurtakið frá * til * út umf.

Í 22. (25.) 28. garða er þriðja hver l tekin úr þ.e. * pr 1 l, pr 2 saman* endurtakið frá * til * út umf.

Endið á bláum garða og fellið af.

Gangið frá endum og saumið ermina saman.

Heklið 3 umf. fastahekl í hvorn boðung og munið að gera ráð fyrir 4 hnappagötum í vinstri boðunginn. Það getur verið fallegra að hekla líka eina umf. fastahekl í kringum hálmálið en það er ekki nauðsynlegt.

Skolið peysuna og leggið til.

Helena Eiríksdóttir

Létt

		5						7
				3		8		6
	3				4		9	
				4	8	6		5
	2	9	6					
2	1		8			3		
	4				2			
						1	5	

Miðlungs

	1	8	7	2		6	9	
			5					7
						1	2	
		3			5			
	5			9				
7		6			8			4
2		9				8		1
3							5	
					3			

Þung

		4	9					6
	9					4		
8					1		7	
9				7		2		
			4	3	8			
		7		6				4
	2		5					9
		3					5	
5					3	1		

Sudoku

Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur frá 1-9 í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línun.

Þrautirnar eru miserfiðar, sú sem er lengst til vinstri er léttust og sú til hægri þyngst en sú í miðjunni þar á milli.



HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla
30-450 lítrar
Umboðsmenn um land allt
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVÖRUR@RAFVÖRUR.IS



ELGO Rafmagnsfjallahjól
Verð kr. 188.900,-
ELGO Grænni fararmáli framtíðar.
ELGO RAFMAGNSFJALLAHJÓLIN VINSKLU TIL AFGREISLU STRAX
SUZUKI UMBODIÐ EHF
SKEIFAN 17 5-565-1725 SUZUKI@SUZUKI.IS SUZUKISPORT.IS

Múlan á Monza í byrjun september
Eigum nokkur sæti laus í vel kryddaða og líflega 10 daga formúluférf um Bayern, Slóveníu og Ítalíu með hápunktinum á F1 keppninni í Monza. Flogið til München 1. sept. Hafið samband í síma 897-3015 eða á jb@isafoldtravel.is og biðjið um ferðalýsingu og verð.



Næsta Bændablað kemur út 16. apríl

Smáauglýsinga-síminn er:

563 0300

Eldri blöð má finna hér á PDF:



Bændablaðið

Smáauglýsingar

Sími: 563 0300 | Netfang: augl@bondi.is | Veffang: www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is

Verð: Textaauglýsing kr. 1.900 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 4.900 texti + mynd.

Skilafrestur: Fyrir kl. 12:00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sendum um land allt. Brimco ehf. Uppl. í síma 894-5111 www.brimco.is Opið frá kl.13.00-16.30.



Kerrur á einum og tveimur öxlum, með og án bremsum, ýmsar útfærslur, breiddir og lengdir. Gæðakerrur – Góð reynsla. Íslensk smíði. Brimco ehf. Flugumýri 8, Mos. Sími 894-5111. Opið 13.00-16.30 - www.brimco.is



Brynningartæki. Úrval af brynningartækjum frá kr.5.900 m. vsk. Brimco ehf. www.brimco.is Flugumýri 8, Mos. Sími 894-5111. Opið kl.13.00-16.30.



Cemtec sænskar skeifur. Frábærar skeifur framleiddar skv.reglum FEIF. Leitun að betri verðum. Afsláttur ef keypt er í magni. Sendum um land allt. Brimco ehf. Flugumýri 8, Mos. Sími 894-5111. Opið frá kl.13.00-16.30 www.brimco.is



Traktorsdrifnar dælar í mörgum útfærslum og stærðum á lager. Sjálfsgandi dælar í mörgum stærðum, fyrir magnðælingu á, vatni, skolpi, sjó, olíu. Háprýstar dælar fyrir vökvun og niðurbrot í haughúsum. Slöngubúnaður með hraðkúplingum, flatar barkar á frábæru verði, 2" – 3" – 4". Allur búnaður fyrir vökvun á ræktunarsvæðum. Haugdælar með vacuum búnaði. Aðrir aflgjafar : rafmagn, bensín / diesel, glussaknúnar (mjög háprýstar). Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur dælum fyrir iðnað og heimili. Gerum einnig við allar dælar.Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Traktorsdrifnar rafstöðvar (Agro-Watt) www.sogaenergyteam.com - Stærðir : 10,8 KW – 72 KW. Stöðvarnar eru með eða án, AVR (spennujafnara). AVR tryggir örugga keyrslu á viðkvæmum rafbúnaði, td. Mjólkurþjónum, tölvubúnaði, nýlegum rafsuðum ofl. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Vökvunarbúnaður fyrir ræktunarsvæði í mörgum útfærslum. Sjálfvirk slöngukefli eða lausar slöngur með kúplingum. Sjálfsgandi traktorsdrifnar dælar. Bensínknúnar dælar með Honda mótorum, allt að 4" díseldrifnar dælar í mörgum stærðum. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Vökvaknúnar vatnsdælar fyrir tankbíla og dráttarvélar. Sjálfsgandi dælar sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig Centrifugal dælar með mikinn þrýsting, allt að 10 BAR. Stuttur afgreiðslutími, hagstætt verð og örugg þjónusta. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Háprýstipvottadælar fyrir allan iðnað. Öflugar og vandaðar dælar á frábæru verði frá Comet, www.comet-spa.com - Aflgjafar; rafmagn, Hondabensín, Yanmardísel, aflúrtak á traktor. Heitt og kalt vatn, mikið vatnsflæði og þrýstingur allt að 500 bar. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Háprýstibúnaður fyrir stíflulosun í skolp og drenörum. Getum útvegað þennan búnað í mörgum útfærslum og styrkleikum. Fyrir rör frá 30 mm upp í 900 mm. Háprýstilöngur allt að 150 metrar á lengd, 3/8" , 1/2" , 5/8" , 3/4" . Bensín / diesel, vatnsflæði allt að:132 L / min @ 3000 Psi. Búnaður á sersmíðuðum vagni með þrýstibremsum eða á stálgrind. Búnaðurinn hentar einnig vel fyrir öflugan háprýstipvott. Vandaður og hentugur búnaður, fyrir sveitafélög og verkta. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Heyrúlluskeri – plast og netskrælari, Cashels heyrúlluskerinn sker rúlluna um leið og hann grípur plastið og netið utanaf rúllunni. Skerinn er mjög sterkbyggður en þannig hannaður að hann er léttari en aðrir sambærilegir skerur. Skerinn er með öflugra tjakka sem eiga auðvelt með að skera í gegnum frosnar rúllur. Sterkur – Öflugur – Léttur. Landstólpi ehf. Uppl. í síma 480-5600.



Til sölu Toyota Hilux x-cab, árg. '94, ekinn 137 þús., 2.4 bensín, 38" breyttur, loftdæla. Vel með farinn bíll. Uppl. í síma 898-8577.



Til sölu hestaábreiður þrjónaðar úr Álafosslopa. Á til tvær þrjónaðar. Er til í að þrjóna eftir pöntun. Uppl. í tölvupósti á kh@rml.is eða í síma 892-5269.



Hornbaðkar m/nuddi til sölu. Lengd 138,5 cm meðfram veggnum, breidd 138,5 cm meðfram veggnum. Dýpt frá horni og yfir baðkarið 146 cm, þvert yfir baðkarið 195 cm. Uppl. í síma 866-0471.



Ýmslegt hergóss til sölu. Army.is er með ýmslegt fyrir bændur, veiðimenn og útivistarfólk, ekki bara gasgrímur! Gott úrval af buxum, yfirhöfum og öðrum fatnaði á góðu verði. Skoðið úrvalið í netverslun okkar á www.army.is



Yndislegir Schäfer-hvolpar (rakkar) til sölu. Hreinræktaðir og ættbókafærðir. Toppmjáðmir og olnbogar. Foreldrar meistarinn Yasko og Kötlu Birta. Tilbúðir til afhendingar. Uppl. í síma 862-5579.



Til sölu MMC L200 2,5, dísel, árg. '04. Turbo dísel 2,5, 5 gíra, 5 manna, 4 dyra, silfurgrár, ekinn 130 þús. km., skoðaður 15. Bíllinn er að norðan og hefur fengið toppviðhald. Verð 1090 þús. Uppl. í síma 617-3706.



Vel með farinn MTD sláttutraktor með 20 HP Briggs & Stratton mótör til sölu, ssk. Verð 200.000. Uppl. í síma 842-3216.



Til sölu 38 fm. sumarhús, sem er 2 svefnherbergi, wc ásamt sturtu, stofu og eldhúsi, einnig geymsla og pallurinn fylgir með. Húsið er staðsett í Þingvallasveit. Uppl. í síma 892-4307, Þórður.



Til sölu JCB lyftari, árg. '98, skotbómulyftari 530/70 nær í 7 metra. Mjög vel með farinn. Verð tilboð. Uppl. í síma 863-5699.



Til sölu rafstöð/rafsuða 13KVA-3 fasa Mosa. Keyrð 2000 tíma. Rafsuðan er biluð. Verð tilboð. Uppl. í síma 863-5699.



Til sölu gámur, L 3m-B 1,5m-H1,9m. Einangraður og skipt í tvo hluta. Verð tilboð. Uppl. í síma 863-5699.



Sekura snjóblásari til sölu. Tveggja snigla, vinnubreidd 2,20 m. Verð 200.000 þús. Uppl. í síma 463-1215.



Fliegl Profi-Combi Baggakló. Verð 285 þ. + vsk.



Fliegl Afrúllari. Verð 530 þ. + vsk.



Fligel TDK 110-88 Pallur er 450x222cm Galvaníseruð grind. Sturtur á þrjá vegu, öll ljós eru á henni til skráningar, breið burðardekk 355/60 R18 16 PR. Verð 2.400.000 + vsk



Fliegl Gigant ASW Push-Off Trailer eru byltingarkendir vagnar fyrir hey og korn. Leiðið tilboða.



Helluhraun 4. Símar 565-4900 og 892-7502 eða á www.rag.is og á Facebook rag import-export



Skemmta til sölu. Þetta atvinnuhúsnæði er til sölu. Það er 294m² að stærð og gott milli loft. Undir því er wc, kaffistofa og geymsla. Stórar innkeyrsludyr eru á gaffli 4,5x5m. Góð vegghæð 6 m. Húsið er fullklárað með rafmagni og hita. Sjón er sögu ríkari. Uppl. í síma 894-3858 eða á bugnir@simnet.is



Til sölu traktorsgrafa, árg. '92, skrásetn.númer EHO-747. Tímamælir sýnir 2076, (sennilega búinn að fara einn hring), nýbúið að skipta um hjörulíðasett að framan, góð dekk að aftan. Lakari að framan, ein hliðarrúða léleg og sprunga í annari hliðarrúðu, vélín er skoðuð og að öðru leiti í ágætis standi. Vélín er staðsett á ísafirði og miðast við afhendingu þar. Ásett verð 1 m. án vsk. Uppl. í síma 862-4430, Sveinn Ingi.



Weckman flatvagnar. Verð kr. 1.985.000,- með vsk. H. Hauksson ehf., Sími 588-1130.



Til sölu Case 695 Super R., árg. '04, 2.400 vst. Nánari uppl á hh@velafl.is eða í síma 575-2400. www.facebook.com/velafl



Til söl Toyota Hiace húsbíll. Mjög vel með farinn bíll, 4x4. Ekinn 191.608. Flott innrétting er í bílnum, tilbúinn í sumarfríð. Verð 1.150 þús. Tilboð óskast. Fyrstur kemur fyrstur fær. Þessi eðalvagn er á Egilsstöðum. Uppl. í sínum 895-6274 og 773-2637 eða á netfangið erna@avis.is



Ferming 2014. Full búð af flottum vörum, frábært fermingartilboð á hnökkum. Skuggi, Glymur, verð áður 120.000,- verð nú 108.000,- 15% afsláttur af fylgihlutum. Knapinn, Hyrnutorgi. Borgarnesi. Uppl. í síma 437-0001 eða á www.knapinn.is



Tveir duglegir til sölu. Skoda Octavia 1800cc. Ek 170þús, árg. '01. Verð 350 þús og Opel Zafira 2000cc. Ek.164 þús., árg. '02. Auka vetrardekk. Nýr rafgeymir og bremsudiskar. Verð 690 þús. Uppl. á halldoreiriks@gmail.com eða í síma 860-2720.



Til sölu Nissan Terrano 3L dísel turbo, árg. '03. Ekinn 185 þ. Mikil endurnýjaður. Nýtt í öllum bremsum. Nýtt í pústi. Nýleg dekk. Nýlegur rafgeymir. Uppl. veitir Helgi Freyr í síma 899-1978.



Til sölu Man 19.291 4X4. Árg.'89. Ekinn 273 þús. Effer 14.100 krani. 3 í glussa 1050kg>10,5m. Pallur sturtur á þrjá vegu. Verð 2200 þ. + vsk. Uppl. veitir Áskell í síma 892-3590 eða á askell@husagerdin.is



Er rafhlaðan dauð? Endurnýjum alla rafhlöðupakka fyrir borvélar, fjarstýringar, ryksugur ofl. ofl. Sjá www.fyriralla.is - Sími 899-1549 eftir kl. 17 og um helgar.



Man TGA 35.430, 8x4 vörubíll árg.'05, ekinn 392 þ km. Góður bíll. Verð 5,8 m. + vsk. Engin skipti. Uppl. í síma 896-2279.



Finlay 393 Turbo, árg.'00, þriggja flokka malarharpa. Aukanet fylgja. Verð 5,3 m. + vsk. Engin skipti. Uppl. í síma 896-2279.



Til sölu Muller alvöru hakkavel, nýuppgerð með fullt af aukahlutum. Uppl. í síma 894-3333.



Til sölu Fendt 716 Vario TMS. Árg.'05. Ekinn 9980 klst. Framfjöldrun, loftpúðafjöldrun á húsi. Ný framdekk, nýleg afturdekk. Fendt ámoksturstæki. Frambeisli, aflúrtak að framan og fleira. Vel með farinn og þjónustaður af Vélfangi. Verð 7.990.000 + vsk. Uppl. í síma 894-1106.



Til afgreiðslu strax: Reck mykjuhræsur með 50 - 60cm. turbo skrúfuspaða fyrir 60 - 200 hö. traktor pto, 540 - 1000. Lágmarkar eldneytiseyðslu í hræringu. Uppl. í sínum 587-6065 og 892-0016.



Á hagstæðu verði: Maschio jarðtætarar 235 - 260 - 285cm. Einnig pinnatætarar 300cm. 9 hjóla dragtengdar rakstravélar 6m, 6-stjörnu lyftutengdar heytætlur 6,5 m. Uppl. í sínum 587-6065 og 892-0016.



Tvö stykki tveggja öxla gámagrindur á fjöðrum. Gott ástand, ný sk. Verð 950 þ. + vsk. per stk. Uppl. í sínum 773-1630 og 895-8873.



Vörukassi með alopun, hitunarbúnaður og álgólf. Mál 7,3x2,49x2,55. Verð 890 þ. + vsk. Uppl. í síma 773-1630.



Mjög góður 20 feta frystigámur verð; 690 þ. + vsk. Uppl. í síma 773-1630.



Snjóttönn Kwik-way. Verð 390 þús. + vsk. Uppl. í síma 773-1630.



Til sölu New Holland TS100. Árg. '99. 100 hö. Vinnust. 6.100. Verð kr. 2.990.000 án vsk. Kraftvélar ehf. – Sími 535-3500 - www.kraftvelar.is



Frábærir gafflar í hirðinguna og önnur störf. Álskaft og plastgreiða nær óbrjótanleg. Léttir og skemmtilegir. Sjá myndband á www.brimco.is . Verð kr.9.885,- m. vsk. Sendum um land allt. Brimco ehf. Flugumýri 8, Mos. Sími 894-5111. Opið frá kl.13.00-16.30.



Weckman sturtuvagnar 11 og 13 tonna til á lager. H. Hauksson ehf., Sími 588-1130.



Til sölu lítið notuð CP SM200 iðnaðarhrærivél með öllum spöðum og krókum. Einstaklega góð vél og selst vegna þess að ég ákvað að hætta að baka og fara að þrjóna í staðinn. Verð 330. Uppl. í síma 699-7230, Fríða.



Til sölu ný fjölnota kerra, hún er 1,5X3m með niðurfellanlegum fram- og afturgaffli, burðardekk á álfelegum. Uppl. í síma 868-6066.



Starrafæla. Bird Gard Super Pro starrafælan er sérstaklega hönnuð til að senda frá sér lágtíðnihljóð. Hljóðin eru sérstaklega hönnuð fyrir Starra og eru það varnarhljóð sem Starrinn sendir frá sér þegar hættu ber að. Einnig eru hljóð frá fuglum sem starrinn hræðist. Á hljóðkortinu eru nokkur mismunandi hljóð til að tryggja að Starrinn venjist þeim ekki og er það handahófskennt hvaða hljóð kemur. Tækið er útbúið þannig að það eru fjórir hággæða hátalarar sem snúa hver í sína átt og er það handahófskennt úr hvaða hátalara hljóðið kemur, þetta gerir það að verkum að það hljómar eins og margir fuglar á stóru svæði séu í vanda. Nokkrar stillingar eru á tækinu og er hægt að stilla til dæmis hljóðstyrk, ákveðnar samsetningar af hljóðum, tíðni á milli virkni og hvenær sólarhrings tækið er virkt. Auðvelt er að setja tækið upp og verndar tækið svæði sem er 182 x 182 metrar. Landstólpi ehf. Sími 480-5600 og Vélavall ehf. Varmahlíð. Sími 453-8888.

16 18 26

Bændablaðið

21% FÓLKS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU LES BÆNDABLAÐIÐ

HEIMILD: PRENTMIÐLAÐÓNNUN CAPACENT. KÖNNUNARTÍMI OKT.-DES. 2013.

BÆNDABLAÐIÐ ER GEFIÐ ÚT Í 31 ÞÚSUND EINTÖKUM Á TVEGGJA VIKNA FRESTI.

HVAR AUGLÝSIR ÞÚ?

SÍMI 563-0300 | BBL.IS



Giant D 254SW liðléttingur, lítillsháttar tjónaður eftir umferðaróhapp. Vélin er ónotuð og fæst á aðeins kr. 2.500.000 án vsk Landstólpi ehf. S 480 5600

Til sölu

Weckman þak-og veggstál Dæmi um verð:0,5 mm. Galv. kr. 1.250 m2 0,6 mm. Galv. kr. 1.550 m2 0,45 mm. Litað. kr. 1.590 m2 afgreiðslufrestur 4-6 vikur H. Hauksson ehf., sími 588-1130.

Fjárhúsmottur - tilboð. Verð kr. 9.900 stk. með vsk. H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.

P4 Rapid beiðslisprófið. P4 rapid er eitt fyrsta beiðslisprófið sem nýtir háþróaða tækni til að greina með mjög nákvæmum hætti beiðsli hjá kúm. Gefur 98% nákvæmni við að greina beiðsli. Greinir misheppnaða sæðingu á 19. – 23. degi. Hindrar að sætt sé á röngum tíma. Hindrar sæðingu ef kýr eru með fangi. Kemur í veg fyrir ranga burðardagsetningu. Auðveldar greiningu á dulbeiðsli. Nauðsynlegt hjálpartæki í básafjósum. Eykur framleiðni í fjósinu. Mjög einfalt í notkun. Lítill tilkostnaður. Landstólpi ehf. Sími: 480-5600. Landstólpi Egilsstöðum. Sími: 471-1901.

Til sölu hitakútur fyrir miðstöðvarkerfi framleiddur 1989, 40 lítra 3 x 6000 wött. Selst ódyrt. Uppl. í sínum 452-2709 og 866-0082.

Frábært fóður fyrir hesta og kindur. Til sölu heilsöltuð síld, 300-400 kg. Saltsíld gefur skepnum bæði fitu og vítamín. Fyrstur kemur fyrst fær. Uppl. í síma 775-7129.

P4 Rapid beiðslisprófið. P4 rapid er eitt fyrsta beiðslisprófið sem nýtir háþróaða tækni til að greina með mjög nákvæmum hætti beiðsli hjá kúm. Gefur 98% nákvæmni við að greina beiðsli. Greinir misheppnaða sæðingu á 19. – 23. degi. Hindrar að sætt sé á röngum tíma. Hindrar sæðingu ef kýr eru með fangi. Kemur í veg fyrir ranga burðardagsetningu. Auðveldar greiningu á dulbeiðsli. Nauðsynlegt hjálpartæki í básafjósum. Eykur framleiðni í fjósinu. Mjög einfalt í notkun. Lítill tilkostnaður. VélaVal ehf. – Varmahlíð. Sími: 453-8888.

Til sölu ný endurbyggð díselvél úr árg. '91 af Econoline, 7,3 lítra. Uppl. í síma 898-8780.

Til sölu Maletti hnífataetari, vinnslubreidd 2,40 m. Þriggja gíra kassi og nýir hnífar. Verðhugmynd kr. 350.000.- ásamt vsk. Staðsettur í Árnessýslu. Uppl. í síma 892-2965.

Í haust verður til sölu SAC tölvumjaltakerfi 2 x 4, árg. '03 ásamt innréttingu úr ryðfriú stáli og tveimur kjarnfóðurbásum. Uppl. í sínum 693-4780 og 693-4783, Birna eða Rúnar.

Erum að flytja inn dálítið af berrótarplöntum af tegundunum Norðmannspin (Abies Nordmanniana) og Glæsipin (Abies Fraseri) til tilrauna við ræktun jólatrjáa. Vinsamlegast hafið samband ef þið eruð áhugasöm um að vera með í innkaupunum. Lágmark 25 stk. af tegund. Selskógar ehf., sími 893-8090 eða á danielth@nett.is

Til sölu ódýrir utanborðsmótorar 7, 15 og 40 hö. Einnig vélsleði Yamaha SXR 700 '00. Verð 275 þús. Einnig 4 m. hraðbátur m. kerru v. 285 þús. Uppl. í síma 662-6818.

Til sölu notaðar keðjur undir vörubíla og rútur, ýmsar stærðir, einfaldar og tvöfaldar. Uppl. í síma 864-6489, Ingi, ingi@boreal.is

Til sölu Alo ámoksturstæki af Zetor 7341 með skóflu. Verð 350 þús. + vsk. Einnig drifskaft af Zetor 7341, árg. '98. Verð 30 þús. + vsk. Til sölu lítið notaðar Heinier fjárklippur með barka. Verð 100 þús. + vsk. Uppl. í síma 779-5314.

Til sölu Musso 2,9 líta turbo dísel, árg. '98. Ekinn 300 þús. Nýskoðaður. Verð 370 þús. Uppl. í síma 847-2730.

Afmælisvika í Knapanum 7.-12. apríl. Við eigum 10 ára afmæli þann 10. apríl. Í tilefni af því bjóðum við upp á 15% afslátt af okkar eigin innflutningi: reiðtygi, járnningarvörur, fatnaður og margt fleira. Ýmis önnur tilboð í gangi ásamt kaffi og kökum á sjálfan afmælisdaginn. Hlökkum til að sjá ykkur. Knapinn, Borgarbraut 58, 310 Borgarnes, Sími 437-0001, www.knapinn.is

Pennasafn til sölu, margir gamlir pennar. Uppl. í síma 865-5535.

Til sölu Sjöbergs hefilbekkur, lítið notaður og Elektra beckum veltisög þriggja hestafla. Einnig þvingur o.fl. Til sýnis í Flugskýlinu á Hellu. Uppl. í síma 698-2660.

Nissan Terrano, árg. '98, nýskoðaður, verð 250 þús. Volvo vörubíll, 4,5 tonn, árg. '87. Verð: 300 þús. Nissan Almera, árg. '98, ný vetrardekk, verð 250 þús. Deutz hertrúkkur 4x4, verð 300 þús. Þarfnast aðhlynningar. Uppl. í síma 865-6560.

Trooper, árg '03, var að koma inn til niðurrífs, ssk., með nýupptekna túrbínu, Webasto forhitari, ýmsir aukahlutir. Ekki tjónabíll. Uppl. í síma 893-7203, Birgir.

Fimm stórefnileg tryppi vel kynjuð. Flott lifandi gjöf. Einnig Krone diskasláttuvél og Krone stjörnumúgavél, báðar bílaðar. Verð 120 þús. saman. Uppl. í síma 865-6560.

Til sölu Massey Feruson 350, árg. '87. Massey Ferguson 165, og vélar til uppgerðar, Massey Ferguson 35X. Massey Ferguson 35, árg '57. Ferguson árg. '49, Ferguson árg. '52 og ýmislegt fleira. Nall baggabindivél, verð 80.000. Uppl. í síma 865-6560.

Sláttuvél Krone AM 243, árg. '97, og snúningsvél Stoll 550Hydro lyftutengd, árg. '01. Báðar vélarnar eru í lagi. Eru á Suðurlandi. Uppl. í síma 868-6706.

Til sölu frambyggður Rússi, árg. '83, með Nissan díselvél, innréttaður sem húsbíll. Uppl. í síma 866-7503.

Til sölu nokkurt magn af plaströrum á góðu verði, stærðir Ø 110, 200, 250 og 300, einnig fittings. Uppl. gefur Júlíus í síma 860-9015.

Yamaha Viking snjósleði óskast, árg. '00 eða yngri. Er einnig að leita eftir iðnaðarhurðum fyrir tvö hurðarop, br 3,50, hæð amk. 3,70. Uppl. í síma 897-1790 eða á myrmani@mi.is

Til sölu Urban U20 kálfafóstra. Uppl. í síma 894-3333.

Suzuki Grand Vitara jeppi til sölu, árg. '00, ek. 220.000. Óskoðaður en vel ökufer. Þarfnast lagfæringar v. olíusmits úr vél. Að öðru leiti fjallhress. Tilboð óskast. Uppl. í síma 822-7805.

Til sölu ryðfrír tvöfaldur vaskur án blöndunartækja á 80 þús. Hobbatt iðnaðarhrærivél á 210 þús. Fuglareitingavél með diskum á 200 þús. og gömul preskivél fyrir laghenta á 550 þús. Uppl. veitir Garðar á gardaruxi@gmail.com og í sínum 004798190251 og 772-8792.

Til sölu Deutz Fahr dragtengd tveggjastjörnu múgavél. Árg. '00. Vinnslubr. 6-6,5m. "Halarófuvel". Rakar í 1 eða 2 múga. Verð 790.000 + vsk. Uppl. í síma 894-1106.

Kuhn Premia 3000 sáðvél, árg. '10, til sölu, með áföstu grasfræboxi. Hægt að sá fleiri en einni frætegund samtímis. Á sama stað óskast til kaups Unia Scan-agro diskaherfi 4 m. breitt. Uppl. í síma 846-1535.

Heyrúllur til sölu; Síðslægja af fullabornum túnum. Uppl. í síma 893-6989.

Viking 1906 Epic fellihýsi, árg. '02, Deutz Fahr rúlluvél, árg. '98, Slam-fjölfætla, góð í varahluti, einnig mótor, gírkassi ofl. dót úr Benz D309. Uppl. í síma 845-1125.

Til sölu rúlluhey. Þurrefni 55%, 0,77 FEm/kg þe. Staðsetning Dalasýsla. Uppl. í sínum 862-0384 og 434-1261 á kvöldin.

Til sölu Komatsu 150 hjólagrafa, árg. '99. Uppl. í síma 892-5642.

Til sölu Massey Ferguson 4270, 110 hestöfl, árg. '00. Ekinn 5200 vst. með Trima 360 moksturstæki. Vökavendigir og einn milligír, hálfslitin dekk, vél í góðu standi. Verð 3,6 m. Uppl. í síma 846-3835.

Til sölu Ursus C-362, ek 1818 vst. Þarfnast aðhlynningar. Kverneland sáningavél. PZ 730 6 stjörnu heyfætla. Á sama stað er einnig til sölu gömul og góð Rekord fjölsmíðavél með ótal fylgihlutum. Staðsett í V-Skaft. Uppl. í síma 822-8618, Óli.

Til sölu ræsisrör úr plasti. Innanmál 50 cm. Utanmál 56 cm. Alls 15 m. Uppl. í síma 899-5146.

Óska eftir

Kaupi allar tegundir af vínýlplötum. Borga toppverð. Sérstaklega íslenskar. Vantar 45 snúninga íslenskar. Staðgreiði líka vínýlplötusöfn. Uppl. gefur Óli í síma 822-3710 eða á netfangið olisigur@gmail.com.

Óska eftir 10-20 kg. af þurrkaðri geithvönn. Uppl. í síma 820-0864, Haukur.

Óska eftir að taka á leigu kornakur til gæsaveiða í haust. Helst á Suðurlandi. Uppl. í síma 856-5100 eða á eggert@franca.is

Óska að kaupa frímerkt umslög og frímerkjaafklippur, eldri íslenska peningaseðla og íslensk póstkort, óska sérstaklega eftir gömlum íslenskum póstkortum frá 1890-1950, auk ýmissa eldri þjóðlegra muna. Vantar einnig upptrekkta grammófón. Netfang: flatey48@outlook.com. Uppl. í síma 893-0878. Vinsamlega geymið auglýsinguna.

Vantar VICON múgavél, fjögurra hjóla á þrítengið. Má vera illa farin, og MF-130. Má vera með ónýta vél og ryðgaða. Uppl. í síma 896-2348.

Vantar talsvert magn af hálm - verður að vera þurr. Uppl. gefur Ragnar í síma 564-6100.

International DT 15C jarðýta. Óska eftir sveifarás eða mótor í IH 15 C . Uppl. í síma 894-0815. Páll.

Óska eftir að kaupa DeLaval kálfafóstru. Má vera biluð. Uppl. í síma 894-0815, Páll.

Díselmótor óskast. Vantar um 50 hestafla díselvél, td. Deutz FL 4-912 eða sambærilegar aðrar tegundir. Uppl. í síma 899-7522 eða á netfangið bketilsson@gmail.com

Vantar 6 stk. selskinn vel verkuð (ekki sútuð) af kópum eða veturgömlum. Uppl. á bjorneh@simnet.is

Áttu nokkuð smágröfu á beltum sem þú ert hættur að nota? Hafðu samband í síma 893-8090, Daniel.

Atvinna

Matreiðslumaður og aðstoðarfólk í eldhúsi óskast sem fyrst. Þrastalundur opnar á ný með nýjum eigendum og rekstraraðilum. Því leitum við að matreiðslumanni já eða konu og einnig aðstoðarfólk í eldhúsi til starfa sem fyrst að Þrastalundi í Grímsnes- og Grafningshreppi. Við leitum að einstaklingum sem hafa brennandi áhuga á faginu, eru skipulagðir og drífandi og síðast en ekki síst finnst gaman að vera innan um fólk. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Uppl. veita Guðbjörg í síma 863-1616 og Hólmfríður í síma 897-3553.

Ráðskona óskast í sveit. Einnig óskast vön manneskja í sauðburð. Uppl. í síma 846-4288.

Laghentan mann vantar við ferðapjónustu á Suðurlandi í ýmis störf. Uppl. í síma 894-9249, horgsland.is

Alexandre and Matthieu, 19 ára gamlir franskir nemendur í bændaskóla í vestur-Frakklandi óska eftir starfi á sauðfjárbúi. Frekari uppl. á netfanginu matthieu.manc@hotmail.fr

Paula, 18 ára, frá Þýskalandi óskar eftir starfi á sveitabæ á Íslandi. Er vön hestum. Uppl. á netfanginu paula@schoellknecht.de

Við erum tvær, 22 og 23 ára í ár, sem sækjast eftir sumarstarfi í sveit á tímabilinu 15 maí - 30 ágúst. Við erum færar í öll helstu eldhús-, garðyrkju- og bústörf og erum fljótar að tileinka okkur ný vinnubrögð. Við erum einna helst að leitast eftir vaktafyrirkomulagi (2-2-3 eða vika/vika). Við búum báðar í Reykjavík og því væri gott að vera á Suðurlandi. Frekari uppl. fást hjá tii2@hi.is og á aldis@mannheimar.is

Marokkóskur/spænskur kokkur óskar eftir vinnu við bústörf eða hvaðeina. Talar ensku, frönsku, spænsku og arabísku og vill læra íslensku. Allt kemur til greina. Uppl. á birta@belja.is

Meiraprófsbílstjóri óskar eftir vinnu, vanur keyrslu, vöktun, viðhaldi á bifreiðum, þrifum, flutningum. Má vera vaktavinna. Uppl. í síma 867-6063, Ómar.

Starfskraftur óskast á blandað bú í sumar, reynsla æskileg. Má hefja störf sem fyrst. Uppl. í síma 844-7795.

Bílstjórar óskast! Óskum eftir bílstjórum til starfa í sumar. Rútuþróf skilyrði. Hægt er að sækja um beint á netfangið gt@gtbus.is eða í síma 482-1210.

Jan, líffræði- og landafræðikennari frá Tékklandi óskar eftir starfi á Íslandi, er fjölhæfur og með góða reynslu á ýmsum sviðum. Uppl. á netfangið Jan.Rajcok@seznam.cz

Starfsmann vantar í sauðburð frá 12. til 31. maí. Æskilegt að viðkomandi hafi reynslu af slíku starfi. Uppl. í sínum 862-0384 og 434-1261 á kvöldin.

Raffaella, 17 ára, frá Þýskalandi óskar eftir að starfa á sveitabæ frá ágúst til loka september. Hún hefur reynslu af störfum í sveit og er mikill dýravinur. Hún talar þýsku, ensku og ítölsku. Uppl. á netfangið castiglioneraffaella@gmail.com

Vantar starfsmann á sauðfjárbú á Norðvesturlandi í maí, gæti verið til lengri tíma ef viðkomandi er vanur hestum. Uppl. í síma 846-3835.

Óska eftir starfsfólki í sauðburð frá 1. maí til 1. júní, kannski lengur. Mega vera tveir saman en ekki skilyrði. Nánari uppl. í tölvupósti á bondibondason@gmail.com

Dýrahald

Þriggja mánaða hreinræktaðir Border Collie, loðnir, 3 litir/ljósir hundar undan góða smalanum Dropa frá Hæl og Skottu frá Giljahlíð. Örmekrtir, bólusettir og ormahreinsaðir. Verð 50.000 + vsk. Uppl. í síma 892-3552, Edda.

Húsnæði

Vantar sveitabæ til leigu. Verkefnið Tófrastaðir vantar sveitabæ til að vinna kennsluefni í sjálfbærum landbúnaðaraðferðum. Margna aukði verðgildi jarða með ræktun lands, eiganda að kostnaðarlausu. Sjá á tofrar.is eða í síma 770-0066.

Leiga

Íbúð í Ölfusi til leigu laus nú þegar. Uppl. í síma 692-4003.

Lítið kjallaraherbergi í Vesturbæ Reykjavíkur til leigu, 30 þús. pr. mánuð. Uppl. í síma 699-1221.

Til leigu 180 m2 einbýlishúsh rétt utan við Drangsnæs í Strandasýslu. Húsið er með fimm rúmgóðum svefnherbergjum, stóru eldhúsi og stofu með góðu útsýni. Húsið er laust frá 1. júní 2014. Uppl. gefa Margrét í síma 862-3249, Guðmundur í síma 891-8801 og Loftur í síma 893-4009.

Þjónusta

Bændur - verktakar! Skerum öryggisgler í bíla, báta og vinnuvélar. Sendum hvert á land sem er. Skiptum einnig um rúður í bílum. Vinnum fyrir öll tryggingarfélagin. Margra ára reynsla. BílaGlerið ehf. Bildshöfða 16 110 RVK. Sími 587-6510.

GB Bókhald.Tek að mér að færa bókhalð - skila vsk.skýrslu - geri ársreikninga - geri og skila skattaskýrslu - er með dk+dkBúbót. Gerða Bjarnadóttir. Netfang gbbokhald@gmail.com eða í sínum 431-3336 og 861-3336.

Næsta Bændablað kemur út 16. apríl

KEDJUR OG HNALLAR

Keðja með hnalli

13 hlekkir

Verð kr. 2.015



Velaval

560 Varmahlíð

453 8888 - velaval.is

Jarðvinnslutæki



Eigum fyrirliggjandi á lager plóga, diskaherfi, hnífataetara, pinnataetara og sáðvélar.

b ÞÓR HF

REYKJAVÍK - AKUREYRI

ÞÓR HF | Reykjavík: Krókhálsi 16 | Sími 568-1500 | Akureyri: Lönsbakka | Sími 568-1555 | www.thor.is



Úr Vaglaslógi.

Myndir / MÞP

Aðalfundur Skógfræðingafélags Íslands:

Styður eindregið endurskoðun náttúruverndarlaga

Aðalfundur Skógfræðingafélags Íslands, sem var haldinn á Hótel Selfossi fyrir skömmu, ályktaði um eindreginn stuðning við að ný náttúruverndarlög yrðu tekin til gagnerrar endurskoðunar. Þá samþykkti fundurinn einnig ályktun um að gerð skógræktaráætlana skyldi vera á höndum skógfræðinga einna.

Stjórn félagsins flyst nú til Norðurlands. Nýr formaður var kosinn Bergsveinn Þórsson og aðalmenn með honum í stjórn Brynjar Skúlason og Rakel Jónsdóttir. Varamaður er Guðríður Baldvinsdóttir.

Skógargeirinn býr að langri reynslu

Einar Gunnarsson, umsjónarmaður Landgræðsluskóga hjá Skógræktarfélagi Íslands, lagði fram tillögu að ályktun þar sem segir að Skógfræðingafélag Íslands styðji eindregið tillögu umhverfis- og auðlindamálaráðherra, að taka náttúruverndarlög sem ganga áttu í gildi hinn 1. apríl næstkomandi til gagnerrar endurskoðunar. Félagið vísar til fyrri umsagna sinna og annarra fagaðila í skógrækt um lögin á meðan þau voru til umfjöllunar.

„Félagið lýsir sig reiðubúið til að vinna með stjórnvöldum að bættri löggjöf á sviði skógarmála, náttúru- og umhverfisverndar og bendir á að fyrstu náttúruverndarlögin voru „Lög um skógrækt og varnir gegn uppblæstri lands“ sem samþykkt voru af Alþingi árið 1907. Skógargeirinn býr því að langri reynslu um hvernig virkja má þjóðfélagið til góðra verka,“ segir í tillögunni sem var samþykkt.

Skógfræðingar geri skógræktaráætlanir

Þá var einnig samþykkt á aðalfundinum ályktun sem snertir gerð skógræktaráætlana. Í verkefnum sem njóti opinberra styrkja krefjast skógfræðingar þess að skógfræðimenntað fólk sjái um áætlanagerðina. Ályktuninni fylgir greinargerð og hvort tveggja verður sent umhverfissráðuneytinu og framkvæmdastjórn landshlutaverkefnanna í skógrækt. Fram kemur að aðalfundurinn krefjist þess að sett verði í samninga um ríkisstyrkta skógrækt, í væntanlega reglugerð um Landshlutaverkefnið í skógrækt og í væntanleg ný lög, ákvæði þess efnis að skógfræðingar skuli gera skógræktaráætlanir.

Fram kemur í greinargerð með ályktuninni að forsenda fyrir góðum árangri í nýræktun, meðferð og nýtingu skóga er að ákvarðanir



Í verkefnum sem njóta opinberra styrkja krefjast skógfræðingar þess að skógfræðimenntað fólk sjái um áætlanagerðina.

Mynd / HKR.

séu teknar af fólki með þekkingu á viðfangsefninu. Í tilviki skógræktar er besta tryggingin fyrir því að svo verði sú að skógfræðingar geri skógræktaráætlanir. Með hugtakinu „skógfræðingur“ er átt við einstakling með viðurkennda háskólagráðu í skógræði. Með hugtakinu „skógræktaráætlun“ er átt við áætlunir um nýræktun (ræktunaráætlunir), umhirðu (meðhöndlunaráætlunir), grísjun, fellingu og endurnýjun skóga (nýtingaráætlunir).

Var inni í eldri samningum en sleppt síðar

Í upphafsáætlunum og eldri samningum sumra landshlutaverkefnanna í skógrækt voru ákvæði þess efnis að skógfræðingar skuli gera ræktunaráætlanir. Í

endurskoðun og samræmingu samninganna hefur þessu verið sleppt. Í drögum að reglugerð um Landshlutaverkefnið kemur ekki fram að skógfræðingar skuli gera skógræktaráætlanir. „Þarna er ekki nægilega hugað að faglegum vinnubrögðum um þætti í áætlunum svo sem ákvörðunum um tegundaval, jarðvinnslu, grísjunarmagn og endurnýjun skógarins svo dæmi séu nefnd. Þetta þarf að lagfæra í samningum Landshlutaverkefnanna strax og setja inn í reglugerðina. Þegar kemur að endurskoðun laga þarf svo að lögleiða að skógfræðingar skuli koma að gerð skógræktaráætlana. Jafnframt verði því haldið til haga við endurskoðun skógræktarlaga að lögvernda starfsheitið skógfræðingur,“ segir í greinargerðinni.

/MÞP



Vertu klár í útileguna í sumar

Þessi frábæri Ægis tjaldvagn er til sölu. Smíðaður með skel úr trefjaplasi. Einstakt tækifæri til eð eignast góðan tjaldvagn á finu verði.


Afar sterkbyggður og hentar sérlega vel við íslenskar aðstæður. Skráður á götuna í maí 2009 en hefur ekkert verið notaður síðan 2012

Aukabúnaður fyrir um 290 þúsund fylgir, þ.e. aukagardínur, fortjald, vandaður farangurskassi úr trefjaplasi og yfirbreiðsla. Vagninn er með þjófavörn á beisli og er staðsettur í Reykjavík. - Verð 850.000 (Fullt verð á nýjum vagni með sama búnaði er um 1.580.000).

Upplýsingar í síma 694-9968



Haugsugubarkar
Kraftklemmur



**Vélaval**
560 Varmahlíð
453 8888 - velaval.is

**White-Westinghouse**
- amerísk gæða heimilistæki



12 kg
Þvottavél

- Tekur heitt vatn > sparneytin
- Stórt op > auðvelt að hlaða
- Þvotta og orkuklassi A
- Engin kol í mótör

**RAFVÖRUR**
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

2004 - 2014
10 ára



35%
AFSLÁTTUR
af gleraugum í apríl

**OPTIC**
REYKJAVÍK
SÍJÓNTÆKIAVERSLUN

Hamrahlíð 17
Hús Blindrafélagsins
Sóluskógar.
Sími 552-2002

Bændablaðið
Næsta blað kemur út
16. apríl

Munið að panta
sáðvöruna fyrir
15. apríl

Kynnið ykkur sáðvörulistann
og verð á heimasíðu okkar
www.landstolpi.is

Frí heimkeyrsla
ef pantað er fyrir
15. apríl n.k.
500 kg. eða meira

Söluaðilar
Vélaval - Varmahlíð
Sími: 453 8888
Landstólpi Egilsstöðum
Sími: 471 1901

**LANDSTÓLPI**
Gunnbjarnarholti - 801 Selfoss
480 5600 - landstolpi.is

Það er gaman að bæta hestöflum við afkastagetuna. Við aðstoðum með ánægju.

Það er stór stund þegar þú tekur við nýju atvinnutæki sem stýttir vinnudaginn og eykur afköstin. Og okkur finnst að ánægjan eigi að endast í mörg ár. Þess vegna er það aðalatriðið hjá Ergo að mæta þínum þörfum með faglegri ráðgjöf og framúrskarandi þjónustu þegar kemur að fjármögnun atvinnutækja.

Suðurlandsbraut 14 > sími 440 4400 > www.ergo.is > ergo@ergo.is

ergo 

